

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/2008
komudagur 9.4.2008



Akraneskaupstaður

Umhverfisnefnd Alþingis
c/o Unnur Kr. Sveinbjarnardóttir
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Á fundi bæjarráðs Akraness sem haldinn var þann 3. apríl s.l. var m.a. fjallað um bréf skipulags- og byggingarnefndar, dags. 1.4.2008. Vísun frá bæjarráði Akraness þann 6. mars s.l. þar sem óskað var umsagnar byggingar- og skipulagsnefndar vegna frumvarpa Alþingis. Skipulags- og byggingarnefnd samþykkti greinagerð sem fylgir bréfi þessu.

Það tilkynnist hér með að bæjarráð samþykkti greinargerðina á ofangreindum fundi.

Akranesi, 8. apríl 2008.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Jón P. Pálsson', written over a horizontal line.

Jón Pálmi Pálsson, bæjarráttari.

Meðfylgjandi: Greinagerð skipulags- og byggingarnefndar.

JPP/bg
Skj. 000.2/Ak.44920



2. Frumvarp til mannvirkjalaga

Byggingarstofnun sem sett verður á laggirnar samkv. frumvarpinu hefur þar mikilvægu hlutverki að gegna. Hins vegar hlýtur það að vera mikið álitamál hvort fyrirhuguð stofnun eigi að fá það vald að geta veitt byggingarleyfi eins og kveðið er á um í 8. grein.

Ljós er einnig samkvæmt frumvarpinu að umtalsverður kostnaður mun hljóta af rekstri þessarar nýju stofnunar sem að líkum mun leiða til aukins kostnaðar fyrir byggingaraðila og varar nefndin við því.

Að öðru leiti gerir nefndin gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

3. Breytingar á lögum um brunavarnir X

Nefndin gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Akranesi 31. mars 2008

Bergþór Helgason

Björn Guðmundur

Gunn Steinn

Guðmundur Þorgeirsson

Yagnis Þorunnardóttir



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/1970
komudagur 2.4.2008

Reykjavík 31. mars 2008

Tilvísun: 2008020358

50.03

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

376.

Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um brunavarnir, ~~367~~ mál.

Ríkislögreglustjórinn hefur haft til umsagnar, að beiðni umhverfisnefndar Alþingis, frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunavarnir nr. 75/2000. Umsögnin fer hér á eftir.

Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að lagt sé til að björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum verði eitt af lögbundnum verkefnum slökkviliða.

Ekki er gerð athugasemd við þá breytingu að lögbundið verði sem hlutverk slökkviliða að sinna björgun á þessum sviðum eins og lagt er til í 8. gr. frumvarpsins. Hins vegar varar ríkislögreglustjóri sérstaklega við þeirri breytingu sem gerð er í 11. gr. frumvarpsins á 2. mgr. 16. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 svo sem nánar verður gerð grein fyrir.

Á hefðbundnum slysavettvangi eru í reynd þrjár opinberir aðilar að störfum; lögregla, slökkvilið og sjúkralið en mismunandi er hvaða aðili starfrækir sjúkraflutninga. Af hálfu hvers fyrir sig er stjórnandi á staðnum og við stærri tilfelli og almannavarnaáðgerðir er sett upp sameiginleg vettvangsstjórnstöð og í almannavarnaástandi er virkjuð aðgerðastjórnstöð umdæmisins. Eðli málsins samkvæmt er lögreglan að störfum lengur en slökkvilið og sjúkralið þar sem hún fer með rannsóknir mála.

Við skoðun á hver helstu verkefni lögreglu og slökkviliðs á slysa- og björgunarvettvangi eru, svo sem vegna umferðarslysa, eiturefnaslysa og eldsvoða, er ljóst að ákveðin verkaskipting er til staðar. Verkefnin ráðast af eðli og umfangi atburða, þekkingu, hæfni, reynslu og búnaði hvors um sig. Í stærri aðgerðum er síðan almannavarnaskipulag virkjað. Við störf á slysavettvangi má því í reynd segja að lögregla og slökkvilið hafi hvor sinn stjórnanda. Í því felst að hvor um sig fer með beina verkstjórn eigin liðsafla og stjórn á verkþáttum sem undir hvorn heyrir.

Þau lagaákvæði sem helst varða samvinnu lögreglu og slökkviliða við björgun fólks og eigna eru 2. mgr. 16. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 sem felur slökkviliðsstjóra að fara með stjórn á slökkvistarfi við eldsvoða og á vettvangi við mengunaróhöpp á landi og 3. mgr. 6. gr. lögreglulaga nr. 90/1996. Ákvæði lögreglulaganna felur lögreglustjóra að fara með yfirstjórn leitar og björgunar á landi. Við almannavarnaástand fer lögreglustjóri einnig með yfirstjórn

aðgerða samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laga um almannavarnir nr. 94/1962 með síðari breytingum. Samkvæmt 2. mgr. 132. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 stjórnar Flugmálastjórn leitarstarfi vegna týndra loftfara fram til þess að slyssaður finnst, en þá tekur lögreglustjóri í viðkomandi umdæmi við ábyrgð á vettvangsstjórn.

Samkvæmt 3. mgr. 6. gr. lögreglulaga fara lögreglustjórar með stjórn lögregluliðs, hver í sínu umdæmi. Í ákvæðum lögreglulaga, almannavarnalaga og loftferðarlaga felst ekki að lögreglustjóri fari með beina verkstjórn slökkviliða á vettvangi. Hún er eftir sem áður í höndum slökkviliðsstjóra. Ákvæði brunavarnalaganna stangast hins vegar á við ákvæði lögreglulaga og almannavarnalaga því 2. mgr. 16. gr. um brunavarnir setur lögregluna á vettvangi undir yfirstjórn slökkviliðsstjóra sem hlýtur að teljast óeðlilegt. Samkvæmt lögreglulögum fer lögreglustjóri með stjórn lögregluliðs auk þess sem lögreglan fer með lögregluvald og það getur ekki talist samrýmast lögreglulögum að annað stjórnvald fari með yfirstjórn lögreglunnar á vettvangi.

Núgildandi ákvæði 2. mgr. 16. gr. eru meingölluð þar sem lögreglustjóri er sviptur stjórn lögregluliðs á vettvangi eldsvoða og við mengunaróhöpp á landi. Ákvæðið hefur leitt til togstreitu milli lögreglu og slökkviliðs og þess að mistök hafa orðið við einstök verkefni. Ákvæðið er svohljóðandi:

Slökkviliðsstjóri stjórnar slökkvistarfi við eldsvoða og hefur stjórn á vettvangi við mengunaróhöpp á landi. Við þessi störf er löggæslulið og opinberir eftirlitsaðilar undir yfirstjórn slökkviliðsstjóra. Lögregla sér slökkviliði fyrir greiðum aðgangi að vettvangsstað, stöðvar umferð um nærliggjandi götur, girðir af svæði sem slökkvilið þarf til að gegna störfum sínum, verndar brunarústir sem rannsaka þarf eða bjarga verðmætum úr og varðveitir muni sem bjargað er frá bruna þar til þeir eru afhentir réttum aðila.

Eftir breytinguna mun greinin verða svohljóðandi:

Slökkviliðsstjóri stjórnar slökkvistarfi við eldsvoða og björgun á fastklemmdu fóki úr mannvirkjum og farartækjum. Slökkviliðsstjóri hefur enn fremur stjórn á vettvangi við mengunaróhöpp á landi. Við þessi störf er löggæslulið og opinberir eftirlitsaðilar undir yfirstjórn slökkviliðsstjóra. Lögregla sér slökkviliði fyrir greiðum aðgangi að vettvangsstað, stöðvar umferð um nærliggjandi götur, girðir af svæði sem slökkvilið þarf til að gegna störfum sínum, verndar brunarústir sem rannsaka þarf eða bjarga verðmætum úr og varðveitir muni sem bjargað er frá bruna þar til þeir eru afhentir réttum aðila.

Sú breyting sem þarna er lögð til er algjörlega á skjön við núverandi fyrirkomulag varðandi margvísleg björgunarstörf og þá jákvæðu þróun sem orðið hefur á síðustu árum. Í flestum tilfellum umferðarslysa þarf ekki að klippa fólk úr fastklemmdum farartækjum og björgunarstjórn vegna slasaðra hefur verið á hendi læknis eða sjúkraliðs. Þá hefur ábyrgð á vettvangi verið í höndum lögreglu. Sama gildir á vettvangi flugslysa. Með breytingunni er því verið að færa forræði á margvíslegum slysavettvangi frá lögreglu til slökkviliðs.

Ákvæðið verður reyndar ekki skilið öðru vísi en að slökkviliðsstjóri stjórni á vettvangi í all

flestum tilfellum slysa. Lögregla á vettvangi umferðarslysa, flugslysa, rústabjörgunar o.fl. færir undir stjórn slökkviliðsstjóra. Verður því ekki betur séð en greinin stangist á við ákvæði lögreglulaga, loftferðalaga og almannavarnalaga. Þá er raskað þeirri skipan sem verið hefur að lögreglan kalli björgunarsveitir til aðstoðar við margvísleg verkefni sem hún hefur haft forræði á og áratuga góð reynsla er af varðandi samstarf þessara aðila. Með breytingunni er verið að færa forræði til slökkviliðsstjóra í stað þess að lagfæra nágildandi ákvæði í þá veru að fella út úr lögnum að lögreglan sé undir yfirstjórn slökkviliðsstjóra á brunavettvangi og á vettvangi við mengunaróhöpp á landi.

Ríkislögreglustjóri gerir því tillögu um breytingu á ákvæðum 2. mgr. 16. gr. laga um brunavarnir í þá veru að greinin verði svohljóðandi.


Slökkviliðsstjóri stjórnar björgunar- og slökkvistarfi við eldsvoða og björgunar- og hreinsunarstörfum við mengunaróhöpp á landi. Lögreglustjóri stjórnar lögregluaðgerðum á vettvangi. Lögregla skal tryggja slökkviliði greiðan aðgang að vettvangi, stjórna umferð, loka svæðum sem slökkvilið þarf til að gegna störfum sínum, vernda brunavettvang í þágu rannsóknar máls og varðveita verðmæti sem bjargað er frá bruna þar til þeir eru afhentir réttum aðila.

Með slíkri breytingu er ekki dregið úr hlutverki slökkviliðsstjóra til þess að stýra slökkvistarfi né björgunar og hreinsunarstörfum við mengunaróhöpp á landi heldur komið á þeirri skipan mála að lögreglustjóri fari með stjórn lögreglu á vettvangi en ekki slökkviliðsstjóri.

Ekki er lagst gegn því að björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum verði eitt af lögbundnum verkefnum slökkviliða. Hins vegar er vakin athygli á því að rústabjörgun svo sem vegna afleiðinga jarðskjálfta hefur fram til þessa verið í höndum björgunarsveitanna og á forræði almannavarna.

Sé vilji til að koma á betra skipulagi varðandi samstarf lögreglu og slökkviliða má benda á fyrirkomulag þessara mála í Noregi og Danmörku. Lögreglustjóri fer með samhæfingarstjórn og ábyrgð á heildarvettvangi en slökkviliðsstjóri með tæknilega stjórn björgunar (björgunarstjóri) og ábyrgð á innri slysavettvangi. Slík skipan samsvarar verkþáttaskipulagi almannavarna hérlendis sem hefur reynst vel. Slíkt fyrirkomulag er einnig í gildi varðandi leit og björgun á landi og samstarf lögreglu og björgunarsveita sbr. reglugerð nr. 289/2003.

F.h. RLS


Sigríður Björk Guðjónsdóttir


Jón F. Bjartmarz



Ásahreppur

Laugalandi, 851 Hella · Sími 487 6504 · www.asahreppur.is · asahreppur@asahreppur.is

Alþingi

Erindi nr. P 135/1873

komudagur 26.3.2008

Laugalandi 19. mars 2008

Umhverfisnefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvörp til laga, Skipulagslög, Mannvirki og Brunavarnir.

Á fundi hreppsnefndar Ásahrepps þann 18. mars s.l. var tekið fyrir erindi samgöngunefndar Alþingis, dagsett 126. febrúar 2008, þar sem óskað var eftir umögnum um frumvörp til Skipulagslaga, 374. mál, Mannvirkja, 375 mál og Brunavarna 376 mál.

Hreppsnefndin tekur undir ábendingar Sambands Íslenskra sveitarfélaga varðandi frumvörpin.

Virðingarfyllst

ODDVITI

Eydis P. Indriðadóttir,
oddviti

Skúlagata 21
IS 101 Reykjavík
Iceland

Sími Tel +354 591 6000
Fax +354 591 6001

brunamal@brunamal.is
www.brunamal.is

Alþingi
Umhverfisstofnun Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 09. apríl 2008

Tilvísun 2008020042/0.1/BK/--

Alþingi
Erindi nr. P 135/2118
komudagur 10.4.2008

Efni: Umsögn um 376. mál, Frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunavarnir

Brunamálastofnun gerir að svo stöddu ekki athugasemdir við ofangreint lagafrumvarp.

Virðingarfyllt


Björn Karlsson

Umhverfisnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 135/3111
komudagur 13. 8. 2008

Reykjavík 11. ágúst 2008
Tilvísun 2008070023/0.1/BK/-


Efni: Umsögn um drög að nefndaráliti v/frumvarps til breytinga á lögum um brunavarnir, 376. mál

Vísað er til bréfs umhverfisnefndar, dags. 4 júlí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Brunamálastofnunar um drög að nefndaráliti og breytingartillögum við ofangreint frumvarp. Brunamálastofnun telur að breytingartillögur nefndarinnar séu mjög til bóta en stofnunin gerir þó athugasemd við eitt atriði í áliti nefndarinnar.

Ástæðulaust er að gera breytingar á ákvæðum frumvarpsins um klippuvinnu og er það skoðun Brunamálastofnunar að í 2. gr. frumvarpsins verði orðalagið “björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og faratækjum” óbreytt. Slysavarnafélagið Landsbjörg virðist telja að með því að nota orðið “mannvirkjum” sé gerð atлага að þeim björgunarsveitum sem hafa komið sér upp búnaði til rústabjörgunar. Þetta er hinn mesti misskilningur. Rústabjörgun björgunarsveitanna er fyrirbæri af allt öðrum toga en hér er átt við, en rústabjörgun fer nær einungis fram eftir stórfelldar náttúruhamfarir, þegar lýst er yfir almannavarnaástandi og sérstakur rústabjörgunarbúnaður er notaður ásamt sérþjálfuðum byggingarverkfræðingum og þjálfuðum hundum. Starfsemi björgunarsveitanna á þessu sviði er þeim til mikils sóma og mjög mikilvægur þáttur í forvörnum Íslendinga gegn ýmiskonar náttúruvá.

Slökkviliðin lenda hinsvegar nokkuð oft í verkefnum þar sem bjarga þarf fólki sem fast er í hinu manngerða umhverfi, svo sem þegar maður dettur ofan í kornsíló í Sundahöfn, þjófur festist í loftræstistokki, maður festist í glugga sem hann reynir að skriða inn um, börn detta í brunna og svo mætti lengi telja. Í slíkum neyðartilvikum er ekki kallað í björgunarsveitir með rústabjörgunarútbúnað, sérþjálfaða hunda og byggingarverkfræðinga (enda er viðbragðstími slíkra sveita einhverjir klukkutímar) heldur er kallað á slökkvilið, sem er með nokkurra mínútna viðbragðstíma.

Því er lagt til að texti frumvarpsins verði óbreyttur hvað varðar klippuvinnu (í 2. gr., 8. gr. og 11. gr.), en mikilvægt er að taka út orðin “við rústabjörgun” í athugasemdum við 2. gr. frumvarpsins, þar sem rústabjörgun er allt annað fyrirbæri en sú vinna sem hér er átt við. Jafnvel væri hægt að segja beinum orðum í athugasemdum við 2. gr. að hér sé ekki átt við þá starfsemi björgunarsveitanna sem kallast rústabjörgun.

Virðingarfyllst

Björn Karlsson

Alþingi

Erindi nr. Þ 135/2119

komudagur 10. 4. 2008

EYÞING – Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum –

Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 464-9933; kt. 561192-2199; Netfang eything@eything.is

Akureyri 9. apríl 2008

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá umhverfisnefnd Alþingis **frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunavarnir**, 376. mál, flutningur verkefna Brunamálastofnunar o.fl. Stjórnin samþykkti eftirfarandi:


Frumvarpið má í meginatriðum rekja til frumvarps um mannvirki og felur í meginatriðum í sér eðlilegar breytingar verði frumvarp um mannvirki að lögum.

Í 8. grein frumvarpsins kemur fram nýtt ákvæði um að björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum verði eitt af lögbundnum verkefnum slökkviliða. Stjórnin lýsir yfir ánægju með þetta ákvæði.

Í 7. grein kemur fram að Byggingarstofnun verði heimilt með samningi að fela menntastofnun starfrækslu Brunamálaskólans. Enn fremur að heimilt sé að gera samning við slökkvilið eða aðra fagaðila um framkvæmd einstakra þátta í starfsemi skólans. Mikilvægt er að haft sé í huga að þeir sem sækja nám í Brunamálaskólanum er staðsettir víðsvegar um landið og því mikilvægt að stuðlað verði að sem jöfnustu aðgengi þeirra en ekki verði um að ræða staðbundið nám við eina menntastofnun. Kveða þarf á um þetta í greininni.

Stjórn Eyþings vísar að öðru leyti, s.s. varðandi athugasemdir við einstakar greinar, til umsagnar Sambands ísl. sveitarfélaga um frumvarpið.

f.h. stjórnar Eyþings



Pétur Þór Jónasson
framkv.stjóri

Alþingi
Erindi nr. P 135/2120
komudagur 10. 4. 2008



Alþingi
Unnur Kristín Sveinbjarnardóttir
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

FASTEIGNAMAT RÍKISINS

Borgartúni 21 • 105 Reykjavík • 515 5300
Fax 515 5310 • fmr@fmr.is • www.fmr.is

Reykjavík, 7. apríl 2008
Tilvísun: 08020809/04.00/MH

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunavarnir, nr. 75/2000, með síðari breytingum.

Vísað er til bréfs umhverfisnefndar Alþingis, dags. 26. febrúar sl., þar sem Fasteignamati ríkisins er veittur kostur á umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunavarnir, nr. 75/2000, með síðari breytingum, 376. mál á 135. löggjafarþingi 2007 - 2008.

Af því tilefni er tekið fram að Fasteignamat ríkisins hefur engar athugasemdir við efni þess og styður framgang þess.

F.h. Fasteignamats ríkisins

Margrét Hauksdóttir
aðstoðarforstjóri



Ferðamálastofa

Lækjargata 3 • 101 Reykjavík
Sími 535 5500 Fax 535 5501
Netfang: upplýsingar@icetourist.is

Strandgata 29 • 600 Akureyri
Sími: 464 9990 Fax: 464 9991
Netfang: upplýsingar@icetourist.is

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 135/3097
komudagur 11. 8. 2008


Reykjavík 11. ágúst 2008

Vísað er til bréfs umhverfisnefndar Alþingis dags., 4. júlí 2008 þar sem Ferðamálastofu er gefinn kostur á að kynna sér drög að nefndarálitum og drög að breytingartillögum um eftirtalin þingmál:

Frumvarp til skipulagslaga, 374. mál, heildarlög
Frumvarp til laga um mannvirki, 375. mál, heildarlög
Frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunavarnir, nr. 75/2000 með síðari breytingum, 376. mál.

Ferðamálastofa gerir ekki efnislegar athugasemdir við hjálögð drög.

Virðingarfyllst,
f.h. Ferðamálastofu


Auðbjörg Lía Guðafsdóttir,
lögfræðingur



Ferðamálastofa

Lækjargata 3 • 101 Reykjavík
Sími 535 5500 Fax 535 5501
Netfang: upplýsingar@icetourist.is

Strandgata 29 • 600 Akureyri
Sími: 464 9990 Fax: 464 9991
Netfang: upplýsingar@icetourist.is

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/222S
komudagur 15.4.2008


Reykjavík 11. apríl 2008

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunavarnir, nr. 75/2000, með síðari breytingum, 376. mál.

Við er til bréfs umhverfisnefndar Alþingis dags., 26. febrúar 2008 þar sem óskað er umsagnar Ferðamálastofu um frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunavarnir, nr. 75/2000 með síðari breytingum, 376. mál.

Ferðamálastofa gerir ekki efnislegar athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,
f.h. Ferðamálastofu


Auðbjörg Lísu Guðstafsdóttir,
lögfræðingur



Alþingi
Erindi nr. Þ 135/2227
komudagur 15.4.2008

Félag slökkviliðsstjóra Íslandi


Ísafirði 11. apríl 2008

Umhverfisnefnd Alþingis
Unnur Kristín Sveinbjarnardóttir
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Undirritaður fyrir hönd Félags slökkviliðsstjóra á Íslandi (FSÍ) hefur skoðað frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunavarnir, nr. 75/2000, með síðari breytingum sem var lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008, þskj. 618 – 376. mál.

Í meðfylgjandi greinargerð er gerð grein fyrir þeim breytingum sem undirritaður leggur til að verði gerðar við frumvarpið. Megininnihald þeirra er að skýra og skerpa ábyrgð, úrræði og viðurlög til að efla brunavarnir í landinu..

Virðingarfyllt
f.h. Félags slökkviliðsstjóra á Íslandi


Þorbjörn Jóhann Sveinsson,
slökkviliðsstjóri og ritari FSÍ.

Greinargerð

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um brunavarnir, nr. 75/2000,
með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008, þskj. 618 – 376. mál)

Um 2. gr. frumvarpsins

Það hefur verið nokkuð vinsælt að breyta skipum í veitingastað, skemmtistað, íbúð og/eða aðrar vistarverur. Slík skip geta verið uppi á landi og/eða fastbundin við bryggju. Skipin hafa oft lent á milli eftirlitsaðila og ekki þurft að uppfylla öryggisreglur né önnur fyrirmæli hvað varðar brunavarnir.

Að þessu athuguðu er lagt til að orðin „*með haffærisskírteini*“ komi á eftir orðinu „skipum“ í 2. másl. 1. mgr. 2. gr.

Málgreinin verður þá í heild sinni á eftirfarandi máta.

„Lögin gilda um eldvarnir og slökkvistörf vegna eldsvoða og viðbúnað við mengunaróhöppum á landi. Lögin taka ekki til eldvarna í skipum *með haffærisskírteini*, loftförum, almennum vinnuvélum, bifreiðum eða öðrum vélknúnum ökutækjum.“

Björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum með sérhæfðum björgunarbúnaði er mjög veigamikill þáttur í lífbjörgun og því á að vera sjálfsagður hlutur að kveðið sé á um það í lögum í hvers verkahring hún er. Þessari breytingu í frumvarpinu ber því sérstaklega að fagna. Mikil þekking, kunnátta og uppbygging tækjabúnaðar hefur átt sér stað nú þegar innan slökkviliðanna hvað þennan þátt snertir. Einnig hentar verkefnið starfsemi slökkviliða einstaklega vel, enda er því þannig fyrirkomið hjá nágrannalöndum okkar að klippuvinna er í höndum slökkviliða þar. Þetta er gamalt mál sem ítrekað hefur verið reynt að leysa og ánægjulegt að búið sé að finna lausn á því og er rétt að benda á það að málið var komið á það stig að ýmsar sveitarstjórnir hafa rætt um hvert áframhald þessarar þjónustu myndi verða ef hún yrði ekki færð til slökkviliða með lögum og það hafa einnig fleiri aðilar gert á sveitarstjórnarstiginu.

Um 7. gr. frumvarpsins

Kennsla í Brunamálaskólanum er mjög sérhæfð og einnig þarf til þess tækjabúnað sem er ekki til nema hjá slökkviliðunum. Reynsla og þekking á þörfum og starfsemi slökkviliðanna vegur einnig þungt er horft er til skipulags og uppbyggingar á náminu. Faglegt eftirlit þarf þó ávallt að vera til staðar hjá Byggingarstofnun. Í ljósi þessa og einnig rökstuðnings sem kemur fram hér fyrir neðan vegna breytingar á 2. mgr. 9. gr. laganna er lagt til að orðin „*eða slökkviliði*“ komi á eftir orðinu „menntastofnun“ í 3. másl. 1. mgr. 9. gr..

Málsliðurinn verður þá í heild sinni á eftirfarandi máta.

„Byggingarstofnun er heimilt með samningi að fela menntastofnun *eða slökkviliði* starfrækslu Brunamálaskólans.“

Í 2. mgr. 9. gr. laganna er fjallað um fagráð Brunamálaskólans og eiga þar sæti, auk formanns sem ráðherra skipar, fulltrúar Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna og fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga. Ef tekið er tillit til 16. gr. núverandi laga, en þar segir að slökkviliðsstjóra beri að sjá um fræðslu slökkviliðsmanna og þjálfun þeirra í brunavörnum og viðbrögðum við mengunaróhöppum og að haldnar séu reglubundnar æfingar slökkviliðs, má færa fyrir því haldbær rök að fulltrúi Félags slökkviliðsstjóra ætti einnig að eiga sæti í fagráði en hann átti áður sæti í brunamálaráði sem nú er lagt niður.

Að þessu athuguðu er lagt til að orðin „*Félag slökkviliðsstjóra*“ komi á eftir orðunum „Samband íslenskra sveitarfélaga“ í 2. másl. 2. mgr. 9. gr. og einnig í sama másl. falli burt orðin „tilnefni hvort“ en í staðinn komi orðin „*tilnefni hvert*“.

Málsliðurinn verður þá í heild sinni á eftirfarandi máta.

„Samband íslenskra sveitarfélaga, *Félag slökkviliðsstjóra* og Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna og *tilnefni hvert* sinn fulltrúa í skólaráð og skipar ráðherra formann.“

Um 9. gr. frumvarpsins

Í 2. málslið c-liðar í því sem nú er 1. mgr. 12. gr. laganna er fjallað um skyldu slökkviliðsstjóra til að kæra ólögmeða búsetu í atvinnuhúsnæði til lögreglustjóra ef hætta þykir stafa af. Ákvæði þetta var sett inn með lagabreytingu nr. 67/2007 þegar umræða um óleyfisbúðir fór hátt. Velta má því fyrir sér hvort eðlilegt sé að taka eina tegund af brotum á lögunum og draga sérstaklega fram fyrir almenn ákvæði þeirra um refsiramma sem kveðið er á um í 34. gr. Hér er ekki gætt að fullu samræmis, en t.d. getur aðili sem teppir flóttaleiðir í fjölmennri verslun eða á samkomustað hæglega stofnað lífi fjölda fólks í hættu og skapað umtalsverða hópáhættu sem er meiri en einstaklingsáhætta sem skapast í óleyfisbúðum. Ef einhver brot á lögunum eru dregin sérstaklega fram á þennan hátt er eðlilegt að gera það á grundvelli alvarleika þeirra.

Lagt er til að í lok e.-liðar. 1. mgr. 12. gr. bætist við eftirfarandi „*Ef ljóst þykir að hætta geti skapast af ástandi brunavarna og sinni eigandi eða forráðamaður húsnæðisins ekki tilmælum slökkviliðsstjóra um úrbætur án ástæðulauss dráttar, eða ef um ítrekuð brot viðkomandi eiganda eða forráðamanna er að ræða, skal kæra viðkomandi aðila til lögreglu,*“ á eftir „Brunamálastofnun gefur út.“

E-liður 1. mgr. 12. gr. verður þá í heild sinni á eftirfarandi máta.

„hafa eftirlit með því að eigendur og forráðamenn atvinnuhúsnæðis sinni skyldum sínum um brunavarnir samkvæmt lögum og reglugerðum í samræmi við leiðbeiningar sem Brunamálastofnun gefur út. *Ef ljóst þykir að hætta geti skapast af ástandi brunavarna og sinni eigandi eða forráðamaður húsnæðisins ekki tilmælum slökkviliðsstjóra um úrbætur án ástæðulauss dráttar, eða ef um ítrekuð brot viðkomandi eiganda eða forráðamanna er að ræða, skal kæra viðkomandi aðila til lögreglu,*“

Varðandi A-lið 1. mgr. 12. gr. laganna er nauðsynlegt að áskilja gjaldtöku slökkviliðs fyrir aðkomu að öryggis- og lokaúttektum. Byggingarfulltrúi tekur gjald fyrir sínar úttektir og er sérstaklega gert ráð fyrir því í frumvarpi til laga um mannvirki, þingskjal 617 – 375. mál, sem nú liggur Alþingi á 135. löggjafarþingi. Eðlilegt er að

samræmis gæti á milli aðila og að slökkviliðsstjóra sé einnig heimilt að taka gjald fyrir sínar úttektir. Hér er augljóslega skýr vilji löggjafans að þetta komist í betra horf og er það m.a. gert með nýjung sem er öryggisúttektir, sjá 34. gr. í frumvarpi til laga um mannvirki. En þar segir m.a. orðrétt:

„byggingarstjóri, fyrir hönd eiganda mannvirkis, skal óska eftir öryggisúttekt áður en það er tekið í notkun. Viðstaddir slíka úttekt skulu vera auk eftirlitsaðila og byggingarstjóra, fulltrúi slökkviliðs og þeir iðnmeistarar og hönnuðir sem þess óska eða eru til þess boðaðir af byggingarstjóra.“

Gangi það eftir mun þessum úttektum fjölga umtalsvert og því mjög brýnt að slökkviliðsstjóra verði tryggðar tekjur til að mæta þeim kostnaði sem þetta mun hafa í för með sér. Einnig hefur verið talið að slökkvilið geti innheimt gjald fyrir ítrekaðar heimsóknir vegna vanbúnaðar brunavarna, vegna umsagna við útgáfu leyfa og annars þess háttar. Hins vegar hefur þessi heimild ekki verið alls kostar skýr. Er því ekki vanþörf á að skýrt sé að slökkvilið hafi heimild til gjaldtöku fyrir úttektir þannig að það sé yfir allan vafa hafið, líkt og er með löggjöf á sviði heilbrigðiseftirlits og um útgáfu leyfa hjá lögreglu.

Lagt er til að við 12. gr. bætist ný málsgrein, sem verður þá 3. mgr., sem tekur á gjaldtöku vegna útgáfu starfsleyfa, vottorða og fyrir aðkomu að öryggis- og lokaúttektum. Slíkt ákvæði gæti hljóðað með eftirfarandi hætti:

„Heimilt er sveitarfélögum að setja gjaldskrá og innheimta gjald fyrir útgáfu starfsleyfa, vottorða og fyrir aðkomu að öryggis- og lokaúttektum. Fjárhæð gjaldsins skal ekki vera hærrí en nemur kostnaði við framkvæmdina. Gjöldum þessum fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi.“

Um 13. gr. frumvarpsins

Lögð er til breyting á 18. gr. laganna á ákvæðum um slysatryggingu slökkviliðsmanna. Þessi breyting felur í sér góða samræmingu þessara mála og er til bóta. Vert er að benda á að þessi lagabreyting kveður jafnvel á um kostnaðarsamari lausn en þá sem nú er kveðið á um. Huga þarf að þessum kostnaðarauka.

Um 17. gr. frumvarpsins

Í frumvarpinu er lagt til að bætt verði við 28. gr. laganna ákvæði um að Byggingarstofnun geti krafist sveitarfélögin um hvers konar upplýsingar um stöðu brunavarna, búnað og starfsemi slökkviliða í sveitarfélaginu. Hér verður að gera kröfu til þess að slíkar fyrirspurnir séu málefnalegar en þó ekki verði settar skorður á upplýsingaöflun Byggingarstofnunar. Gagnaöflun getur verið tímafrek og nauðsynlegt að fyrirspurnir séu markvissar og lúti að gögnum sem í raun skipta máli m.t.t. þess sem verið er að kanna.

Lagt til að orðin „hvers konar upplýsingar um“ í nýrri málsgrein við 28. gr. falli brott, en lagt til að í stað þeirra komi orðin „nauðsynlegar upplýsingar til að meta“.

Málgreinin verður þá í heild sinni á eftirfarandi máta.

„Byggingarstofnun getur krafð sveitarfélög um *nauðsynlegar upplýsingar til að meta* stöðu brunavarna, búnað og starfsemi slökkviliða í sveitarfélaginu.“

Um 15. gr. nógildandi laga

Í frumvarpinu er ekki gerð tillaga um breytingar á 15 gr. nógildandi laga. Hér væri þó æskilegt að laga misræmi um ráðningu varaslökkviliðsstjóra. Í 1. mgr. er kveðið á um að sveitarstjórn ráði slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra. Í 3. mgr. er hinsvegar kveðið á um að ef sveitarfélög reki sameiginlegt slökkvilið, ráði þau eingöngu slökkviliðsstjóra en ekki varaslökkviliðsstjóra. Eðlilegra væri að sveitarstjórnir ráði slökkviliðsstjóra í báðum tilvikum og slökkviliðsstjóri ráði sér síðan varaslökkviliðsstjóra. Þessarar breytingar er þörf til að skerpa á ráðningarsambandi innan slökkviliða, húsbóndaábyrgð, bæta stjórnarsýslu og skerpa á ábyrgð og má til rökstuðnings nefna m.a. nýlegan dóm Héraðsdóms Reykjaness nr. E-1075/2007. Lagt er til að orðin „og varaslökkviliðsstjóra“ í 1. mgr. 15. gr. falli brott.

Málgreinin verður þá í heild sinni á eftirfarandi máta.

„Sveitarstjórn ræður slökkviliðsstjóra. Slökkviliðsstjóri er yfirmaður slökkviliðs en í forföllum hans varaslökkviliðsstjóri.“

Um 20. gr. nógildandi laga

Í frumvarpinu er ekki gerð tillaga um breytingar á þessari grein. Á síðustu misserum hefur í tengslum við þá vinnu slökkviliðs að hafa eftirlit með búsetu manna í atvinnuhúsnæði, sbr. c.-lið 12. gr. laganna, orðið vart við skort á skýrum ákvæðum um heimildir slökkviliðs til myndatöku á vettvangi. Hefur slökkviliði verið meinað að taka myndir af flóttaleiðum og öðrum vanköntum á eldvörnum á þeim grundvelli að um búsetustað manna væri að ræða. Er þetta mjög bagalegt þar sem myndataka á vettvangi er afar mikilvægur þáttur í gagnaöflun slökkviliðs og sérstaklega í ljósi þess að slökkviliðsstjóra er skylt að kæra málið til lögreglu. Þar sem heimildir heilbrigðiseftirlits í þessum efnum eru ótvíræðar hefur í nokkrum tilvikum verið leitað aðstoðar þeirra við að taka myndir á vettvangi. Til að slíkir milliliðir verði ónauðsynlegir er lagt til að heimild slökkviliðs til myndatöku verði lögfest og þar með hafin yfir allan vafa. Er því lagt til að við ákvæði 1. mgr. 20. gr. bætist við eftirfarandi: „*til skoðunar og eftirlits, þar á meðal til myndatöku á öllum þeim stöðum*“ Til samræmis verði eftirfarandi orð tekin út: „að atvinnuhúsnæði og öðrum vinnustöðum.“

Mun 1. mgr. 20. gr. þannig hljóða í heild sinni með eftirfarandi hætti:

„Slökkviliðsstjóra og eftirlitsmönnum hans skal heimill aðgangur *til skoðunar og eftirlits, þar á meðal til myndatöku, á öllum þeim stöðum* þar sem eftirlits er þörf samkvæmt lögum þessum.“

Um 29. gr. nógildandi laga

Í frumvarpinu er ekki gerð tillaga um breytingar á 29. gr. laganna. Í 2. mgr. 29. gr. laganna er eftirfarandi upptalning hvenær slökkviliðsstjóri getur beitt aðgerðum til að knýja fram úrbætur:

„Slökkviliðsstjóri getur beitt eftirfarandi aðgerðum til að knýja fram úrbætur vegna mannvirkis í notkun, starfsemi í því eða á lóðum og öðrum svæðum utan dyra þar sem eldhætta getur skapast, t.d. vegna starfsemi á svæðinu, söfnunar sorps og annars úrgangs eða geymslu eldfimra efna.“

Þessi upptalning gefur mjög skýrar leiðbeiningar en er einnig að vissu leyti hamlandi. Á þetta sérstaklega við varðandi framkvæmd slökkviliðs í tengslum við 61. gr. byggingareglugerðar nr. 441/1998 með síðari breytingum og lög um brunavarnir nr. 75/200 með síðari breytingum. Má þar m.a. nefna yfirgefin hús og önnur atvik þar sem ekki er hægt að sanna að mannvirkid sé í notkun. Sönnunarbyrði slökkviliðsstjóra er mikil samkvæmt stjórnslögum sem opinbers stjórnvalds. Því eru lagðar fram eftirfarandi breytingar á 2. mgr. 29. gr.

Lagt er til að orðin „í notkun“ 1. másl. 2. mgr. 29. gr. falli brott og að í lok 1. másl. 2. mgr. 29. gr. komi orðin „*eða ef brotin eru ákvæði samkvæmt lögum og reglugerðum um brunavarnir*“ til samræmis við 9. gr. frumvarpsins sem fjallar um breytingar á 12. gr. laganna og einnig að upptalningin setji ekki skorður á framkvæmd laganna. Einnig er lagt til að orðin „*úrbætur eða*“ komi á eftir orðinu „fyrirskipa“ í 2. tl. 2. mgr. 29. gr. því slökkviliðsstjóra ber ávallt í samræmi við góða stjórnsluhætti að gæta meðalhófs við ákvörðunartöku, en í því felst nánar tiltekið, að ekki skal nota harkalegri úrræði en efni standa til sem á við hvað varðar úrræðið öryggisvakt í ákveðnum tilvikum samanborið við úrbætur.

Málsgreinin verður þá í heild sinni á eftirfarandi máta.

„Slökkviliðsstjóri getur beitt eftirfarandi aðgerðum til að knýja fram úrbætur vegna mannvirkis, starfsemi í því eða á lóðum og öðrum svæðum utan dyra þar sem eldhætta getur skapast, t.d. vegna starfsemi á svæðinu, söfnunar sorps og annars úrgangs eða geymslu eldfimra efna *eða ef brotin eru ákvæði samkvæmt lögum og reglugerðum um brunavarnir*.

1. veitt skriflega áminningu og tilhlýðilegan frest til úrbóta,
2. fyrirskipað *úrbætur eða* öryggisvakt á kostnað eiganda eða forráðamanns og veitt skriflega áminningu og tilhlýðilegan frest til úrbóta,
3. bannað notkun mannvirkis að hluta eða að öllu leyti þar til úr hefur verið bætt og krafist lokunar. “


Samhliða ofangreindum breytingum er lagt til að 4. mgr. 29. gr. verði felld út með tilliti til ofangreindra breytinga á 2. mgr. 29. greinar.

Fjórðungssamband Vestfirðinga

Alþingi

Alþingi, Umhverfisnefnd
Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Erindi nr. P 135/3063
komudagur 29.7.2008



Ísafirði 29. júlí 2008

Umsögn til Alþingis frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga.

Vísa til bréfs dags 4. júlí þar sem kynnt eru drög að nefndarálini umhverfisnefndar Alþingis og drög að breytingartillögum vegna eftirfarandi laga

- A. *Frumvarp um skipulagslög, 374. mál, heildarlög, lagt fyrir Alþingi 135. löggjafarþing 2007-2008. Þingskjal 616*

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga er kunnugt um væntanlega umsögn Sambands Íslenskra sveitarfélaga varðandi frumvarpið og tekur undir þau atriði sem þar koma fram. Einnig vísar stjórn FV til samþykktar Landsþings sveitarfélaga frá 4. apríl s.l. varðandi frumvarpið. Þar sem áréttað er um sjálfsákvörðunarvald sveitarfélaga í skipulagsmálum. Er þetta sagt til áréttingar þar sem umhverfisnefnd Alþingis á ólokið umfjöllun um III kafla frumvarps til skipulagslaga (landskipulagsáætlun).

- B. *Frumvarp til laga um mannvirki, 375. mál, heildarlög, lagt fyrir Alþingi 135. löggjafarþing 2007-2008. Þingskjal 617*

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga er kunnugt um væntanlega umsögn Sambands Íslenskra sveitarfélaga varðandi frumvarpið og tekur undir þau atriði sem þar koma fram.


Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga gerði einnig eftirfarandi bókun við umfjöllun um framangreint frumvarp á fundi sínum þann 24. júlí 2008.

Kynnt drög að svari Sambands íslenskra sveitarfélaga sem stjórn tekur undir. Stjórn tekur einnig undir álit stjórnar Eypings, sem fram kemur í fundargerð stjórnarfundar Eypings 9. júlí s.l., þar sem skorað er á umhverfisnefnd Alþingis að endurskoða þá afstöðu sína að hafna því að uppbyggingu höfuðstöðvar Byggingarstofnunar verði utan höfuðborgarsvæðis. Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga minnir á stefnumörkun Alþings með Byggaáætlun 2006-2009 (samþykkt á 132. þingi), þar sem eitt af meginmarkmiðum sé uppbygging byggðakjarna og eitt af meginatriðum sé fjölgun opinberra starfa á landsbyggðinni..

- C. *Frumvarp til laga breytingar á lögum um brunavarnir, 376. mál, flutningur verkefna Brunamálastofnunar.*

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga er kunnugt um væntanlega umsögn Sambands Íslenskra sveitarfélaga varðandi frumvarpið og tekur undir þau atriði sem þar koma fram.

Fjórðungssamband Vestfirðinga


Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/2303
komudagur 21.4.2008



FLJÓTSDALSHÉRAÐ

www.egilsstadir.is

Alþingi

Kirkjustræti
150 Reykjavík

Fjóttsdalshéraði, 17. apríl 2008
nr. erindis 200803008 AHB

Á 106. fundi skipulags- og byggingarnefndar Fjóttsdalshéraðs 07.04 2008 sl., var tekið fyrir neðangreint erindi.

Frumvörp til umsagnar


*Málið var áður á dagskrá í skipulags- og byggingarnefnd 31.03.2008. Lagt er fram erindi Umhverfisnefndar Alþingis dags. 26.febrúar 2008, þar sem óskað er eftir umsögn sveitarfélagsins um eftirtalin frumvörp:
Skipulagslög, 374. mál. Mannvirki, 375. mál og Brunavarnir, 376. mál.*

Skipulags- og byggingarnefnd hafnar þeim áformum ríkisins að seilast inn í stjórnslu sveitarfélaganna eins og þessi lagafrumvörp gera ráð fyrir og tekur undir umsagnir Sambands íslenskra sveitarfélaga í megin atriðum.

Bókun þessi var staðfest af bæjarstjórn Fjóttsdalshéraðs, þann 16.04 2008.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,
f.h. skipulags- og byggingarnefndar


Ómar Próstur Björgólfsson

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/3062
komudagur 21.7.2008



Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
ICELAND

Fornleifavernd ríkisins

Suðurgata 39, 101 Reykjavík
Sími: 555 6630, Bréfsími: 555 6631
Heimasíða: www.fornleifavernd.is
agnes@fornleifavernd.is

Reykjavík 18. júlí 2008

Tilvísun: Fvr 2007040012 IAS

Efni: Frumvarp til skipulagslaga, 374. mál, frumvarp til laga um mannvirki, 375. mál og frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunavarnir, 376. mál.

Fornleifavernd ríkisins hefur borist ósk um umsögn um drög að nefndarálitum umhverfisnefndar um ofangreind þingmál. Fornleifavernd ríkisins gerir engar frekari athugasemdir við frumvörpin eða nefndarálit vegna þeirra. Stofnunin fagnar þeirri áherslu sem lögð er á samráð við Fornleifavernd ríkisins í nefndaráliti um skipulagslög.

Virðingarfyllst

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Agnes Stefánsdóttir'.

Agnes Stefánsdóttir, deildarstjóri



GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/3064
komudagur 21.7.2008

Alþingi
b/t Umhverfisstofndar Alþingis
150 Reykjavík

Borg 17.07.2008

**Efni: Beiðni um umsögn vegna skipulagslaga, laga um mannvirki og
brunavarnir.**


Á fundi sveitarstjórnar Grímsnes-og Grafningshrepps þann 17. júlí s.l. var tekin fyrir ofangreint erindi yðar dags. 14.07.2008.

Eftirfarandi bókun var gerð:

6. Beiðni um umsögn vegna skipulagslaga, laga um mannvirki og brunavarnir.

Lögð er fram beiðni umhverfisstofndar Alþingis um umsögn um skipulagslög, lög um mannvirki og brunavarnir. Sveitarstjórn undrast tímasetningar á umsagnarfresti á sumarleyfistíma embættismanna og sveitastjórnarmanna í jafn mikilvægu máli sem snertir sveitarstjórnarstigið. Sveitarstjórn áskilur sér rétt að svara þessu erindi að sumarleyfi loknu.

Virðingarfyllst,
f.h. sveitarstjórnar,

SVEITARSTJÓRI
GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS

Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri



GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/3131
komudagur 28.8.2008

Alþingi
b/t Umhverfisstofndar Alþingis
150 Reykjavík

Borg 25.08.2008

**Efni: Beiðni um umsögn vegna skipulagslaga, laga um mannvirki og
brunavarnir.**

Á fundi sveitarstjórnar Grímsnes-og Grafningshrepps þann 21. ágúst s.l. var tekið fyrir aftur ofangreint erindi yðar dags. 14.07.2008.


Eftirfarandi bókun var gerð:

8. Beiðni um umsögn vegna skipulagslaga, laga um mannvirki og brunavarnir.

Tekin er aftur fyrir beiðni umhverfisstofndar Alþingis um umsögn um skipulagslög, lög um mannvirki og brunavarnir. Fyrir liggur umsögn Samband íslenskra sveitarfélaga og tekur sveitarstjórn undir hana.

Virðingarfyllst,
f.h. sveitarstjórnar,

SVEITARSTJÓRI
GRÍMSNES OG GRAFNINGSHREPPS


Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri



GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/2121
komudagur 10.4.2008

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Borg 07.04.2008

Efni: Umsagnir um frumvörp til skipulags-, mannvirkja- og brunavarnarlaga.


Á fundi sveitarstjórnar Grímsnes-og Grafningshrepps þann 3. apríl sl. voru teknar fyrir umsagnir um ofangreind frumvörp.

Eftirfarandi bókun var gerð:

3. Umsögn um frumvörp til skipulagslaga, mannvirkjalaga og brunavarnarlaga.

Sveitarstjórn tekur undir þær athugasemdir sem Samband íslenskra sveitarfélaga hefur gert um frumvörp til skipulagslaga og mannvirkjalaga. Jafnframt vill sveitarfélagið benda sérstaklega á að markmið frumvarpana virðist vera að draga úr sjálfákvörðunarvaldi sveitarfélagana og færa það til stofnana ríkisins. Varðandi frumvarp til laga um breytingu á brunavarnarlögum er lagt til að í 2. gr. falli út "björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum" Litið hefur verið á það sem verkefni björgunarsveita á landinu og með þessu væri verið að kippa stoðum undan sjálfboðastarfi björgunarsveitanna.

Virðingarfyllst,
f.h. sveitarstjórnar,

SVEITARSTJÓRI
GRÍMSNES OG GRAFNINGSHREPPS


Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri



Grundarfirði, 10. apríl 2008.

Alþingi

Erindi nr. P 135/2163

komudagur 11.4.2008

Alþingi, Nefndasvið,
B.t. Umhverfisnefndar
Austurstræti 8 - 10,
150 Reykjavík.

Efni: Umsögn bæjarstjórnar Grundarfjarðarbæjar um frumvarp til skipulagslaga, 374. mál, frumvarp til laga um mannvirki, 375. mál og frumvarp til breytinga á lögum um brunavarnir nr. 75/2000, 376. mál.

1. Frumvarp til skipulagslaga, 374. mál:

Bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar tekur heilshugar undir þær athugasemdir sem gerðar verða af hálfu stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Bæjarstjórnin tekur ákveðið undir þau sjónarmið að með lögfestingu tillagna um „landskipulagsáætlanir“ skapist hættu á árekstrum á milli þessara tveggja stjórnsýslustiga, þ.e. ríkis og sveitarfélaga. Minnt er á að samkvæmt ákvæðum 1. gr. Sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 hafa sveitarfélög sjálfstjórnarrétt í málum sínum. Allt sem lýtur að mögulegri skerðingu sjálfstjórnarréttar sveitarfélaga ber að nálgast af ýtrustu varfærni.

Lagt er til að ákvæðin um „landsskipulagsáætlanir“ verði felld út úr frumvarpi til skipulagslaga. Til vara er lagt til að í stað „landsskipulagsáætlana“ verði ákvæði um „landsskipulagsstefnu“ og að þess verði gætt að slík stefna hafi ekki hærri rétt um landnotkun á einstökum svæðum en svæðis- og aðalskipulög viðkomandi sveitarfélaga.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að allar deiliskipulagsáætlanir og breytingar á deiliskipulagsáætlunum verði háðar mati á umhverfisáhrifum áætlana jafnt og svæðis- og aðalskipulagsáætlanir. Bent er á, að í mörgum tilfellum eru gerðar smávægilegar breytingar á gildandi deiliskipulögum sem ekki hafa áhrif nema á takmörkuðu svæði, jafnvel innan einnar lóðar. Í þessu þyrfti að setja einhver mörk og undanskilja t.d. deiliskipulagsáætlanir sem ná aðeins til einnar lóðar eða innleiða aðeins minni háttar breytingar.

Með frumvarpinu, verði það að lögum, er Skipulagsstofnun færð vald til þess að grípa inn í stjórnsýslumálefni sveitarfélaga sbr. ákvæði 5. mgr. 53. gr. Þetta er fullkomlega óeðlilegt og ber að forðast. Skýra þarf betur hvort unnt verður að skjóta ákvörðunum Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingamála eða hvaða úrræði sveitarstjórn eða málsaðilar eiga ef Skipulagsstofnun ákveður að grípa fram fyrir hendur sveitarstjórna með stöðvun framkvæmda.

Bent er á að ákvæði um dagsektir í 54. gr. eru að hluta óljós varðandi hámark þeirra. Í frumvarpinu segir; „Hámark dagsekta er 500.000 kr.“ Er þá átt við að heildarfjárhæð dagsekta megi ekki fara yfir 500.000 kr. eða er þetta hámark dagsektar fyrir hvern dag?

2. Frumvarp til laga um mannvirki, 375. mál:

Bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar tekur heilshugar undir þær athugasemdir sem gerðar verða af hálfu stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Bæjarstjórnin bendir sérstaklega á athugasemdir varðandi sjálfstjórnarrétt sveitarfélaga í málum sínum. Svo virðist sem að með frumvarpinu sé stefnt að því að færa núverandi stjórnarsýslu sveitarfélaga á sviði byggingamála til ríkisstofnunar og embættismanna sem lúta ekki boðvaldi sveitarstjórnanna nema að nafninu til. Þessi áform þarf að íhuga nánar og skilgreina á hvaða vanda er verið að taka með þessum nýmælum í frumvarpinu. Helst þarf að leita að öðrum úrræðum varðandi fyrirkomulag við útgáfu byggingaleyfa og byggingaeftirlit en þeim sem kveðið er á um í frumvarpinu. Ekki er þó amast við því að gerðar verði auknar kröfur til faggildingar úttekta- og eftirlitsaðila samhliða auknum kröfum til byggingaaðila.

Samkvæmt ákvæðum frumvarpsins er stefnt að því að setja upp Byggingarstofnun. Byggingarstofnun er ætlað mikið hlutverk og að sumu leyti ætlað að taka yfir stjórnarsýslu sveitarstjórnarstigsins. Stofnuninni er ætlað, samhliða því að vera eftirlitsaðili með ákvörðunum byggingafulltrúa sem starfa eiga á ábyrgð sveitarstjórna, að veita byggingaleyfi vegna fjölmargra mannvirkjategunda innan sveitarfélaganna. Spyrja má hvort Byggingarstofnun hafi einnig eftirlitshlutverk með eigin leyfisveitingum? Endurskoða þarf þessi áform og huga frekar að því að efla með nýrri löggjöf þessa starfsemi innan sveitarfélaganna og fela Byggingarstofnun eingöngu eftirlits- og leiðbeiningarhlutverk líkt og á við að miklu leyti um Skipulagsstofnun.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að sveitarstjórnir ráði byggingafulltrúa til starfa, sjái þeim fyrir starfsaðstöðu og beri ábyrgð á störfum þeirra. Þeir heyra þó hvergi til í stjórnarsýslu sveitarfélaganna að öðru leyti, þ.e. þeir bera ákvarðanir sínar ekki undir neina lögskipaða aðila innan sveitarfélags. Boðvald um þetta embætti virðist eingöngu í raun eiga að vera hjá Byggingarstofnun. Svo virðist sem hlutverk sveitarstjórna verði skv. frumvarpinu að bera kostnað við embætti byggingafulltrúa og bera ábyrgð á öllu sem þeir gera. Áhrif sveitarstjórna á ákvarðanir byggingafulltrúa verða þó nánast alfarið bundin við þau ákvæði sem gilda í skipulagsáætlunum hverju sinni. Ef talið er nauðsynlegt að koma byggingaeftirliti upp með þeim hætti sem frumvarpið gerir ráð fyrir, er þá ekki skilvirkara að byggingafulltrúar verði alfarið ríkisstarfsmenn og málaflokkurinn í heild flytjist til Byggingarstofnunar með öllum þeim kostnaði sem tilheyrir þessu sviði?

Ekki er skýrt hvers vegna nauðsynlegt er talið að leggja niður bygginganefndir nema með því einu, að ekki er nú skilyrt, að í þeim sitji eingöngu hönnuðir eða aðrir faggiltir aðilar með sérþekkingu á byggingamálum. Minnst er á, að umfjöllunarefni bygginganefnda sé tæknilegs eðlis sem mörg hver krefjast sérþekkingar og því ekki talið rétt að leggja slík málefni fyrir almenna borgara. Bent skal á, að þannig er einnig sem dæmi háttáð um heilbrigðisnefndir, en þær eru taldar bærar til þess að fjalla um vandasöm mál sem krefjast sérþekkingar. Stjórnarsýslunefndir eins og bygginganefndir, heilbrigðisnefndir, félagsmálanefndir og barnaverndarnefndir afla sér einfaldlega umsagna og leiðbeininga sérfræðinga hvenær sem þörf gerist, en með tilvist þessara nefnda er almenningi/íbúum tryggt aðgengi að stjórnvaldsákvörðunum. Þetta fyrirkomulag, sem gilt hefur um langan aldur, þ.e. aðkoma

almennra borgara að ákvarðanatöku stjórnvaldsaðila, hefur verið talið hornsteinn í því lýðræðiskerfi sem byggst hefur upp í vestrænum ríkjum. Einvaldsherrum á fyrri hluta 19. aldar var afar óljúft að fallast á að lýðurinn fengi að koma saman á þingum og hafa áhrif á ákvarðanatöku þeirra. Þeir töldu vald sitt komið frá Guði og að þeir einir vissu. Það var talið til mikilla framfara að afnema einveldi þeirra á sínum tíma og er sú skoðun ennþá bjargföst í hugum flestra. Ekki er talið rétt að koma upp einhverju formi slíkra einvaldsherra á ný.

Skoða þarf betur hvaða mannvirki eiga að vera undanþegin byggingaleyfum. Ekki er t.d. skýrt hvers vegna raforkuvirki skuli vera undanþegin byggingaleyfum en ekki önnur veitumannvirki. Bent er á það að bygging hafna og annarra samgöngumannvirkja eru ekki lengur eingöngu á höndum opinberra aðila og af þeirri ástæðu er ekki ástæða til að undanþiggja þau byggingaleyfum.

3. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunavarnir nr. 75/2000 með síðari breytingum, 376. mál:

Gerðar eru eftirfarandi athugasemdir við tilgreindar greinar frumvarpsins:

8. gr. a liður: Ekki kemur fram hver skuli bera kostnað af auknum skyldum á slökkvilið varðandi björgun á fastklemmdu fólki úr farartækjum. Þetta atriði hefur verið nokkuð umdeilt undanfarin ár. Slökkvilið hafa í auknum mæli komið sér upp búnaði til að bjarga fastklemmdu fólki úr farartækjum. Þetta hefur gerst eiginlega án þess að um það hafi verið tekin samræmd ákvörðun nokkurs staðar. Slökkvilið hafa reynt að innheimta kostnað, sem í mörgum tilfellum hefur verið verulegur, t.d. hjá tryggingafélögum, en ekki orðið ágengt. Nauðsynlegt er að fá úr því skorið hvort þetta sé lögbundið hlutverk slökkviliða sveitarfélaganna, þ.e. björgun á fólki úr farartækjum. Með frumvarpinu er stefnt að því að festa þennan kostnað hjá sveitarfélagunum án þess að gerð sé tilraun til þess að skilgreina hver eðlilegur kostunaraðili sé.

13. gr. 2. mgr.: Þar segir: „Þeir sem slasast við störf sem tilgreind eru í 1. mgr. eiga rétt á að fá greiddar bætur úr sveitarsjóði, verði tjónið ekki bætt af váttryggingafélagi.“

Lagt er til að orðalagi verði breytt þannig að í stað „verði tjónið ekki bætt af váttryggingafélagi.“ komi; „hafi sveitarfélag ekki keypt tryggingu eins og kveðið er á um í 1. mgr.“

Hætta er á því, að ef einstaklingur sem slasast við störf, sem skilgreind eru í 1. mgr. 13. gr. frumvarpsins, telji tjón sitt ekki að fullu bætt, þó beitt hafi verið reglum við ákvörðun bóta skv. 1. kafla skaðabótalaga, að hann telji sig eiga sjálfvirkan rétt til aukinna bóta úr sveitarsjóði fyrir því sem hann telur á vanta. Með þessari grein er rétt að tryggja einstaklingum í þessum störfum góðar slysatryggingar og **rétt til bóta úr sveitarsjóðum ef vanrækt hefur verið að kaupa slíka tryggingu.**

17. gr. Lagt er til að greinin hljóði þannig í stað þess orðalags sem er í frumvarpinu:


„Við 28. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Byggingarstofnun skal afla upplýsinga um stöðu brunavarna, búnað og starfsemi slökkviliða og nýtur aðstoðar sveitarfélaga við þá upplýsingaöflun.“

Almennt um efni framangreindra frumvarpa varðandi kostnaðarauka sveitarfélaga og skerðingu á sjálfstjórnarrétti sveitarfélaga:

Efni frumvarpa til skipulagslaga, laga um mannvirki og breytingar á lögum um brunavarnir bera með sér að ferli mála í skipulagsgerð og við byggingaeftirlit er þyngt all nokkuð frá núgildandi lögum. Í frumvarpi til breytinga á lögum um brunavarnir er ákvæði sem festir í lögum kostnað við björgun fólks úr farartækjum hjá sveitarfélögum. Hætta er á því að þetta feli sjálfkrafa í sér kostnaðarauka fyrir sveitarfélög. Ekki er í frumvörpunum eða í skýringum með þeim tekið á þessum þætti. Nauðsynlegt er að þessi frumvörp verði nákvæmlega kostnaðarmetin með tilliti til kostnaðarauka sem af þeim hlýst fyrir sveitarfélög og gerð grein fyrir því hvernig þeim kostnaði verði mætt.

Alvarlegra er, að í frumvörpum til skipulagslaga og laga um mannvirki er á ýmsan hátt vegið að sjálfstjórnarrétti sveitarfélaga án þess að um bættu stjórnarsýslu sé að ræða. Þetta er andstætt ákvæðum Sveitarstjórnarlaga, Stjórnarskrár og Evrópusáttmála um sjálfstjórn sveitarfélaga (European Charter of Local Government). Þetta er óviðunandi og þarnast endurskoðunar áður en þessi frumvörp verða tekin til frekari meðferðar í Alþingi. Í ríkisstjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar er kveðið á um að styrkja skuli sveitarstjórnarstigið og ganga þessi ákvæði frumvarpanna á svig við það.

F.h. bæjarstjórnar Grundarfjarðarbæjar

 **Bæjarstjórnin
Grundarfirði**
Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, bæjarstjóri.



Grundarfjarðarbær

NETFANG: grundarfjordur@grundarfjordur.is

HEIMASÍÐA: www.grundarfjordur.is

Alþingi
Erindi nr. P 135/3077
komudagur 7.8.2008

Grundarfirði, 6. ágúst 2008.

Umhverfisnefnd Alþingis
Alþingi
v/Austurvöll,
150 Reykjavík.

Efni: Umsagnir um tillögur umhverfisnefndar Alþingis að breytingum á frumvarpi til skipulagslaga, 374. mál, frumvarpi til laga um mannvirki, 375. mál og frumvarpi til laga um breytingu á lögum um brunavarnir, 376. mál, sbr. efni bréfs, dagsettu 4. júlí 2008.

Framangreint erindi var tekið fyrir á fundi bæjarráðs Grundarfjarðarbæjar þ. 29. júlí 2008.

Bæjarráðið hefur, auk þess að kynna sér breytingatillögur umhverfisnefndar, kynnt sér athugasemdir og ábendingar sem Samband íslenskra sveitarfélaga mun gera varðandi framangreindar breytingatillögur. Bæjarráðið tekur undir þær athugasemdir og ábendingar sem koma frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Virðingarfyllst,


Bæjarstjórinn
Grundarfirði
Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, bæjarstjóri



HAFNARFJARÐARBÆR
Skipulags- og byggingarsvið

Alþingi
Erindi nr. P 13S/3112
komudagur. 13.8.2008

Dagsetning
28.07.2008

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Hafnarfjarðarbæ hefur borist til umsagnar breytingartillaga umhverfisnefndar Alþingis við frumvarp til breytinga á lögum um brunavarnir, 376. mál. Umsagnarfrestur er til 11. ágúst n.k. Hér fara á eftir athugasemdir skipulags- og byggingarsviðs um frumvarpið, teknar saman af dr. Bjarka Jóhannessyni, sviðsstjóra skipulags- og byggingarsviðs og skipulags- og byggingarfulltrúa. Hafnarfjarðarbær áskilur sér rétt til að koma með ábendingar/athugasemdir á seinni stigum.

Liður 4. 9. grein. Lögð er til viðbót við 12. grein nógildandi laga: “Hlutverk eldvarnaeftirlits sveitarfélaga er að ... e) hafa eftirlit með því að eigendur og forráðamenn atvinnuhúsnæðis sinni skyldum sínum um brunavarnir samkvæmt lögum og reglugerðum í samræmi við leiðbeiningar sem Brunamálastofnun gefur út”.

Umhverfisnefnd leggur til að við það bætist: “Ef ljóst þykir að hætta geti skapast af ástandi brunavarna og sinni eigandi eða forráðamaður hússins ekki tilmælum slökkviliðsstjóra um úrbætur án ástæðulauss dráttar, eða ef um ítrekuð brot viðkomandi eiganda eða forráðamanna er að ræða, skal kæra viðkomandi aðila til lögreglu.”

Umsögn: Með þessari viðbót er lögð enn meiri áhersla en áður á mikilvægi þess að brunavarnir séu í lagi, og styður Hafnarfjarðarbær því þessa viðbót.

Liður 8. Ný grein. Lögð er til viðbót við 2. lið 29. greinar nógildandi laga. “Slökkviliðsstjóri getur beitt eftirfarandi aðgerðum til að knýja fram úrbætur vegna mannvirkis í notkun, [starfsemi í því eða á lóðum og öðrum svæðum utan dyra þar sem eldhætta getur skapast, t.d. vegna starfsemi á svæðinu, söfnunar sorps og annars úrgangs eða geymslu eldfimra efna].” Umhverfisnefnd leggur til að við þessa upptalningu bætist: “vegna brota á ákvæðum laga þessara eða reglugerða settra á þeim.”

Umsögn: Sbr. lið 4.



Alþingi
Erindi nr. Þ 135/2229
komudagur 15.4.2008

Dagsetning
14.04.2008

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Hér með sendist afgreiðsla skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar á erindi, þar sem óskað var umsagnar um eftirtalin lagafrumvörp: Skipulagslög mál nr. 374, lög um mannvirki mál nr. 375 og lög um brunavarnir mál nr. 376.

0802208 - Umhverfisnefnd Alþingis, frumvörp til umsagnar

Tekið fyrir að nýju bréf umhverfisnefndar alþingis dags. 26.02.2008 þar sem óskað er umsagnar um eftirtalin lagafrumvörp: Skipulagslög, lög um mannvirki og lög um brunavarnir. Áður lögð fram tillaga sviðsstjóra að umsögn um lögin dags. 03.03.2008. Frestað á síðasta fundi.

Skipulags- og byggingarráð tekur undir tillögur sviðsstjóra að umsögnum of felur honum að ljúka meðferð málssins í samræmi við þær.

Meðfylgjandi eru umsagnir sviðsstjóra sem samþykktar voru:

Umsögn um frumvarp til skipulagslaga, dags. 03.03.2008.


Umsögn um frumvarp til laga um mannvirki, dags. 03.03.2008.

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunavarnir, dags. 03.03.2008.

Áður sent í tölvupósti.

Virðingarfyllst,

*Dr. Bjarki Jóhannesson sviðsstjóri
skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðar*



Dagsetning
03.03.2008

**UMSÖGN UM FRUMVARP TIL LAGA UM BREYTINGU Á LÖGUM UM
BRUNAVARNIR**

Mál nr. 376. Lagt fyrir Alþingi á 135.löggjafarþingi.

Hafnarfjarðarbæ hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunavarnir nr. 75/2000. Umsagnarfrestur er til 11. apríl n.k. Hér fara á eftir athugasemdir skipulags- og byggingarsviðs um frumvarpið, teknar saman af dr. Bjarka Jóhannessyni, sviðsstjóra skipulags- og byggingarsviðs og skipulags- og byggingarfulltrúa. Hafnarfjarðarbær áskilur sér rétt til að koma með ábendingar/athugasemdir á seinni stigum.

9. grein.

Í lögum um brunavarnir, nr. 75/2000 er a-liður orðaður svo (12. grein):

Hlutverk eldvarnaeftirlits sveitarfélaga er að:

a. hafa í samvinnu við byggingarfulltrúa eftirlit með því að nýbyggingar fullnægi kröfum samkvæmt lögum og reglugerðum um brunavarnir áður en notkun þeirra er heimiluð.

Frumvarpið gerir ráð fyrir breytingu:

a. framkvæma í samvinnu við byggingarfulltrúa öryggisúttekt og eftir atvikum lokaúttekt, sbr. lög um mannvirki, gefa umsagnir um brunavarnir við meðferð byggingarleyfisumsókna óski byggingarfulltrúi þess og hafa þannig eftirlit með því að nýbyggingar fullnægi kröfum samkvæmt lögum og reglugerðum um brunavarnir áður en notkun þeirra er heimiluð.

Umsögn:

Þetta er til bóta og ætti að einfalda og væntanlega flýta meðferð mála. Byggingarfulltrúi óskar eftir álitum eldvarnaeftirlits í stað þess að ganga eftir að umsækjandi leiti sjálfur eftir henni.


Í lögum um brunavarnir, nr. 75/2000 er c-liður orðaður svo (12. grein):

Hlutverk eldvarnaeftirlits sveitarfélaga er að:

c. hafa, í samvinnu við byggingarfulltrúa, eftirlit með því hvort fólk tekur sér búsetu í atvinnuhúsnæði án þess að leyfi sveitarfélagsins samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hafi verið veitt fyrir breyttri notkun þess og grípa til viðeigandi þvingunarúrræða skv. VIII. kafla laga þessara og VI. kafla skipulags- og byggingarlaga ef þörf krefur. Ef ljóst þykir að hætta skapist af slíkri búsetu skal enn fremur kæra málið til lögreglu.

Frumvarpið gerir ráð fyrir breytingu:

c. hafa, í samvinnu við byggingarfulltrúa, eftirlit með því hvort fólk tekur sér búsetu í atvinnuhúsnæði án þess að byggingarleyfi samkvæmt lögum um mannvirki hafi verið veitt fyrir breyttri notkun þess og grípa til viðeigandi þvingunarúrræða skv. VIII. kafla laga þessara og X. kafla laga um mannvirki ef þörf krefur.



HAFNARFJARÐARBÆR
Skipulags- og byggingarsvið

Umsögn:

Hér er breytt tilvísunum í lög, mannvirkjalög í stað skipulags- og byggingarlaga, sem væntanlega falla úr gildi verði lögin samþykkt samtímis. Einnig fellur brott kæra til lögreglu, þar sem viðurlög í brunavarnalögum og mannvirkjalögum (dagsektir m.fl.) þykja nægja.

Skipulags- og byggingarráð gerir ekki frekari athugasemdir við lagafrumvarpið.

F.h. skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar

Dr. Bjarki Jóhannesson
Skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðar,
sviðsstjóri skipulags- og byggingarsviðs



Alþingi
Erindi nr. P 135/2283
komudagur 18.4.2008

Nefndasvið Alþingis
c/o Unnur Kristín Sveinbjarnardóttir
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 14. apríl 2008
Tilvísun: HI08040064/004

Með bréfi yðar, dagsettu 26. febrúar, var þremur frumvörpum vísað til umsagnar verkfræðideildar. Frumvörpin vörðuðu skipulagslög, mannvirki og brunavarnir. Deildin ráðgaðist við sérfræðinga sína um þessi efni og sér ekki ástæðu til að gera athugasemdir við frumvörpin.

Pálmi Jóhannesson
Pálmi Jóhannesson
skrifstofustjóri verkfræðideildar

Alþingi
Erindi nr. P 135/2284
komudagur 18.4.2008

HVALFJARÐAR
SVEIT



Nefndarsvið Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Hvalfjarðarsveit
Innrimel 3
301 Akranes
Sími : 433 8500
Fax : 433 8501
Kt. 630606-1950

16.04.2008

s. 1/1

50.11/IBE

Frumvörp til laga frá Umverfisnefnd Alþingis.

Á 45. fundir sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar sem haldinn var 15. apríl voru eftirtalin frumvörp lögð fram til umsagnar.

Skipulagslög, 374.mál, Mannvirki 375 mál. og Brunavarnir 376 mál.

Eftirfarandir bókun var gerð.

- 7. liður, frumvarp til laga um mannvirki. Formanni og skipulags- og byggingarfulltrúa falið að undirbúa umsögn. Oddviti lagði fram umsögn nefndarinnar, þar sem gerðar eru athugasemdir við nokkrar greinar frumvarpsins. Sveitarstjórn samþykkir umsögn nefndarinnar.
- 8. liður, frumvarp til laga um skipulagslög. Formanni og skipulags- og byggingarfulltrúa falið að undirbúa umsögn. Oddviti lagði fram umsögn nefndarinnar, þar sem gerðar eru athugasemdir við nokkrar greinar frumvarpsins. Sveitarstjórn samþykkir umsögn nefndarinnar.
- 9. liður, frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunavarnir. Formanni og skipulags- og byggingarfulltrúa falið að undirbúa umsögn. Oddviti lagði fram umsögn nefndarinnar, þar sem gerðar eru athugasemdir við 9. og 12. gr. Frumvarpsins, Sveitarstjórn samþykkir umsögn nefndarinnar.

Umsagnir eru hjálagðar.

Þetta tilkynnist hér með.

Með kveðju

Ingibjörg Birna Erlingsdóttir
ritari/ afgreiðslufulltrúi

ingabirna@hvalfjardarsveit.is



Umsögn skipulags og byggingarnefndar Hvalfjarðarsveitar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunavarnir.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar óskaði eftir því að skipulags og byggingarnefnd Hvalfjarðarsveitar gæfi umsögn um framangreint lagafrumvarp. Nefndin fól formanni og skipulags og byggingarfulltrúa að gera viðkomandi umsögn til sveitarstjórnar.

9. grein.

Í lögum um brunavarnir, nr. 75/2000 er a-liður orðaður svo (12. grein):

Hlutverk eldvarnaeftirlits sveitarfélaga er að:

a. hafa í samvinnu við byggingarfulltrúa eftirlit með því að nýbyggingar fullnægi kröfum samkvæmt lögum og reglugerðum um brunavarnir áður en notkun þeirra er heimiluð.

Frumvarpið gerir ráð fyrir breytingu:

a. framkvæma í samvinnu við byggingarfulltrúa öryggisúttekt og eftir atvikum lokaúttekt, sbr. lög um mannvirki, gefa umsagnir um brunavarnir við meðferð byggingarleyfisumsókna óski byggingarfulltrúi þess og hafa þannig eftirlit með því að nýbyggingar fullnægi kröfum samkvæmt lögum og reglugerðum um brunavarnir áður en notkun þeirra er heimiluð.

Umsögn:

Þetta er til bóta og ætti að einfalda og væntanlega flyta meðferð mála. Byggingarfulltrúi óskar eftir álitum eldvarnaeftirlits í stað þess að ganga eftir að umsækjandi leiti sjálfur eftir henni.

Í lögum um brunavarnir, nr. 75/2000 er c-liður orðaður svo (12. grein):

Hlutverk eldvarnaeftirlits sveitarfélaga er að:

c. hafa, í samvinnu við byggingarfulltrúa, eftirlit með því hvort fólk tekur sér búsetu í atvinnuhúsnæði án þess að leyfi sveitarfélagsins samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hafi verið veitt fyrir breyttri notkun þess og grípa til viðeigandi þvingunarúrreða skv. VIII. kafla laga þessara og VI. kafla skipulags- og byggingarlaga ef þörf krefur. Ef ljóst þykir að hætta skapist af slíkri búsetu skal enn fremur kæra málið til lögreglu.

Skipulags og byggingarnefnd

Frumvarpið gerir ráð fyrir breytingu:

c. hafa, í samvinnu við byggingarfulltrúa, eftirlit með því hvort fólk tekur sér búsetu í atvinnuhúsnæði án þess að byggingarleyfi samkvæmt lögum um mannvirki hafi verið veitt fyrir breyttri notkun þess og grípa til viðeigandi þvingunarúrreða skv. VIII. kafla laga þessara og X. kafla laga um mannvirki ef þörf krefur.

Umsögn:

Ílér er breytt tilvísunum í lög, mannvirkjalög í stað skipulags- og byggingarlaga, sem væntanlega fulla úr gildi verði lögin samþykkt samtímis. Einnig fellur brott kæra til lögreglu, þar sem viðurlög í brunavarnalögum og mannvirkjalögum (dagsektir m.fl.) þykja nægja.

Ekki voru gerðar aðrar athugasemdir.

Hvalfjarðarsveit 11. apríl 2008
fh. skipulags- og byggingarnefndar.
Skúli Lýðsson
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Hvalfjarðarsveitar.

Alþingi
Erindi nr. P 135/1921
komudagur 28.3.2008



Nefndasvið Alþingis
Austurstræði 8-10
105 Reykjavík

Hveragerði 26. mars 2008

Efni: umsögn um frumvarp til laga um skipulagslög, lög um mannvirki og lög um brunavarnir.

Á fundi bæjarráðs Hveragerðisbæjar þann 6. mars var ofangreint erindi tekið fyrir og afgreitt með eftirfarandi hætti:

Bæjarstjóra falið að koma á framfæri við Alþingi athugasemdum Hveragerðisbæjar varðandi frumvörpin og þá sérstaklega það ójafnræði sem nú ríkir milli sveitarfélaga um ráðstöfun fjármuna úr Skipulagssjóði en samkvæmt frumvarpsdrögum verður engin breyting á því.

Í drögum að nýjum skipulagslögum, 374. mál, heildarlög, segir orðrétt:

17. gr.


Skipulagsgjald.

Til að standa straum af kostnaði við gerð aðal- og svæðisskipulagsáætlana og þróunarverkefna sem nýtast sveitarfélögum við gerð skipulagsáætlana skal innheimt í ríkissjóð sérstakt gjald af mannvirkjum er néfnist skipulagsgjald. Skipulagsgjald rennur í Skipulagssjóð. Skipulagsstofnun annast vörslu sjóðsins og greiðslur úr honum. Sjóðurinn skal vera óháður fjárhagslegum rekstri stofnunarinnar.

Af nýbyggingum, sem virtar eru til brunabóta, skal greiða skipulagsgjald í eitt skipti sem nemur 0,3% af brunabótamati hverrar húseignar. Nýbygging telst hvert nýreist hús sem virt er til brunabóta, svo og viðbyggingar við eldra hús ef virðingarverð hinnar nýju viðbyggingar nemur a.m.k. $\frac{1}{5}$ verðs eldra hússins.

Skipulagsgjald fellur í gjalddaga þegar virðingargjörð hefur farið fram og Fasteignamat ríkisins hefur tilkynnt hana til innheimtumanns ríkissjóðs. Því fylgir lögveð í eigninni og gengur það fyrir öllum öðrum veðkröfum er á henni hvíla. Innheimta má gjaldið með fjárnámi. Sýslumaður skal innheimta skipulagsgjald af gjaldskyldum mannvirkjum í lögsagnarumdæmi sínu. Í Reykjavík skal tollstjóri annast innheimtuna. Skipulagsgjald innheimtist samkvæmt fyrirmælum frá Fasteignamati ríkisins.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um álagningu, innheimtu og ráðstöfun gjalds þessa.





HVERAGERÐISBÆR

18. gr.

Greiðsla kostnaðar vegna skipulagsvinnu.

Kostnaður við gerð skipulagsáætlana greiðist sem hér segir

1. *Kostnaður við gerð landsskipulagsáætlunar greiðist af ríkissjóði*
2. *Kostnaður við gerð svæðisskipulags greiðist til helminga af Skipulagssjóði og hlutaðeigandi sveitarfélögum samkvæmt samningi Skipulagsstofnunar og svæðisskipulagsnefndar.*
3. *Sveitarfélög geta fengið greiddan allt að helmingi kostnaðar við gerð eða endurskoðun aðalskipulags úr Skipulagssjóði. Þar sem aðstæður eru sérstakar, t.d. ef þörf er á óvenju umfangsmikilli skipulagsvinnu í fámennu sveitarfélagi, er unnt að semja um hærri kostnaðarhlutdeild.*
4. *Sveitarfélag sem ekki fær framlag úr Skipulagssjóði skv. 3. tölul. fær helming innheimtra skipulagsgjalda í sveitarfélaginu yfirfærðan árlega úr Skipulagssjóði.*
5. *Kostnaður við gerð deiliskipulags greiðist úr sveitarsjóði, sbr. þó 2. mgr. 38. gr.*
6. *Kostnaður við gerð grunnkorta sem nauðsynleg eru vegna svæðis- og aðalskipulags skiptist til helminga milli Skipulagssjóðs og hlutaðeigandi sveitarfélags nema í þeim sveitarfélögum sem árlega fá endurgreiddan helming innheimtra skipulagsgjalda, sbr. 4. tölul.*

Undanfarið ár hefur Hvergerðisbær sótt það fast að fá greiddan helming innheimts skipulagsgjalds í bæjarfélaginu sem er sama fyrirkomulag og sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu hafa ásamt Akureyri.

Það hefur verið skilningur bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar að í gildandi lögum sé skýr heimild til að samþykkja beiðni Hveragerðisbæjar eins og fordæmi er fyrir að hafi verið gert gagnvart sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri. Ennfremur hefur verið bent á að svo virðist sem jafnræði sé ekki viðhaft gagnvart sveitarfélögum varðandi ákvörðun Skipulagsstofnunar í þessum málum þar sem sum sveitarfélög virðast geta fengið helming skipulagsgjalda í sinn hlut en önnur ekki. Fyrir þeirri mismunun eru engin haldbær rök. Undirrituð bendir á að jafnræðisregla stjórnarsýsluréttar er sett fram með þeim hætti í 11. gr. stjórnarsýslulaga, nr. 37/1993, að við úrlausn máls skuli stjórnvöld gæta samræmis og jafnræðis í lagalegu tilliti. Skipulagsstofnun hefur ítrekað hafnað beiðni okkar um með vísun í gildandi lög. Undirrituð fær ekki séð að í svörum Skipulagsstofnunar sé tekið tillit til lagatextans eins og hann er í gildandi lögum eða jafnræðisreglu stjórnarsýslulaganna.

Það er afar mikilvægt að við endurskoðun skipulagslaga séu tekin af öll tvímæli um framkvæmd laganna og því nauðsynlegt að orða lagatextann með þeim hætti að Skipulagsstofnun geti farið eftir honum.

Mikilvægt er að fyllsta jafnræðis sé ávallt gætt við lagasetningu og framkvæmd laga, í þessu máli hefur þess ekki verið gætt og því afar mikilvægt að úr því verði bætt nú þegar tækifæri gefst við heildarendurskoðun laganna.

Virðingarfyllt,
Aldís Hásteinsdóttir,
bæjarstjóri

Alþingi
Erindi nr. P 135/2162
komudagur 11.4.2008

Til umhverfisnefndar Alþingis

10. apríl 2008

Undirrituð óskar að koma á framfæri eftirfarandi viðbót við lög um brunavarnir vegna

frumvarps til laga um breytingar á lögum um brunavarnir nr. 75/2000 á þskj. 618, mál nr. 376:

1) Við 5. gr. laga nr. 75/2000 um verkefni *Brunamálastofnunar*, á eftir d. lið komi nýr liður svohljóðandi:

„x. vera skipulagsyfirvöldum til ráðgjafar um eldvarnir í skóglendi “

2) Við 12. gr. laga nr. 75/2000 um *eldvarnaeftirlit sveitarfélaga*, á eftir a. lið komi nýr liður svohljóðandi:

„x. hafa í samvinnu við skipulagsfulltrúa eftirlit með því að skipulags- og skógræktaráætlanir fullnægi kröfum um eldvarnir í skóglendi “


Greinargerð:

Víða er skógur og/eða skógrækt hluti af skipulagðri landnotkun, sbr. það markmið að í „hverju landshlutaverkefni skal stefnt að ræktun skóga á að minnsta kosti 5% af flatarmáli láglendis neðan 400 m yfir sjávarmáli“ (lög 95/2006).

Jafnvel þótt talið sé að hætta á skógareldum sé lítil hér á landi er nauðsynlegt að að tryggja að áætlanir um skógrækt taki til forvarna í þessu sambandi. Rétt er að benda á að Almannavarnir líta á skógarelda sem „náttúruvá“. Eðlilegt er að það sé meðal verkefna Brunamálastofnunar að vera skipulagsyfirvöldum til ráðgjafar um eldvarnir í skóglendi og að það sé hluti af eldvarnaeftirliti sveitarfélaga að fylgja því eftir að skógræktaráætlanir innan sveitarfélagsins fullnægi kröfum um eldvarnir.

Virðingarfyllst,

K. Hulda Guðmundsdóttir, skógarbóndi
Fitjum, Skorradal.



Alþingi
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

*Alþingi
Erindi nr. P 135/1816
komudagur 14.3.2008*


Akranesi 04. mars 2008
Tilvísun: L08020025/022.1/MG/rlb

**Efni: Umsögn Landmælinga Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um
brunavarnir, 376. mál**

Vísað er í bréf frá umhverfisnefnd Alþingis dagsett 26. febrúar sl. þar sem óskað er eftir að Landmælingar Íslands sendi inn umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunavarnir, 376. mál.

Landmælingar Íslands gera ekki athugasemdir við frumvarpið.

Með kveðju


Magnús Guðmundsson
forstjóri



Alþingi
Erindi nr. Þ 135/2228
komudagur 15.4.2008

Umhverfisnefnd Alþingis
150 Reykjavík

Reykjavík 14.04 2008

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um brunavarnir

Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS), Brautarhloti 30, Reykjavík, hefur haft til umsagnar frumvarp til laga um brunavarnir, 376. mál.

LSS er stéttarfélag í skilningi laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opb. starfsmanna og hefur innan sinna raða bæði slökkviliðsmenn og sjúkraflutningamenn. Skv. lögum LSS gætir það hagsmuna félagsmanna sinna bæði varðandi fagleg málefni sem og kjaraleg málefni.

LSS fagnar framkomnu frumvarpi og þá sérstaklega skýrum ákvæðum varðandi björgun á fastklemmdu fólki.

Í 2. grein frumvarpsins segir: *“Lögin gilda enn fremur um björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum með sérhæfðum björgunarbúnaði.”*

Hér er tekinn af allur vafi að lögin gildi um björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum.

Grein 8.

Í greininni segir: *“Björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum með sérhæfðum björgunarbúnaði skal vera eitt af verkefnum slökkviliðs samkvæmt lögum þessum.”*

Hér er loks kominn lagalegur stuðningur við að verkefnið sé hjá slökkviliðunum, eins og það er í raun í dag.

Þannig háttar til á Íslandi að slökkvilið sveitarfélaganna hafa tekið í þjónustu sína áhöld og búnað til björgunarstarfa sem í daglegu tali eru nefnd “klippur”. Um dýran og flókinn búnað er að ræða sem er meðal annars beitt til að lyfta þungum hlutum við mjög þröngar aðstæður, eða klippa í sundur hluti sem þarf að komast í gegnum til að komast að fólki sem lokast hefur inni eða klemmst t.d. þar sem jarðskjálfti hefur orðið og eða loka fyrir efnaleka.

Einnig að vinna sig inn í bílflök eftir umferðarslys þannig að sjúkraflutningamenn geti athafnað sig við meðhöndlun slasaðra og komið fólki sem allra fljótast og í sem bestu ástandi á sjúkrahús til frekari meðferðar.

Aðal ástæðan fyrir því að þessi málaflokkur er hjá slökkviliðum, ekki bara á Íslandi heldur út um allan heim, er að slökkvibílarnir eru stórir og burðarmiklir en það fer mikið fyrir þessum tækjum. Einnig getur verið um eiturefnaleka að ræða og þá þarf að hafa slökkvibíl mannaðan slökkviliðsmönnum til að tryggja vettvanginn.

Allur þessi búnaður vinnur saman og styður hver annan hvort sem um er að ræða klippur, glennur, tjakka, lyftipúða, rafstöðvar, rafmagnssagir, loftpúða til að stöðva leka, fleygar, spil, loftpúðavörn til að hindra að líknarbelgir springi ekki á um 300 km hraða á björgunarmenn, rúðubríjót, slökkviliðsbíl til að slökkva eld eða að varna að eldur komi upp og vel varða þjálfaða og menntaða menn til að vinna með þessi tækji.

Í nágrannalöndum okkar er þessi málaflokkur á hendi slökkviliðanna og slökkviliðsmönnum er kennd meðferð þessara sérhæfðu björgunartækja. Svo er einnig hér á landi.

Í níunda kafla kennslubókar Brunamálaskólans fyrir slökkviliðsmenn, er kennd meðferð og notkun þessa búnaðar. Það verður ekki séð að neinn annar viðbragðsaðili nema slökkviliðin geti tekið að sér þessi veigamiklu verkefni án mikils kostnaðar enda hangir þetta allt saman við þau verkefni sem slökkviliðunum er falið að sinna samkvæmt lögum.

Í 7. grein frumvarpsins segir: *“Byggingarstofnun er heimilt með samningi að fela menntastofnun starfrækslu Brunamálaskólans. Enn fremur er heimilt að gera samning við slökkvilið eða aðra fagaðila um framkvæmd einstakra þátta í starfsemi skólans.”*

Af þessu tilefni vill stjórn LSS taka fram að nám það sem fram fer við Brunamálaskólann er mjög sérhæft og útheimtir dýrann og flókinn tækjabúnað sem að álitum LSS er ekki á færi annarra en slökkviliða sveitarfélaganna að tryggja afnot af slíkum tækjum og búnaði. Þannig er verulegur vafi á því að hægt sé að fela öðrum menntastofnunum eins og framhaldsskólum framkvæmd þeirrar menntunar. Þannig leggur stjórn LSS á það áherslu að skólinn verði framvegis rekinn sem sjálfstæð stofnun eins og t.d. Sjúkraflutningaskólinn og Lögregluskólinn. Einnig væri vel hægt að fela stærstu slökkviliðum landsins rekstur skólans, en með því væri fulltryggt að sú fagþekking sem þar er til staðar hverju sinni, skilaði sér til nemenda.

Þá má ekki gleyma því að endurmenntun er stór hluti í menntun slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna um allt land og því gríðarlega mikilvægt að tryggja öllum slökkviliðsmönnum gott aðgengi að endur og símenntun. Án þess verður ekki mögulegt að halda uppi góðri þjónustu og um leið að tryggja fyllsta öryggi íbúa og slökkviliðsmanna í útköllum og annarri þeirri vinnu sem er á hendi slökkviliðanna. Ekki verður séð að það takist svo vel sé án aukinnar uppbyggingar Brunamálaskólans bæði hvað varðar tæknilega hlið skólans og ekki síst þarf aukið fjármagn til rekstur hans umfram það sem nú er ætlað til reksturs Brunamálaskólans.

Jafnframt vekjum við athygli á þeirri nauðsyn að hluti kennslunnar fari fram í fjarkennslu.

Á landinu í dag eru um 1300 slökkviliðsmenn, þar af um 400 atvinnumenn. Að mati stjórnar LSS bera að efla alla kennslu og menntun slökkviliðsmanna. Þá er í dag greinileg þörf fyrir frekari menntun viðbragðsaðila. Þannig hefur fjölgað í þeirri stétt manna sem vinna stöðugt við neyðartilvik og hjálparstarfsemi.




Vel mætti hugsa sér að Brunamálaskólinn í samvinnu annarra tæki yfir slíka menntun. Mætti þar leiða hugann að því hvort ekki væri skynsamlegt að taka til skoðunar stofnun skóla sem hefði það hlutverk sem margir aðilar hafa með höndum í dag. Má þar nefna sem dæmi lögregluskóla, tollvarðaskóla, sjúkraflutningaskóla, brunamálaskóla og slysavarnaskóla.

Okkur hjá LSS er ljóst að það þarf að bæta starfsemi Brunamálaskólans en sjáum ekki að lausnin felist í að færa hann undir einhverja menntastofnun út í bæ sem meðal annars hefur ekki yfir að ráða þeim tækjabúnaði sem til þarf.

LSS leggur því til við Umhverfisnefnd að felld verði út eftirfarandi setning í 7. grein frumvarpsins: "Byggingarstofnun er heimilt með samningi að fela menntastofnun starfrækslu Brunamálaskólans."

Varðandi aðrar greinar frumvarpsins tekur LSS undir umsögn SHS.
Einnig erum við tilbúnir að koma á fund nefndarinnar til að veita frekari upplýsingar.

Fyrir hönd Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna



Sverrir Björn Björnsson formaður



Alþingi
Erindi nr. Þ 135/3114
komudagur 13.8.2008

Umhverfisnefnd Alþingis
150 Reykjavík

Reykjavík 11.08.2008

Efni: Umsögn um drög að nefndarátliti og breytingartillögum umhverfisnefndar vegna frumvarps til laga um brunavarnir.

Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS), Brautarhlotti 30, Reykjavík, hefur áður haft til umsagnar frumvarp til laga um brunavarnir, 376. mál og vísar til umsagnar frá 14.04.08.

Varðandi drög umhverfisnefndar að breytingartillögum þá gerir LSS athugasemd við að fella út orðin “og mannvirkjum” í 8. gr. frumvarpsins. LSS telur mikilvægt að greinin haldist óbreytt.

Varðandi drög umhverfisnefndar að nefndarátliti þá inniheldur það misskilning eða rangfærslur þegar reynt er að rökstyðja þá hugmynd að björgun á fastklemmdu fólki í mannvirkjum eigi ekki heima hjá slökkviliðunum. Verkefnið er hjá slökkviliðunum.

Í nefndarálitinu segir:

“Nefndin telur mikilvægt að greina hér á milli og að slökkvilið fái lagastoð fyrir þeim verkefnum sem þau hafa sinnt en slysavarnarfélög sjái áfram um rústabjörgun.”

Hvað varðar rústabjörgun þá er það einungis hluti af “björgun á fastklemmdu fólki í mannvirkjum”.

Sú fullyrðing nefndarinnar að slysavarnarfélögin sjái áfram um rústabjörgun er villandi. Björgun á fastklemmdu fólki í mannvirkjum er ekki hjá slysavarnarfélaginu Landsbjörgu eins og sjá má í lögum um björgunarsveitir nr. 43/2003. Björgun á fastklemmdufólki í mannvirkjum er samkvæmt lögum vistuð hjá lögreglu en er í raun hjá slökkviliðunum eins og sjá má á flutningsræðu umhverfisráðherra, athugasemdum með frumv. og ársskýrslu Brunamálastofnunar (2007 bls. 4).

Í lögum um björgunarsveitir og björgunarsveitamenn nr. 43/2003 segir um hlutverk þeirra í 3. gr. : Hlutverk björgunarsveita og björgunarsveitarmanna er að starfa í þágu almannaheilla með þátttöku við björgun, leit og gæslu á ábyrgð stjórnvalda og í samvinnu við þau.

Svona verkefni verða að vistast hjá opinberum aðila sem hefur til þess heimildir. Landsbjörg vinnur eingöngu á heimildum frá opinberum aðilum. Það þarf ákvörðun frá lögreglu til að boða björgunarsveitir í leit og björgun (Reglug. nr. 289/2003). Á hinum norðurlöndunum og víðar er björgun á fastklemmdu fólki í bifreiðum og mannvirkjum vistuð hjá slökkviliðunum. Þó svo að Landsbjörg “telji” eitthvað eiga að vera öðuvísi en allir aðrir umsagnaraðilar þá getur umhverfisnefnd varla notað það sem rök til að gera breytingar á frumvarpinu.



Samkvæmt lögum er björgun á fastklemmdu fólki í mannvirkjum á hendi lögreglunnar en er sinnt af slökkviliðunum eins og kemur t.d. fram í athugasemdum með frumvarpinu:

“Í frumvarpinu er þessu til viðbótar lagt til að björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum verði eitt af lögbundnum verkefnum slökkviliða. Í meira en áratug hafa langflest slökkvilið landsins sinnt þessu verkefni án lagaskyldu. Björgun fólks úr farartækjum, t.d. eftir umferðarslys, krefst sérhæfðs búnaðar og þjálfunar þeirra sem búnaðinn nota. Þegar beita þarf slíkum tækjum er nauðsynlegt að slökkvilið sé á staðnum vegna eldhættu við farartækið. Hefur því skapast sú hefð að slökkvilið sinni þessu verkefni og er kennsla í meðferð búnaðarins hluti af námsefni Brunamálaskólans. Búnaðurinn nýtist einnig við björgun fólks úr mannvirkjum. Með því að gera verkefnið lögbundið er tryggt að þessi þjónusta sé fyrir hendi á öllu landinu og hún uppfylli tilteknar lágmarkskröfur. Þannig verður unnt að setja reglur um lágmarksbúnað, þjálfun starfsmanna, forvarnir og viðbragðsáætlanir.”

Í frumvarpinu er umhverfisráðherra að færa björgun á fastklemmdu fólki frá lögreglu til slökkviliðsins, enda er slökkviliðið sá fagaðili sem sinnir verkinu í dag. Þetta var gert í samráði milli þriggja ráðuneyta eins og kemur fram í flutningsræðu umhverfisráðherra:

“Meðal annarra breytinga má nefna að lagt er til að björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum verði eitt af lögbundnum hlutverkum slökkviliða. Í meira en áratug hafa langflest slökkvilið landsins sinnt þessu verkefni án lagaskyldu.”


..... *“Var ákveðið, að höfðu samráði við dómsmála- og samgönguráðuneytið, að lögbinda þetta hlutverk við slökkvilið landsins. Með því að gera verkefnið lögbundið er tryggt að þessi þjónusta sé fyrir hendi á öllu landinu og hún uppfylli tilteknar lágmarkskröfur.”*

Í umsögn Sambands Ísl. sveitarfélaga segir: *“Slökkviliðin hafa sinnt þessu verkefni um árabil þrátt fyrir að þeim hafi ekki borið lagaskylda til þess. Hefur það verið gert af brýnni nauðsyn.”*

Lagaleg ábyrgð á verkefninu þarf að vera hjá ákveðnum opinberum aðila en ekki hjá frjálsum félagasamtökum. Félagasamtökin gætu lent í erfiðri aðstöðu t.d. varðandi skaðabótaábyrgð. Mjög varasamt er fyrir alþingi að hafa þetta í lausu lofti. Með því að fella út “og mannvirkjum” þá er málaflokkurinn varðandi fastklemmt fólk klipptur í tvennt og það án ástæðu. Það mun leiða til ágreinings í einhverjum slysatilfellum hvort um er að ræða mannvirki eða ekki. Í umsögn Landsbjargar kemur ekkert fram sem gefur ástæðu til að aðskilja fastklemmt fólk í mannvirkjum frá bifreiðum. Hvorki eru notuð rök né vitnað í lagastoð varðandi það að fella út “og mannvirkjum”?

Verði frumv. óbreytt að lögum yrðu björgunarsveitir eftir sem áður kallaðar til. Það er fjarstæða að verið sé að taka eitthvað frá þeim. Eftir sem áður yrði áfram öflugt samstarf milli björgunaraðila. Af þeim sem sendu inn umsagnir um frumv. þá er einungis einn umsagnaraðili ósammála breytingunum sem 8.gr felur í sér, aðrir eru sammála eða gera ekki athugasemdir.

Fyrir hönd Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna


Sverrir Björn Björnsson formaður

Alþingi
Erindi nr. P 135/2008
komudagur 9.4.2008

9.4.2008

Umhverfisnefnd Alþingis

2.

Aðalfundur Landssamtaka skógareigenda, haldinn á Hvolsvelli 4. og 5. apríl 2008, beinir þeim tilmælum til umhverfisnefndar Alþingis að inn í frumvarp til laga um breytingar á lögum um brunavarnir nr. 75/2000, mál nr. 376 á þskj 618 verði bætt ákvæðum um brunavarnir í skóglendi.

Greinargerð

Á undanförunum árum hefur skógrækt aukist á landsvísu, í kjölfar laga nr. 95/2006 um landshlutabundin skógræktarverkefni sem hófst með lögum um Héraðsskóga.

Víða um land er því skógur að vaxa upp á stórum svæðum og við það hafa skapast nýjar aðstæður varðandi eldhættu. Skógarbændum þykir nauðsynlegt að taka á því í lögum um brunavarnir verði tekið á eldvörnum í skóglendi.

Tillögur 1 og 2 verði sendar til.



*Alþingi
Erindi nr. P 135/2200
komudagur 14.3.2008*

Mýrdalshreppur

Umsögn um frumvarp til breytinga á lögum um brunavarnir, 376. mál.

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps er í meginatriðum samþykkt efni frumvarpsins sem er að mestu til komið vegna nýrra mannvirkjalaga en telur þó nokkur atriði þarfnast nánari skoðunar.

Í 8. gr. er lögð til sú breyting á 11. gr. núv. laga um brunavarnir að björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum með sérhæfðum búnaði skuli vera eitt af verkefnum slökkviliðs. Sveitarstjórn fagnar því að skilgreint sé hver skuli sjá um björgun á fastklemmdu fólki en minnir á að nauðsynlegt sé að fjármagn fylgi þessum málaflokki sem er ærið kostnaðarsamur bæði hvað varðar búnað og rekstur. Þá hafa björgunarsveitir víða komið sér upp búnaði og þekkingu við að bjarga fólki úr mannvirkjum og ekki sjálfgefið að þeim verkefnum sé betur komið hjá slökkviliðum.

Vík 10. apríl 2008

Sveinn Pálsson
Sveitarstjóri

*Alþingi
Erindi nr. P 135/3113
komudagur 13.8.2008*



Reykjavíkurborg
borgarlögmaður

Reykjavík, 12. ágúst 2008
R08070017
175

Alþingi - Umhverfisnefnd
Hildur Eva Sigurðardóttir, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Umsögn Reykjavíkurborgar um drög að breytingatillögum við frumvarp til laga um brunavarnir, 376 mál.



Með bréfi dags. 4. júlí sl. óskaði umhverfisnefnd Alþingis umsagnar Reykjavíkurborgar um drög að nefndarálitum og drög að breytingartillögum um frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunavarnir, 376.mál flutningur verkefna Brunamálstofnunar o.fl.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins (SHS) hefur með bréfi til umhverfisnefndar dags. 8. ágúst sl. gefið umsögn um drögin. Reykjavíkurborg styður þær athugasemdir sem þar eru gerðar og sjónarmið sem fram koma og telur ekki ástæðu til að bæta neinu þar við.

Kristbjörg Stephensen, hdl.

borgarlögmaður

Hjálagt:
Umsögn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, 8.08.2008
Afrit:
Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri.



8. ágúst 2008

Alþingi umhverfisnefnd
Hildur Eva Sigurðardóttir nefndarritari
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um drög að breytingartillögum við frumvarp til laga um brunavarnir, 376. mál.

Vísað er til bréfs umhverfisnefndar Alþingis, dags. 4. júlí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins um drög að nefndarálit og breytingartillögum við frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunavarnir, nr. 75/2000, með síðari breytingum sem var lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008, þskj. 618 – 376. mál.

Undirritaður hefur f.h. Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins gert eftirfarandi umsögn um drög að nefndarálit og breytingartillögum við ofangreint frumvarp. Að álit undirritaðs eru breytingartillögur nefndarinnar almennt mjög til bóta, þótt mati undirritaðs sé ástæðulaust að gera þær breytingar á ákvæðum frumvarpsins um klippuvinnu sem nefndin leggur til. Mikilvægt er að skilgreina þessa ábyrgð í lög án þess að breyta núverandi verkaskiptingu.

Undirritaður tekur undir umfjöllun í nefndarálit um 21. gr. brunavarnalaga í tengslum við svonefndan Hringrásarbruna. Staðreynd er, að Hæstiréttur hefur kveðið upp dóm sinn í málinu og það því endanlega til lykta leitt. Eftir stendur að leggja mat á það hvaða skilaboð felast í forsendum og niðurstöðu dómsins. Að mati undirritaðs er dómurinn fyrst og síðast skýr skilaboð um að þörf sé á að gera breytingar á lögum nr. 75/2000, um brunavarnir, í þá veru að tryggt sé að slökkviliði/sveitarstjórn sé haldið skaðlausri af brunatjónum sem og tjónum sem rekja megi til mengunaróhappa í skilningi laganna, en skylda þar um var lögfest með gildistöku laganna 1. janúar 2001. Því er lagt til að í lög nr. 75/2000, um brunavarnir, verði lögfest regla í anda þeirrar reglu sem fram kemur í 16. gr. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda, en samkvæmt henni þarf ekki að liggja fyrir saknæmt atferli heldur dugar að tjón hafi orðið þótt hvorki liggi að baki ásetningur né gáleysi, svokölluð hlutlæg ábyrgð.

Þessi breyting á lögum nr. 33/2004 er að hluta til gerð vegna strands flutningaskipsins Víkartinds 5. mars 1997. Í greinargerð með frumvarpinu, þskj. 164 – 162. mál á 130. löggjafarþingi, kemur skýrt fram að hver sá sem uppvís verður að því að valda mengun sjávar í mengunarlögsögu Íslands beri fulla ábyrgð á því tjóni sem mengunin veldur. Þetta ákvæði á einnig við um hafnarsvæði, en hafnarsvæði er umráðasvæði á sjó og landi sem hafnaryfirvöld á hverjum stað annast og skilgreint er í hafnalögum og hafnareglugerðum. Skilgreindur atvinnurekstur á hafnarsvæði fellur því undir svokallaða mengunarbótareglu (PPP-reglan), þ.e. ábyrgð án sakar að hámarki sem nemur 1 milljón SDR. Ef viðkomandi atvinnurekstur er staðsettur innan hafnarsvæðis er skylt að tryggja hann en ekki ef hann er staðsettur utan hafnarsvæðis.

Með lögfestingu hlutlægrar bótareglu er vissulega verið að setja viðtækar ábyrgðarskyldur á rekstraraðila. Slíkt er hins vegar óhjákvæmilegt til að tryggja það að sveitarstjórnir/slökkvilið þurfti ekki sjálft að bera kostnað, óháð því hvort atvinnureksturinn sé á hafnarsvæði eða utan þess, sem það verður fyrir vegna bruna og/eða mengunaróhappa og ekki fæst bætt úr tryggingum líkt og núgildandi löggjöf um brunavarnir gerir ráð fyrir. Svo ekki sé minnst á það að slökkviliðsstjórinn, sem hefur þá skyldu fyrst og síðast að tryggja velferð og öryggi almennings, má aldrei verða settur í þá stöðu að ákvarðanir um björgunaraðgerðir byggist á öðru en framangreindum sjónarmiðum.

Í þessu samhengi er vert að skoða 3. mgr. 21. gr. í lögum nr. 75/2000, um brunavarnir, en þar kemur eftirfarandi fram:

Fjártjón sem hlýst af ráðstöfunum skv. 2. mgr. telst brunatjón og skal bætt af viðkomandi vátryggingafélagi sé eign brunatryggð.

Mögulegt er að setja sömu umgjörð fyrir viðbúnað við mengunaróhöppum og er til staðar fyrir viðbúnað við eldsvoðum, með eftirfarandi breytingum á 3. mgr. 21. gr.:

Fjártjón sem hlýst af ráðstöfunum skv. 2. mgr. telst brunatjón eða mengunartjón og skal bætt af viðkomandi vátryggingafélagi sé eign brunatryggð eða atvinnustarfsemin tryggð fyrir bráðamengunartjóni.

Einnig yrði að skoða sérstaklega 2. mgr. 21. gr. sömu laga en þar segir m.a. orðrétt:

Þegar eldsvoða ber að höndum er hverjum manni skylt að leyfa aðgang að húsi sínu og lóð og una því að brotið verði niður og rutt burt því sem til fyrirstöðu er við slökkvistarf. Heimilt er að rífa niður byggingar ef slökkviliðsstjóri álitur það nauðsynlegt til að stöðva útbreiðslu elds. Slökkvilið hefur rétt til að nota öll tæki og áhöld sem til næst og að gagni mega koma við slökkvistarf þegar eldsvoða ber að höndum.

Hér væri mögulegt að gera eftirfarandi breytingar svo eitthvað sé nefnt:

Þegar eldsvoða eða mengunaróhapp ber að höndum er hverjum manni skylt að leyfa aðgang að húsi sínu og lóð og una því að brotið verði niður og rutt burt því sem til fyrirstöðu er við slökkvistarf. Heimilt er að rífa niður byggingar ef slökkviliðsstjóri álitur það nauðsynlegt til að stöðva útbreiðslu elds eða mengunar. Slökkvilið hefur rétt til að nota öll tæki og áhöld sem til næst og að gagni mega koma við slökkvistarf þegar eldsvoða eða mengunaróhapp ber að höndum.

Undirritaður ítrekar einnig hér með að eftirfarandi breytingar verði gerðar á frumvarpinu og leggur þunga áherslu á nauðsyn þess að slökkvilið fái m.a. lagaheimild til gjaltdöku vegna þátttöku í öryggisúttektum, sbr. frumvarp til laga um mannvirki, 375. mál með því að skýra og skerpa ábyrgð, úrræði og viðurlög slökkviliðsstjóra.

Um 2. gr. frumvarpsins

Í frumvarpinu er lagt til að á eftir 1. málsl. 2. gr. laganna komi nýr málslíður, svohljóðandi: „*Lögin gilda enn fremur um björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum með sérhæfðum björgunarbúnaði.*“

Í drögum að breytingartillögum umhverfisnefndar er lagt til að orðin „*mannvirkjum og*“ falli brott. Forsendur fyrir tillögunni eru að nefndin álitur að björgun sem þessi sé í raun tvíþætt. „*Annars vegar* þegar tilfallandi aðstæður skapast, svo sem við umferðarslys þegar þarf að beita klippum til að komast að fólki en þessu hlutverki hafa slökkvilið sinnt. *Hins vegar* þegar um rústabjörgun er að ræða, til að mynda í kjölfar náttúruhamfara, svo sem snjóflóða, jarðskjálfta, skriðufalla o.fl. þar sem slysavarnafélög hafa gegnt veigamiklu hlutverki. Nefndin telur mikilvægt að greina hér á milli og að slökkvilið fái lagastoð fyrir þeim verkefnum sem þau hafa sinnt en slysavarnafélög sjái áfram um rústabjörgun.“

Þessi skipting nefndarinnar er varhugaverð og í raun hættuleg því ekki er um að ræða hrein skil á milli þessara verkþátta og ein af meginástæðum fyrir því að nágrannaþjóðir okkar eru ekki með þennan aðskilnað. Það er langur vegur á milli umferðarslyss og náttúruhamfara, svo sem snjóflóða, jarðskjálfta og skriðufalla, a svo eitthvað sé nefnt, sem þarf að brúa og ekki ásættanlegt að skilja eftir slíka eyðu í lagasetningunni. Einnig vaknar upp sú spurning hvort ekki þurfi þá sérstaka lagastoð fyrir slysavarnafélögin með þeirri víðtæku ábyrgðarskyldu og kvöðum sem henni fylgja, s.s. hættu á málaferlum og skaðabótum. Slíkt fyrirkomulag væri í ósamræmi við núverandi fyrirkomulag laga.

Það er því óráðlegt að gera breytingar á ákvæðum frumvarpsins og ef þær verða gerðar er frekar lagt til að hætt verði við að fela slökkviliðum að beita klippum við umferðarslys og málaflokkurinn falinn einhverjum öðrum í heild sinni.

Mikilvægt er að skilgreina þessa ábyrgð í lög án þess að breyta núverandi verkaskiptingu, sem er alls ekki tilgangurinn með lagabreytingunni, þar sem slysavarnafélög hafa gegnt veigamiklu hlutverki og eiga að gegna því í framtíðinni en með skýra lagastoð hjá slökkviliðum sem hinum opinbera ábyrgðaraðila. Mjög gott fordæmi fyrir slíku er núverandi fyrirkomulag á milli slysavarnafélaga, slökkviliða og lögreglu, s.s. aðstoð við slökkvistarf og einnig við leit og björgun samkvæmt reglugerð nr. 289/300. Snýr jafnframt að 8. gr. og 11. gr.

Um 7. gr. frumvarpsins

Áður hefur verið bent á vankanta þess að eingöngu eigi að vera hægt að fela menntastofnun starfrækslu Brunamálaskólans. Tvennt mælir eindregið með því að heimilt verði að fela slökkviliðum þetta að hluta eða öllu leyti. Annarsvegar snýr þetta að kostnaði en þar er mörgu ósvarað. Hver verður kostnaður sveitarfélaga af menntun slökkviliðsmanna, beinn eða óbeinn? Staðsetning kennslu fjarri starfsstöðvum mun óhjákvæmilega kosta meira en í því felst einnig kostnaður vegna

vinnutaps hlutastarfandi slökkviliðsmanna. Slökkviliðum er skylt að lána tæki til kennslu í skólanum en hver ber kostnað af mönnun slíkra tækja sem oftast en ekki kalla á kunnáttu og reynslu í notkun þeirra? Almennt er einnig spurning um skólagjöld. Hinsvegar er kennsla í Brunamálaskólanum mjög sérhæfð og krefst jafnframt tækjabúnaðar sem er ekki til nema hjá slökkviliðunum. Reynsla og þekking á þörfum og starfsemi slökkviliðanna vegur einnig þungt er horft er til skipulags og uppbyggingar á náminu þótt faglegt eftirlit þurfi þó ávallt að vera til staðar hjá Byggingarstofnun. Vert er að minna á að samkvæmt 16. grein nágildandi laga er það slökkviliðsstjóra að sjá um fræðslu slökkviliðsmanna og þjálfun þeirra í brunavörnum og viðbrögðum við mengunaróhöppum og að haldnar séu reglubundnar æfingar slökkviliðs.

Verði heimilt að fela slökkviliðum starfrækslu skólans mun það bjóða upp á sveigjanleika í rekstri hans sem á að skila sparnaði og meiri gæðum í þeirri kennslu sem í boði verður. Í ljósi þessa er lagt til að orðin „eða slökkviliði“ komi á eftir orðinu „menntastofnun“ í 3. máls. 1. mgr. 9. gr. laganna.

Málsliðurinn verður þá í heild sinni á eftirfarandi máta.

„Byggingarstofnun er heimilt með samningi að fela menntastofnun eða slökkviliði starfrækslu Brunamálaskólans.“

Um 9. gr. frumvarpsins

Varðandi a-lið 1. mgr. 12. gr. laganna er nauðsynlegt að áskilja gjaldtöku slökkviliðs fyrir aðkomu að öryggis- og lokaúttektum. Byggingarfulltrúi tekur gjald fyrir sínar úttektir og er sérstaklega gert ráð fyrir því í frumvarpi til laga um mannvirki, þingskjal 617 – 375. mál, sem lá fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi. Einnig er gert ráð fyrir gjaldtöku byggingarstofnunar vegna útgáfu starfsleyfa og námskeiðahalds. Það verður að teljast óeðlilegt að stofnanir sem heyra undir sama ráðuneyti skuli ekki hafa sambærilegar heimildir til gjaldtöku vegna aðkomu að sömu hlutum í sínu eftirliti. Þetta er að nokkru spurning um hugmyndafræði; hvort sá gjaldi er valdi eða ekki. Eðlilegt er að samræmis gæti á milli aðila og að slökkviliðsstjóra sé einnig heimilt að taka gjald fyrir sínar úttektir.

Einnig virðist það vera skýr vilji löggjafans að fyrirkomulag lokaúttekta á nýbyggingum komist í betra horf og er það m.a. gert með nýjung sem er öryggisúttektir, sjá 34. gr. í frumvarpi til laga um mannvirki. Þar segir m.a. orðrétt:

„byggingarstjóri, fyrir hönd eiganda mannvirkis, skal óska eftir öryggisúttekt áður en það er tekið í notkun. Viðstaddir slíka úttekt skulu vera auk eftirlitsaðila og byggingarstjóra, fulltrúi slökkviliðs og þeir iðnmeistarar og hönnuðir sem þess óska eða eru til þess boðaðir af byggingarstjóra.“

Gangi það eftir mun þessum úttektum fjölga umtalsvert og því mjög brýnt að slökkviliðsstjóra verði tryggðar tekjur til að mæta þeim kostnaði sem þetta mun hafa í för með sér. Einnig hefur verið talið að slökkvilið geti innheimt gjald fyrir ítrekaðar heimsóknir vegna vanbúnaðar brunavarna, vegna umsagna við útgáfu leyfa og annars þess háttar. Hins vegar hefur þessi heimild ekki verið alls kostar skýr. Er því ekki vanþörf á að skýrt sé að slökkvilið hafi heimild til gjaldtöku fyrir úttektir þannig að það sé yfir allan vafa hafið, líkt og er með löggjöf á sviði heilbrigðiseftirlits og um útgáfu leyfa hjá lögreglu.

Lagt er til að við 12. gr. bætist ný málsgrein, sem verður þá 3. mgr., sem tekur á gjaldtöku vegna útgáfu starfsleyfa, vottorða og fyrir aðkomu að öryggis- og lokaúttektum. Slíkt ákvæði gæti hljóðað á eftirfarandi hátt:

„Heimilt er sveitarfélögum að setja gjaldskrá og innheimta gjald fyrir útgáfu starfsleyfa, vottorða og fyrir aðkomu að öryggis- og lokaúttektum. Fjárhæð gjaldsins skal ekki vera hærri en nemur kostnaði við framkvæmdina. Gjöldum þessum fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi.“

Um 20. gr. nógildandi laga

Í frumvarpinu er ekki gerð tillaga um breytingar á þessari grein. Á síðustu misserum hefur í tengslum við þá vinnu slökkviliðs að hafa eftirlit með búsetu manna í atvinnuhúsnaði, sbr. c-lið 12. gr. laganna, orðið vart við skort á skýrum ákvæðum um heimildir slökkviliðs til myndatöku á vettvangi. Hefur slökkviliði verið meinað að taka myndir af flóttaleiðum og öðrum vanköntum á eldvörnum á þeim grundvelli að um búsetustað manna væri að ræða. Er þetta mjög bagalegt þar sem myndataka á vettvangi er afar mikilvægur þáttur í gagnaöflun slökkviliðs og góðrar stjórnýslu, sbr. ákvæði stjórnýslulaga um rannsóknarreglu. Sérstaklega er þetta veigamikið í ljósi þess að slökkviliðsstjóra er skylt að kæra slík mál til lögreglu. Þar sem heimildir heilbrigðiseftirlits í þessum efnum eru ótvíræðar sbr. 28. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, hefur í nokkrum tilvikum verið leitað aðstoðar heilbrigðiseftirlits við að taka myndir á vettvangi. Lagt er til að heimild slökkviliðs til myndatöku verði lögfest og þar með hafin yfir allan vafa, en hér er einnig vert að huga að nauðsyn þess að heimildir stofnana sem starfa á sviði sama ráðuneytis séu samræmdar. Er því lagt til að við ákvæði 1. mgr. 20. gr. bætist við eftirfarandi: *„til skoðunar og eftirlits, þar á meðal til myndatöku á öllum þeim stöðum“*. Til samræmis verði eftirfarandi orð tekin út: „að atvinnuhúsnaði og öðrum vinnustöðum.“

Mun 1. mgr. 20. gr. þannig hljóða í heild sinni með eftirfarandi hætti:

„Slökkviliðsstjóra og eftirlitsmönnum hans skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þar á meðal til myndatöku, á öllum þeim stöðum þar sem eftirlit er þörf samkvæmt lögum þessum.“

Um 29. gr. nógildandi laga

Í frumvarpinu er ekki gerð tillaga um breytingar á 29. gr. laganna. Í 2. mgr. 29. gr. laganna er eftirfarandi upptalning á því hvenær slökkviliðsstjóri getur beitt aðgerðum til að knýja fram úrbætur:

„Slökkviliðsstjóri getur beitt eftirfarandi aðgerðum til að knýja fram úrbætur vegna mannvirkis í notkun, starfsemi í því eða á lóðum og öðrum svæðum utan dyra þar sem eldhætta getur skapast, t.d. vegna starfsemi á svæðinu, söfnunar sorps og annars úrgangs eða geymslu eldfimra efna.“

Þessi upptalning gefur mjög skýrar leiðbeiningar en er einnig að vissu leyti hamlandi. Á þetta sérstaklega við varðandi framkvæmd slökkviliðs í tengslum við 61. gr. byggingareglugerðar nr. 441/1998 með síðari breytingum og lög um brunavarnir nr. 75/200 með síðari breytingum. Má þar m.a. nefna yfirgefin hús og önnur atvik þar sem ekki er hægt að sanna að mannvirkið sé í notkun. Sönnunarbyrði slökkviliðsstjóra er mikil samkvæmt stjórnýslulögum sem opinbers stjórnvalds. Þetta lagaákvæði verður að ná utan um það hlutverk sem slökkviliðsstjóra er ætlað og

má ekki vera hamlandi í því tilliti. Því eru lagðar fram eftirfarandi breytingar á 2. mgr. 29. gr.

Lagt er til að orðin „í notkun“ í 1. málsl. 2. mgr. 29. gr. falli brott og að í lok 1. málsl. 2. mgr. 29. gr. komi orðin „*eða ef brotin eru ákvæði samkvæmt lögum og reglugerðum um brunavarnir*“ til samræmis við 9. gr. fúmvarpsins sem fjallar um breytingar á 12. gr. laganna og einnig að upptalningin setji ekki skorður á framkvæmd laganna. Einnig er lagt til að orðin „*úrbætur eða*“ komi á eftir orðinu „fyrirskipa“ í 2. tl. 2. mgr. 29. gr. Því slökkviliðsstjóra ber ávallt í samræmi við góða stjórnsýsluhætti að gæta meðalhófs við ákvörðunartöku. Í því felst, nánar tiltekið, að ekki skal nota harkalegri úrræði en efni standa til og því mikilvægt að hægt sé að velja á milli öryggisvakta og úrbóta í hverju tilviki fyrir sig.

Málsgreinin yrði þá í heild sinni á eftirfarandi máta.

„Slökkviliðsstjóri getur beitt eftirfarandi aðgerðum til að knýja fram úrbætur vegna mannvirkis, starfsemi í því eða á lóðum og öðrum svæðum utan dyra þar sem eldhætta getur skapast, t.d. vegna starfsemi á svæðinu, söfnunar sorps og annars úrgangs eða geymslu eldfimra efna *eða ef brotin eru ákvæði samkvæmt lögum og reglugerðum um brunavarnir.*

1. veitt skriflega áminningu og tilhlýðilegan frest til úrbóta,
2. fyrirskipað *úrbætur eða* öryggisvakt á kostnað eiganda eða forráðamanns og veitt skriflega áminningu og tilhlýðilegan frest til úrbóta,
3. bannað notkun mannvirkis að hluta eða að öllu leyti þar til úr hefur verið bætt og krafist lokunar.“

Samhliða ofangreindum breytingum er lagt til að 4. mgr. 29. gr. verði felld út með tilliti til ofangreindra breytinga á 2. mgr. 29. greinar. Æskilegt að færa þessa valdheimild frá sveitarfélögum til slökkviliðsstjóra þar sem sveitarfélög geta lent í þeirri stöðu að verða að fjalla um eigin fasteignir í þessu sambandi. Slíkt er óeðlilegt og eflaust óþægilegt fyrir þá er að þyrftu að koma og ekki góðir stjórnsýsluhættir.

Virðingarfyllst,



Jón Viðar Matthíasson,
slökkviliðsstjóri.

Afrit: Kristbjörg Stephensen, borgarlögmaður.



Borgarstjórnin í Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/2048
komudagur 8.4.2008

Reykjavík, 4. apríl 2008

R08020154

175


ÓKH/jb


Alþingi - Umhverfisnefnd
Unnur Kristín Sveinbjarnardóttir
Pórshamri
150 REYKJAVÍK

Frumvarp til laga um breytingar á lögum um brunavarnir - umsögn

Á fundi borgarráðs 3. þ.m. var lögð fram umsögn slökkviliðsstjóra um frumvarp til laga um breytingar á lögum um brunavarnir nr. 75/2000, með síðari breytingum, dags. 31. f.m.

Borgarráð samþykkti umsögnina, sem fylgir í ljósriti.


Ólafur Kr. Hjörleifsson
e.u.



10

31. mars 2008

Til borgarráðs

Undirritaður hefur að beiðni borgarlögmanns skoðað og gert umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunavarnir, nr. 75/2000, með síðari breytingum sem var lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008, þskj. 618 – 376. mál.

Í meðfylgjandi greinargerð er gerð grein fyrir þeim breytingum sem undirritaður leggur til að verði gerðar við frumvarpið. Megininnihald þeirra er að skýra og skerpa ábyrgð, úrræði og viðurlög.

Virðingarfyllst,

Jón Viðar Matthíasson,
slökkviliðsstjóri.

Greinargerð

Frumvarp til laga
um breytingu á lögum um brunavarnir, nr. 75/2000,
með síðari breytingum.
(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008, þskj. 618 – 376. mál)

Um 2. gr. frumvarpsins

Það hefur verið nokkuð vinsælt að breyta skipum í veitingastað, skemmtistað, íbúð og/eða aðrar vistarverur. Slík skip geta verið uppi á landi og/eða fastbundin við bryggju. Skipin hafa oft lent á milli eftirlitsaðila og ekki þurft að uppfylla öryggisreglur né önnur fyrirmæli hvað varðar brunavarnir.

Að þessu athuguðu er lagt til að orðin „*með haffærisskírteini*“ komi á eftir orðinu „skipum“ í 2. másl. 1. mgr. 2. gr.

Málgreinin verður þá í heild sinni á eftirfarandi máta.

„Lögin gilda um eldvarnir og slökkvistörf vegna eldsvoða og viðbúnað við mengunaróhöppum á landi. Lögin taka ekki til eldvarna í skipum *með haffærisskírteini*, loftförum, almennum vinnuvélum, bifreiðum eða öðrum vélknúnum ökutækjum.“

Björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum með sérhæfðum björgunarbúnaði er mjög veigamikill þáttur í lífbjörgun og því á að vera sjálfsagður hlutur að kveðið sé á um það í lögum í hvers verkahring hún er. Þessari breytingu í frumvarpinu ber því sérstaklega að fagna. Mikil þekking, kunnátta og uppbygging tækjabúnaðar hefur átt sér stað nú þegar innan slökkviliðanna hvað þennan þátt snertir. Einnig hentar verkefnið starfsemi slökkviliða einstaklega vel, enda er því þannig fyrirkomið hjá nágrannalöndum okkar að klippuvinna er í höndum slökkviliða þar. Þetta er gamalt mál sem ítrekað hefur verið reynt að leysa og ánægjulegt að búið sé að finna lausn á því og er rétt að benda á það að málið var komið á það stig að stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins hafði rætt um hvert áframhald þessarar þjónustu myndi verða ef hún yrði ekki færð til slökkviliða með lögum og það hafa einnig fleiri gert á sveitarstjórnarstiginu.

Um 7. gr. frumvarpsins

Kennsla í Brunamálaskólanum er mjög sérhæfð og einnig þarf til þess tækjabúnað sem er ekki til nema hjá slökkviliðunum. Reynsla og þekking á þörfum og starfsemi slökkviliðanna vegur einnig þungt er horft er til skipulags og uppbyggingar á náminu. Faglegt eftirlit þarf þó ávallt að vera til staðar hjá Byggingarstofnun. Í ljósi þessa og einnig rökstuðnings sem kemur fram hér fyrir neðan vegna breytingar á 2. mgr. 9. gr. laganna er lagt til að orðin „*eða slökkviliði*“ komi á eftir orðinu „menntastofnun“ í 3. másl. 1. mgr. 9. gr..

Málsliðurinn verður þá í heild sinni á eftirfarandi máta.

„Byggingarstofnun er heimilt með samningi að fela menntastofnun *eða slökkviliði* starfrækslu Brunamálaskólans.“

Í 2. mgr. 9. gr. laganna er fjallað um fagráð Brunamálaskólans og eiga þar sæti, auk formanns sem ráðherra skipar, fulltrúar Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna og fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga. Ef tekið er tillit til 16. gr. núverandi laga, en þar segir að slökkviliðsstjóra beri að sjá um fræðslu slökkviliðsmanna og þjálfun þeirra í brunavörnum og viðbrögðum við mengunaróhöppum og að haldnar séu reglubundnar æfingar slökkviliðs, má færa fyrir því haldbær rök að fulltrúi Félags slökkviliðsstjóra ætti einnig að eiga sæti í fagráði en hann átti áður sæti í brunamálaráði sem nú er lagt niður.

Að þessu athuguðu er lagt til að orðin „*Félag slökkviliðsstjóra*“ komi á eftir orðunum „Samband íslenskra sveitarfélaga“ í 2. másl. 2. mgr. 9. gr. og einnig í sama másl. falli burt orðin „*tilnefni hvort*“ en í staðinn komi orðin „*tilnefni hvort*“.

Málsliðurinn verður þá í heild sinni á eftirfarandi máta.

„Samband íslenskra sveitarfélaga, *Félag slökkviliðsstjóra* og Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna og *tilnefni hvort* sinn fulltrúa í skólaráð og skipar ráðherra formann.“

Um 9. gr. frumvarpsins

Í 2. málslið c-liðar í því sem nú er 1. mgr. 12. gr. laganna er fjallað um skyldu slökkviliðsstjóra til að kæra ólögsmæta búsetu í atvinnuhúsnæði til lögreglustjóra ef hætta þykir stafa af. Ákvæði þetta var sett inn með lagabreytingu nr. 67/2007 þegar umræða um óleyfisbúðir fór hátt. Velta má því fyrir sér hvort eðlilegt sé að taka eina tegund af brotum á lögunum og draga sérstaklega fram fyrir almenn ákvæði þeirra um refsiramma sem kveðið er á um í 34. gr. Hér er ekki gætt að fullu samræmis, en t.d. getur aðili sem teppir flóttaleiðir í fjölmennri verslun eða á samkomustað hæglega stofnað lífi fjölda fólks í hættu og skapað umtalsverða hópáhættu sem er meiri en einstaklingsáhætta sem skapast í óleyfisbúðum. Ef einhver brot á lögunum eru dregin sérstaklega fram á þennan hátt er eðlilegt að gera það á grundvelli alvarleika þeirra.

Lagt er til að í lok e.-liðar. 1. mgr. 12. gr. bætist við eftirfarandi „*Ef ljóst þykir að hætta geti skapast af ástandi brunavarna og sinni eigandi eða forráðamaður húsnæðisins ekki tilmælum slökkviliðsstjóra um úrbætur án ástæðulauss dráttar, eða ef um ítrekuð brot viðkomandi eiganda eða forráðamanna er að ræða, skal kæra viðkomandi aðila til lögreglu,*“ á eftir „Brunamálastofnun gefur út.“

E-liður 1. mgr. 12. gr. verður þá í heild sinni á eftirfarandi máta.

„hafa eftirlit með því að eigendur og forráðamenn atvinnuhúsnæðis sinni skyldum sínum um brunavarnir samkvæmt lögum og reglugerðum í samræmi við leiðbeiningar sem Brunamálastofnun gefur út. *Ef ljóst þykir að hætta geti skapast af ástandi brunavarna og sinni eigandi eða forráðamaður húsnæðisins ekki tilmælum slökkviliðsstjóra um úrbætur án ástæðulauss dráttar, eða ef um ítrekuð brot viðkomandi eiganda eða forráðamanna er að ræða, skal kæra viðkomandi aðila til lögreglu,*“

Varðandi A-lið 1. mgr. 12. gr. laganna er nauðsynlegt að áskilja gjaldtöku slökkviliðs fyrir aðkomu að öryggis- og lokaúttektum. Byggingarfulltrúi tekur gjald fyrir sínar úttektir og er sérstaklega gert ráð fyrir því í frumvarpi til laga um mannvirki, þingskjal 617 – 375. mál, sem nú liggur Alþingi á 135. löggjafarþingi. Eðlilegt er að

samræmis gæti á milli aðila og að slökkviliðsstjóra sé einnig heimilt að taka gjald fyrir sínar úttektir. Hér er augljóslega skýr vilji löggjafans að þetta komist í betra horf og er það m.a. gert með nýjung sem er öryggisúttektir, sjá 34. gr. í frumvarpi til laga um mannvirki. En þar segir m.a. orðrétt:

„byggingarstjóri, fyrir hönd eiganda mannvirkis, skal óska eftir öryggisúttekt áður en það er tekið í notkun. Viðstaddir slíka úttekt skulu vera auk eftirlitsaðila og byggingarstjóra, fulltrúi slökkviliðs og þeir iðnmeistarar og hönnuðir sem þess óska eða eru til þess boðaðir af byggingarstjóra.“

Gangi það eftir mun þessum úttektum fjölga umtalsvert og því mjög brýnt að slökkviliðsstjóra verði tryggðar tekjur til að mæta þeim kostnaði sem þetta mun hafa í för með sér. Einnig hefur verið talið að slökkvilið geti innheimt gjald fyrir ítrekaðar heimsóknir vegna vanbúnaðar brunavarna, vegna umsagna við útgáfu leyfa og annars þess háttar. Hins vegar hefur þessi heimild ekki verið alls kostar skýr. Er því ekki vanþörf á að skýrt sé að slökkvilið hafi heimild til gjaldtöku fyrir úttektir þannig að það sé yfir allan vafa hafið, líkt og er með löggjöf á sviði heilbrigðiseftirlits og um útgáfu leyfa hjá lögreglu.

Lagt er til að við 12. gr. bætist ný málsgrein, sem verður þá 3. mgr., sem tekur á gjaldtöku vegna útgáfu starfsleyfa, vottorða og fyrir aðkomu að öryggis- og lokaúttektum. Slíkt ákvæði gæti hljóðað með eftirfarandi hætti:

„Heimilt er sveitarfélögum að setja gjaldskrá og innheimta gjald fyrir útgáfu starfsleyfa, vottorða og fyrir aðkomu að öryggis- og lokaúttektum. Fjárhæð gjaldsins skal ekki vera hærrí en nemur kostnaði við framkvæmdina. Gjöldum þessum fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi.“

Um 13. gr. frumvarpsins

Lögð er til breyting á 18. gr. laganna á ákvæðum um slysatryggingu slökkviliðsmanna. Þessi breyting felur í sér góða samræmingu þessara mála og er til bóta. Vert er að benda á að þessi lagabreyting kveður jafnvel á um kostnaðarsamari lausn en þá sem nú er kveðið á um. Huga þarf að þessum kostnaðarauka.

Um 17. gr. frumvarpsins

Í frumvarpinu er lagt til að bætt verði við 28. gr. laganna ákvæði um að Byggingarstofnun geti krafist sveitarfélögin um hvers konar upplýsingar um stöðu brunavarna, búnað og starfsemi slökkviliða í sveitarfélaginu. Hér verður að gera kröfu til þess að slíkar fyrirspurnir séu málefnalegar en þó ekki verði settar skorður á upplýsingaöflun Byggingarstofnunar. Gagnaöflun getur verið tímafrek og nauðsynlegt að fyrirspurnir séu markvissar og lúti að gögnum sem í raun skipta máli m.t.t. þess sem verið er að kanna.

Lagt til að orðin „hvers konar upplýsingar um“ í nýrri málsgrein við 28. gr. falli brott, en lagt til að í stað þeirra komi orðin „nauðsynlegar upplýsingar til að meta“.

Málgreinin verður þá í heild sinni á eftirfarandi máta.

„Byggingarstofnun getur kafið sveitarfélög um *nauðsynlegar upplýsingar til að meta* stöðu brunavarna, búnað og starfsemi slökkviliða í sveitarfélaginu.“

Um 15. gr. núgildandi laga

Í frumvarpinu er ekki gerð tillaga um breytingar á 15 gr. núgildandi laga. Hér væri þó æskilegt að laga misræmi um ráðningu varaslökkviliðsstjóra. Í 1. mgr. er kveðið á um að sveitarstjórn ráði slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra. Í 3. mgr. er hinsvegar kveðið á um að ef sveitarfélög reki sameiginlegt slökkvilið, ráði þau eingöngu slökkviliðsstjóra en ekki varaslökkviliðsstjóra. Eðlilegra væri að sveitarstjórnir ráði slökkviliðsstjóra í báðum tilvikum og slökkviliðsstjóri ráði sér síðan varaslökkviliðsstjóra. Þessarar breytingar er þörf til að skerpa á ráðningarsambandi innan slökkviliða, húsbóndaábyrgð, bæta stjórnarsýslu og skerpa á ábyrgð og má til rökstuðnings nefna m.a. nýlegan dóm Héraðsdóms Reykjaness nr. E-1075/2007. Lagt er til að orðin „og varaslökkviliðsstjóra“ í 1. mgr. 15. gr. falli brott.

Málgreinin verður þá í heild sinni á eftirfarandi máta.

„Sveitarstjórn ræður slökkviliðsstjóra. Slökkviliðsstjóri er yfirmaður slökkviliðs en í forföllum hans varaslökkviliðsstjóri.“

Um 20. gr. núgildandi laga

Í frumvarpinu er ekki gerð tillaga um breytingar á þessari grein. Á síðustu misserum hefur í tengslum við þá vinnu slökkviliðs að hafa eftirlit með búsetu manna í atvinnuhúsnæði, sbr. c.-lið 12. gr. laganna, orðið vart við skort á skýrum ákvæðum um heimildir slökkviliðs til myndatöku á vettvangi. Hefur slökkviliði verið meinað að taka myndir af flóttaleiðum og öðrum vanköntum á eldvörnum á þeim grundvelli að um búsetustað manna væri að ræða. Er þetta mjög bagalegt þar sem myndataka á vettvangi er afar mikilvægur þáttur í gagnaöflun slökkviliðs og sérstaklega í ljósi þess að slökkviliðsstjóra er skylt að kæra málið til lögreglu. Þar sem heimildir heilbrigðiseftirlits í þessum efnum eru ótvíræðar hefur í nokkrum tilvikum verið leitað aðstoðar þeirra við að taka myndir á vettvangi. Til að slíkir milliliðir verði ónauðsynlegir er lagt til að heimild slökkviliðs til myndatöku verði lögfest og þar með hafin yfir allan vafa. Er því lagt til að við ákvæði 1. mgr. 20. gr. bætist við eftirfarandi: „*til skoðunar og eftirlits, þar á meðal til myndatöku á öllum þeim stöðum*“ Til samræmis verði eftirfarandi orð tekin út: „að atvinnuhúsnæði og öðrum vinnustöðum.“

Mun 1. mgr. 20. gr. þannig hljóða í heild sinni með eftirfarandi hætti:

„Slökkviliðsstjóra og eftirlitsmönnum hans skal heimill aðgangur *til skoðunar og eftirlits, þar á meðal til myndatöku, á öllum þeim stöðum* þar sem eftirlits er þörf samkvæmt lögum þessum.“

Um 29. gr. nógildandi laga

Í frumvarpinu er ekki gerð tillaga um breytingar á 29. gr. laganna. Í 2. mgr. 29. gr. laganna er eftirfarandi upptalning hvenær slökkviliðsstjóri getur beitt aðgerðum til að knýja fram úrbætur:

„Slökkviliðsstjóri getur beitt eftirfarandi aðgerðum til að knýja fram úrbætur vegna mannvirkis í notkun, starfsemi í því eða á lóðum og öðrum svæðum utan dyra þar sem eldhætta getur skapast, t.d. vegna starfsemi á svæðinu, söfnunar sorps og annars úrgangs eða geymslu eldfimra efna.“

Þessi upptalning gefur mjög skýrar leiðbeiningar en er einnig að vissu leyti hamlandi. Á þetta sérstaklega við varðandi framkvæmd slökkviliðs í tengslum við 61. gr. byggingareglugerðar nr. 441/1998 með síðari breytingum og lög um brunavarnir nr. 75/200 með síðari breytingum. Má þar m.a. nefna yfirgefin hús og önnur atvik þar sem ekki er hægt að sanna að mannvirkið sé í notkun. Sönnunarbyrði slökkviliðsstjóra er mikil samkvæmt stjórnsýslulögum sem opinbers stjórnvalds. Því eru lagðar fram eftirfarandi breytingar á 2. mgr. 29. gr.

Lagt er til að orðin „í notkun“ 1. másl. 2. mgr. 29. gr. falli brott og að í lok 1. másl. 2. mgr. 29. gr. komi orðin „*eða ef brotin eru ákvæði samkvæmt lögum og reglugerðum um brunavarnir*“ til samræmis við 9. gr. frumvarpsins sem fjallar um breytingar á 12. gr. laganna og einnig að upptalningin setji ekki skorður á framkvæmd laganna. Einnig er lagt til að orðin „*úrbætur eða*“ komi á eftir orðinu „*fyrirskipa*“ í 2. tl. 2. mgr. 29. gr. því slökkviliðsstjóra ber ávallt í samræmi við góða stjórnsýsluhætti að gæta meðalhófs við ákvörðunartöku, en í því felst nánar tiltekið, að ekki skal nota harkalegri úrræði en efni standa til sem á við hvað varðar úrræðið öryggisvakt í ákveðnum tilvikum samanborið við úrbætur.

Málgreinin verður þá í heild sinni á eftirfarandi máta.

„Slökkviliðsstjóri getur beitt eftirfarandi aðgerðum til að knýja fram úrbætur vegna mannvirkis, starfsemi í því eða á lóðum og öðrum svæðum utan dyra þar sem eldhætta getur skapast, t.d. vegna starfsemi á svæðinu, söfnunar sorps og annars úrgangs eða geymslu eldfimra efna *eða ef brotin eru ákvæði samkvæmt lögum og reglugerðum um brunavarnir*.

1. veitt skriflega áminningu og tilhlýðilegan frest til úrbóta,
2. fyrirskipað *úrbætur eða* öryggisvakt á kostnað eiganda eða forráðamanns og veitt skriflega áminningu og tilhlýðilegan frest til úrbóta,
3. bannað notkun mannvirkis að hluta eða að öllu leyti þar til úr hefur verið bætt og krafist lokunar.“

Samhliða ofangreindum breytingum er lagt til að 4. mgr. 29. gr. verði felld út með tilliti til ofangreindra breytinga á 2. mgr. 29. greinar.



Alþingi
Erindi nr. P 135/3086
komudagur 11.8.2008

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Reykjavík 6. ágúst 2008

Tilvísun: 2008020358

50.03

Tilvísun yðar: þskj. 618 - 376. mál


Nefndasvið Alþingis
Umhverfisnefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Með bréfi dags. 4. júlí sl. voru ríkislögreglustjóra send drög að nefndarálitum og drög að breytingartillögum vegna frumvarps til skipulagslaga, frumvarps til laga um mannvirki og framvarps til laga um breytingar á lögum um brunavarnir, en áður hafði embættið veitt umsögn um frumvarp til laga um brunavarnir, 376. mál.

Í umsögn ríkislögreglustjóra, dags. 31. mars sl. var einkum vakin athygli á því að ákvæði 2. mgr. 16. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000, sbr. 11. gr. frumvarpsins, stangist á við ákvæði lögreglulaga nr. 90/1996, laga um loftferðir nr. 60/1998 og laga um almannavarnir nr. 82/2008, þar sem 2. mgr. 16. gr. laga um brunavarnir setur m.a. lögreglu á vettvangi undir yfirstjórn slökkviliðsstjóra, eins og nánar greinir í umsögn embættisins. Jafnframt var í umsögn embættisins gerð tillaga að breytingu á ákvæðum 2. mgr. 16. gr. laga um brunavarnir.

Af því tilefni eru ítrekaðar athugasemdir embættisins við 11. gr. frumvarps til laga um brunavarnir, en í nefndaráliti og breytingartillögu hefur ekki verið tekið mið af athugasemdum embættisins.

F.h. RLS


Guðmundur Guðjónsson / Thelma Clausen Þórðardóttir

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/3116
komudagur 14. 8. 2008

Frá: Guðjón Bragason [gudjon.bragason@samband.is]
Sent: 14. ágúst 2008 09:39
Viðtakandi: Helgi Hjörvar
Afrit: Unnur Kristín Sveinbjarnardóttir
Efni: Frumvarp til laga um brunavarnir

Komdu sæll Helgi,

Ef ég fæ leyfi til myndi ég gjarnan vilja byrja á að ræða frumvarp til laga um brunavarnir á fundinum á eftir. Meðfylgjandi vinnuskjali, þar sem breytingartillögur nefndarinnar hafa verið færðar inn í frumvarpið, myndi ég einnig gjarnan vilja fá að dreifa til nefndarmanna. Í skjalið eru færðar inn tvær meginathugasemdir sambandsins við frumvarpið eins og það stendur nú, ásamt stuttum skýringum.

Annars vegar gerum við athugasemd við að gjaldtökuheimild vanti í 9. gr. og hins vegar er ítrekuð athugasemd við 13. gr. þar sem sambandið telur algerlega ástæðulaust að ganga lengra en gert er í lögreglulögum.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins hefur einnig sent athugasemdir sem sambandið tekur undir en ég taldi á þessu stigi skynsamlegast að leggja áherslu á þessi tvö atriði, sem ég tel skipta sveitarfélögin verulegu máli.

Kveðja, Guðjón Bragason

Þskj. 618 — 376. mál.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunavarnir, nr. 75/2000, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)

1. gr.

Á eftir orðinu „eldvarnaeftirlit“ í 1. gr. laganna kemur: forvarnir.

2. gr.

Á eftir 1. málsli. 2. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Lögin gilda enn fremur um björgun á fastklemmdu fólki úr ~~mannvirkjum~~ og farartækjum¹ með sérhæfðum björgunarbúnaði.
b. Við greinina bætist nýr stafliður, svohljóðandi: A eftir orðinu “skipum” í 2. másl. komi: með haffærisskirteini.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

- a. Skilgreining hugtaksins *eldvarnir* verður svohljóðandi: Allar fyrirbyggjandi aðgerðir sem miða að því að koma í veg fyrir eldsvoða eða hindra útbreiðslu elds.
- b. Skilgreining hugtaksins *mannvirki* verður svohljóðandi: Hvers konar jarðfastar framkvæmdir manna, svo sem hús og aðrar byggingar eða skýli, samgöngumannvirki, virkjanir, dreifi- og flutningskerfi rafveitna, hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta, fráveitumannvirki, göngubrýr í þéttbýli og togbrautarbúnaður til fólksflutninga. Til mannvirkja teljast einnig tímabundnar og lausar byggingar sem ætlaðar eru til svefns eða daglegrar dvalar manna í fjóra mánuði eða lengur á sama stað, svo sem starfsmannabúðir og húsvagnar. Mannvirki á eða í hafi, vötnum og ám sem hafa fasta staðsetningu teljast einnig til mannvirkja samkvæmt lögum þessum.

4. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum. Byggingarstofnun er ráðherra til aðstoðar um málefni er falla undir lög þessi, sbr. lög um mannvirki.

5. gr.

5., 7. og 8. gr. laganna falla brott og breytist númeraröð annarra greina samkvæmt því.

6. gr.

Í stað orðsins „Brunamálstofnun“ tvívegis í 6. gr. laganna og hvarvetna annars staðar í lögnum nema í 1. másl. 1. mgr. 13. gr. og 1. másl. 2. mgr. 38. gr. kemur í viðeigandi beygingarfalli: Byggingarstofnun.

7. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Byggingarstofnun starfrækir Brunamálaskóla sem ætlaður er slökkviliðsmönnum, þ.m.t. slökkviliðsstjórum og eldvarnaeftirlitsmönnum. Skólinn skal annast umsjón með menntun, fræðslu og þjálfun slökkviliðsmanna sem fram fer á vegum Byggingarstofnunar. Byggingarstofnun er heimilt með samningi að fela menntastofnun starfrækslu Brunamálaskólans. Enn fremur er heimilt að gera samning við slökkvilið eða aðra fagaðila um framkvæmd einstakra þátta í starfsemi skólans.

Ráðherra skipar til fjögurra ára í senn þriggja fjögurra manna fagråd, og jafnmarga menn til vara, sem er Byggingarstofnun til ráðgjafar um fagleg málefni Brunamálaskólans. Samband íslenskra

¹ Breyting á ákvæðum um klippuvinnu, sr. 2., 8. og 11. gr. frumvarpsins, er tilkomin vegna andmæla frá björgunarsveitum, sem óttast að slökkviliðin séu að ganga inn á verksvið þeirra.

Frv. með innfærðum breytingartillögum umhverfisnefndar frá júlí 2008

sveitarfélaga, Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna og Félag slökkviliðsstjóra tilnefna hvert sinn fulltrúa í fagråd og skipar ráðherra formann.
Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi Brunamálaskólans og hlutverk fagráðs.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Björgun á fastklemmdu fólki úr ~~mannvirkjum~~ og farartækjum með sérhæfðum björgunarbúnaði skal vera eitt af verkefnum slökkviliðs samkvæmt lögum þessum.

b. 3. mgr., sem verður 4. mgr., orðast svo:

Í reglugerð skal kveða á um lágmarkskröfur varðandi tækjakost, húsnæði og mannafla slökkviliða, svo og vatnsöflun til slökkvistarfa. Jafnframt skal í reglugerð kveða á um búnað og þjálfun slökkviliðsmanna vegna mengunaróhappa á landi og vegna björgunar á fastklemmdu fólki úr ~~mannvirkjum~~ og farartækjum að fengnum tillögum Byggingarstofnunar og í samráði við Umhverfisstofnun.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 12. gr. laganna:

a. A-liður orðast svo: framkvæma í samvinnu við byggingarfulltrúa öryggisúttekt og eftir atvikum lokaúttekt, sbr. lög um mannvirki, gefa umsagnir um brunavarnir við meðferð byggingarleyfisumsókna óski byggingarfulltrúi þess og hafa þannig eftirlit með því að nýbyggingar fullnægi kröfum samkvæmt lögum og reglugerðum um brunavarnir áður en notkun þeirra er heimiluð.

b. 1. málsl. c-liðar orðast svo: hafa, í samvinnu við byggingarfulltrúa, eftirlit með því hvort fólk tekur sér búsetu í atvinnuhúsnæði án þess að byggingarleyfi samkvæmt lögum um mannvirki hafi verið veitt fyrir breyttri notkun þess og grípa til viðeigandi þvingunarúrráða skv. VIII. kafla laga þessara og X. kafla laga um mannvirki ef þörf krefur.

c. Við e-lið 1. mgr. 12. gr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Ef ljóst þykir að hætta geti skapast af ástandi brunavarna og sinni eigandi eða forráðamaður húsnæðisins ekki tilmælum slökkviliðsstjóra um úrbætur án ástæðulauss dráttar, eða ef um ítrekuð brot viðkomandi eiganda eða forráðamanna er að ræða, skal kæra viðkomandi aðila til lögreglu.

1. málsl. b-liðar orðast svo: hafa, í samvinnu við byggingarfulltrúa, eftirlit með því hvort fólk tekur sér búsetu í atvinnuhúsnæði án þess að byggingarleyfi samkvæmt lögum um mannvirki hafi verið veitt fyrir breyttri notkun þess og grípa til viðeigandi þvingunarúrráða skv. VIII. kafla laga þessara og X. kafla laga um mannvirki ef þörf krefur.

2. málsl. b-liðar orðast svo:

hafa, í samvinnu við framvarpsins teisi, að slökkviliði þeir að framkvæma öryggisúttektir og eftir atvikum lokaúttektir í samvinnu við byggingarfulltrúa. Fyrirseeð er að verði framvarp til laga um brunavarnir að lögum um öryggisúttektum slökkviliðs tjóga umtalsvert. Slíkum

úttektum slagi umtalsvert vinnu og kostnaður. Því er nauðsynlegt að slökkviliðsstjóra se þessum eru minnir gjald af eiganda fasteignar vegna slíkrar uttekta líkt og byggingarfulltrúa geri sbr. 50. gr. og 52. gr. framvarps til laga um mannvirki.

Þannig er lögur því til að við a-lið 1. mgr. framvarpsins bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Þannig er lögur því til að við a-lið 1. mgr. framvarpsins bætist ný málsgrein svohljóðandi: Ef ljóst þykir að hætta geti skapast af ástandi brunavarna og sinni eigandi eða forráðamaður húsnæðisins ekki tilmælum slökkviliðsstjóra um úrbætur án ástæðulauss dráttar, eða ef um ítrekuð brot viðkomandi eiganda eða forráðamanna er að ræða, skal kæra viðkomandi aðila til lögreglu.

10. gr.

Frv. með innfærðum breytingartillögum umhverfisnefndar frá júlí 2008

Í stað orðanna „umsögn Brunamálastofnunar og samþykki sveitarstjórnar“ í 1. másl. 1. mgr. 13. gr. laganna kemur: samþykki Byggingarstofnunar og viðkomandi sveitarstjórnar.

(ný 11. gr.)

Orðin “og varaslökkviliðsstjóra” í 1. mgr. 11. gr. laganna falla brott. (Í samræmi við tillögu sambandsins)

++12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

- a. Í stað 1. másl. 2. mgr. koma tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Slökkviliðsstjóri stjórnar slökkvistarfi við eldsvoða og björgun á fastklemmdu fólki úr ~~mannvirkjum~~ og farartækjum. Slökkviliðsstjóri hefur enn fremur stjórn á vettvangi við mengunaróhöpp á landi.
- b. Á eftir orðinu „brunavörnum“ í 4. mgr. kemur: björgunarstörfum.

12. gr. (13. gr.)

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „Ráðherra“ í 3. másl. 1. mgr. kemur: Byggingarstofnun.
- b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
Slökkviliðsmenn sem stunda reykköfun skulu hafa staðist læknisskoðun samkvæmt því sem nánar er kveðið á um í reglugerð.
- c. 2. mgr., sem verður 3. mgr., orðast svo:
Ráðherra skal að fenginni tillögu Byggingarstofnunar setja reglugerð um menntun og önnur skilyrði til að öðlast löggildingu, um reglubundna læknisskoðun vegna reykköfunar og um réttindi og skyldur slökkviliðsstjóra og slökkviliðsmanna.

13. gr. (14. gr.)

18. gr. laganna orðast svo:

Slökkviliðsmenn og aðrir sem vinna að brunavörnum eftir kvaðningu slökkviliðsstjóra eða lögreglustjóra skulu slysattrýggðir við æfingar og önnur störf í þágu brunavarna eða vegna mengunaróhappa á landi. Sama gildir um önnur störf er slökkviliðsmenn sinna eftir kvaðningu slökkviliðsstjóra eða lögreglustjóra, þ.m.t. sjúkraflutninga og björgunarstörf. Bætur skulu ákvarðast á grundvelli reglna I. kafla skaðabótalaga, nr. 50/1993, með síðari breytingum. Þeir sem slasast við störf sem tilgreind eru í 1. mgr. eiga rétt á að fá greiddar bætur úr sveitarsjóði, verði tjónið ekki bætt af váttryggingafélagi.

Eftirfarandi

er breyting á 18. gr. laganna og er hún áætluð til að tryggja öryggi og slysattrýggingu slökkviliðsmanna. Kveðið er á um að slökkviliðsmenn skuli slysattrýggðir við störf og æfingar og að bætur skuli ákvarðast á grundvelli reglna I. kafla skaðabótalaga nr. 50/1993.

Slökkviliðsmenn sýnskra sveitarfélaga leggja áttánög gegn trúgvörðsgreininni eins og hún er ákvarðað í reglugerð ríkis áherslu á að um tryggingar slökkviliðsmanna líkt og önnur starfskjör skuli samþykkt í sáttasamningum en ekki kveðið á um þær í lögum. Í athugasemdum við ályktun um áherslu á að slökkviliðsmenn skuli njóta sambærilegra trygginga og aðferðarmála og sjómanna. Ekki verður séð að ákvæði lögreglulaga nr. 90/1996 hafi að jafni áhrif á bætur vegna akvæða við það sem hér er lagt til.

Þessi breyting er hluti af umtryggingar lögreglumanna. Þar segir

„Bætur átti skal bæta lögregluþörfum líkamshjón og munafjón sem þeir verða fyrir vegna starfsins.“ Þessu skal bætur fyrir missi framfaranda ef því er að skipta. Í 2. mgr. 172.

gr. slysabótalaga nr. 34/1985 er kveðið á um skyldu utgerðarmanns til að kaupa tryggingu fyrir þessum öðrum og slysabótum sem á hann kunna að falla. Um er að ræða eðlisólíka starfsemi og þess vegna er áhugi að slökkviliðsmenn eru starfsmenn sveitarfélaga og því eðlilegt að

Frv. með innfærðum breytingartillögum umhverfisnefndar frá júlí 2008

Samþykkið er heimilt að þeirra dætur úr sveitarstjórn líkt og ríkið geri vegna
Lög nr. 2008.

14. gr. (15. gr.)
Sveitarfélög eiga við um sýnsatryggingar slóðanna enda eru þeir hvorki startsmenni
eða sambandsfélög. Sambandið getur falið á að greininni verði breytt og nún verði
sveitarfélög og lögregluþjafa enda eru stórt slökkviliðs og lögreglu eðlislið. Greinin myndi
þá hafa orðnað „Sveitarstjórn skal bæta slökkviliðsmannum útkomun og munatíðni sem
sveitarfélög eru stans sams. Greiða skal háttir fyrir tilssi traufærandi ef því er að
kosta. Þetta er kröfing Bygginga slökkviliðsmanna skal samíð í kjarasamningi“

14. gr. (15. gr.)

Eftirfarandi breytingar verða á 3. mgr. 23. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „byggingarnefndar“ í 1. másl. kemur: byggingarfulltrúa.
- b. 2. másl. orðast svo: Áður en byggingarfulltrúi veitir samþykki sitt skal hann leita álits slökkviliðsstjóra.

15. gr. (16. gr.)

4. mgr. 25. gr. laganna orðast svo:

Telji Byggingarstofnun að vara fullnægi ekki kröfum skv. 1. mgr. er stofnuninni heimilt
að banna sölu eða afhendingu vörunnar og krefjast þess að hún verði afturkölluð og tekin af
markaði. Um málsmeðferð Byggingarstofnunar og réttarfarsúræði fer samkvæmt ákvæðum
VIII. kafla laga um mannvirki.

16. gr. (17. gr.)

Orðin „og Löggildingarstofu“ í 2. másl. 1. mgr. 27. gr. laganna falla brott.

17. gr.

Við 28. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Byggingarstofnun getur krafist sveitarfélög um ~~hvers konar~~ nauðsynlegar upplýsingar um stöðu brunavarna,
búnað og starfsemi slökkviliða í sveitarfélaginu. (Er í samræmi við tillögu sambandsins)

(ný 19. gr.)

Á eftir orðunum „eldfimra efna“ í 2. mgr. 29. gr. laganna kemur: eða vegna brota á ákvæðum laga þessara eða
reglugerða settra samkvæmt þeim. (Er í samræmi við breytingartillögu sambandsins, sem gengur þó lengra,
sbr. umsögn:)

Um 29. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000

Mikilvægt er að slökkvilið hafi úrræði til að knýja fram úrbætur þegar eigandi eða
umráðamaður húsnæðis sinnir ekki eigin eftirlitsskyldu með eldvörnum skv. VI. kafla
laganna. Með hliðsjón af þessu leggur sambandið til að gerðar verði eftirtaldar breytingar á
29. gr. laganna: Við 2. mgr. 29. gr. bætist eftirfarandi:

„...eða vegna brota á ákvæðum laga þessara eða reglugerða settra samkvæmt þeim“

2. tl. 2. mgr. 29. gr. hljóði svo: „fyrirskipað öryggisvakt eða úrbætur á kostnað eiganda...“

Að lokum er lagt til að 4. mgr. 29. gr. laganna falli brott. Með áður nefndri breytingu á 2. mgr.
29. gr. er slökkviliðsstjóra veitt heimild til að láta framkvæma nauðsynlegar úrbætur á
kostnað eiganda eða forráðamanns mannvirkis.

18. gr. (20. gr.)

37. gr. laganna fellur brott og breytist röð annarra greina samkvæmt því.

19. gr. (21. gr.)

1. másl. 2. mgr. 38. gr. laganna orðast svo: Byggingarstofnun annast úthlutun styrkja.

Frv. með innfærðum breytingartillögum umhverfisnefndar frá júlí 2008

2022. gr.

Á eftir 38. gr. laganna kemur ný grein sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

Þjónustuaðilar brunavarna.

Fyrirtæki og einstaklingar sem bjóða þjónustu við viðhald, skoðun, áfyllingu og þrýstiprófun handslökkvitækja og reykköfunarbúnaðar skulu hafa starfsleyfi Byggingarstofnunar.

Óheimilt er að bjóða slíka þjónustu nema að fengnu starfsleyfi Byggingarstofnunar. Skilyrði til að öðlast slíkt starfsleyfi er að viðkomandi þjónustuaðili uppfylli kröfur reglugerðar sem ráðherra setur um húsnæði, öryggi og lágmarkstækjabúnað vegna starfseminnar og að þeir starfsmenn sem annast uppsetningu, viðhald og skoðun slíks búnaðar hafi lokið námskeiði og staðist próf sem Byggingarstofnun heldur. Enn fremur er það skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis að sett hafi verið upp fullnægjandi gæðastjórnunarkerfi vegna starfseminnar í samræmi við kröfur sem ákveðnar eru í reglugerð.

Byggingarstofnun getur svipt þjónustuaðila starfsleyfi ef hann uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir leyfisveitingu. Sama á við ef þjónustuaðili hlítir ekki fyrir mælum Byggingarstofnunar eða brýtur ítrekað gegn ákvæðum laga þessara eða reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim.


~~Brunamálastofnun~~ Byggingarstofnun skal standa fyrir námskeiðum fyrir þá aðila sem annast uppsetningu og viðhald brnnaviðvörðunarkerfa og slökkvikerfa, svo og þá sem annast brunapéttingar mannvirkja.

Byggingarstofnun er heimilt að innheimta gjald vegna útgáfu starfsleyfa samkvæmt þessari grein og fyrir námskeiðahald. Upphæð gjalds skal taka mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna og skal byggð á rekstraráætlun þar sem þau atriði eru rökstudd sem ákvörðun gjalds byggist á. Gjaldið má ekki vera hærra en sá kostnaður. Gjaldskrá skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Ráðherra setur í reglugerð nánari kröfur um framkvæmd þessa ákvæðis, þ.m.t. um framkvæmd námskeiða og prófs fyrir starfsmenn þjónustuaðila brunavarna.

21. gr. (23. gr.)

Ákvæði 20. gr. laga þessara öðlast þegar gildi. Önnur ákvæði laganna öðlast gildi 1. janúar 2009.



Alþingi
Erindi nr. P 135/3089

komudagur 11.8.2008

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi umhverfisnefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 11. ágúst 2008

0703099SA/GB

Tilv.: 132

Efni: Umsögn um drög að breytingartillögum við frumvarp til laga um brunavarnir, 376. mál.

Vísað er til bréfs umhverfisnefndar Alþingis, dags. 4. júlí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um drög að nefndaráliti og breytingartillögum við ofangreint frumvarp.

Að álit sambandsins eru breytingartillögur nefndarinnar almennt til bóta, þótt að mati sambandsins sé ástæðulaust að gera þær breytingar á ákvæðum frumvarpsins um klippuvinnu sem nefndin leggur til. Sambandið tekur undir umfjöllun í nefndaráliti um 21. gr. brunavarnalaga í tengslum við svonefndan Hringrásarbruna en bendir á að mögulega mætti takmarka endurkröfur slökkviliðs við tilvik þar sem húsnæði hefur verið breytt án leyfis, atvinnustarfsemi fer í bága við starfsleyfi eða eldsvoði verði rakinn til stórkostlegs gáleysis eða ásetnings umráðamanna húsnæðis. Sambandið fagnar því að umhverfisráðuneytið hafi tekið þetta mál til skoðunar og væntir þess að tillögur um nauðsynlegar lagabreytingar líti dagsins ljós innan skamms.

Sambandið ítrekar hér með óskir sínar um að eftirfarandi breytingar verði gerðar á frumvarpinu og leggur þunga áherslu á nauðsyn þess að slökkvilið fái lagaheimild til gjaldtöku vegna þátttöku í öryggisúttektum, sbr. frumvarp til laga um mannvirki, 375. mál:

Breytingartillaga við 9. gr. frv.

Lagt er til að við a-lið 9. gr. bætist fimm nýir málslíðir, svohljóðandi: *Sveitarstjórn er heimilt að setja gjaldskrá og innheimta gjald fyrir útgáfu vottorða, vegna aðkomu slökkviliðs við gerð öryggis- og lokaúttekta, umsagna um brunavarnir og eftirlits við nýbyggingar. Upphæð gjalds skal taka mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna og skal byggð á rekstraráætlun þar sem þau atriði eru rökstudd sem ákvörðun gjalds byggist á. Gjaldið má ekki vera hærra en sá kostnaður. Gjöldum þessum fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi. Gjaldskrá skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.*

Rökstuðningur: Í a. lið 9. gr. frumvarpsins felst að slökkviliði ber að framkvæma öryggisúttektir og eftir atvikum lokaúttektir í samvinnu við byggingarfulltrúa. Fyrirséð er að verði frumvarp til laga um mannvirki að lögum muni öryggisúttektum slökkviliðs fjölga umtalsvert. Slíkum úttektum fylgir umtalsverð vinna og kostnaður. Því er nauðsynlegt að slökkviliðsstjóra sé heimilt að innheimta gjald af eiganda fasteignar vegna slíkrar úttektar líkt



og byggingarfulltrúi gerir, sbr. 50. gr. og 52. gr. frumvarps til laga um mannvirki. Einnig hefur verið talið að slökkvilið geti innheimt gjald fyrir ítrekaðar heimsóknir eldvarnareftirlitsmanna og aðra nauðsynlega umsýslu. Skýrari lagaákvæða er þó þörf hvað þetta varðar og er ítrekað að hér er um mikið hagsmunamál að ræða fyrir sveitarfélögin.

Breytingartillaga við 13. gr. frv. (verður 14. gr.)

Lagt er til að greinin hljóði svo: *Sveitarsjóður skal bæta slökkviliðsmönnum líkamstjón og munatjón sem þeir verða fyrir vegna starfs síns. Greiða skal bætur fyrir missi framfæranda ef því er að skipta. Um nánari útfærslu trygginga slökkviliðsmanna skal samið í kjarasamningi.*

Rökstuðningur:


Í breytingartillögum felst að greinin verði samhljóða 30. gr. lögreglulaga, enda eru störf slökkviliðs og lögreglu eðlislík. Samband Íslenskra Sveitarfélaga leggst alfarið gegn frumvarpsgreininni eins og hún er orðuð og leggur ríka áherslu á að um tryggingar slökkviliðsmanna líkt og önnur starfskjör skuli samið í kjarasamningum en ekki kveðið á um þær í lögum.


Aðrar athugasemdir og ábendingar

Í umsögn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins um breytingartillögur nefndarinnar eru gerðar ýmsar fleiri athugasemdir en fram koma í þessari umsögn. Sambandið tekur í öllum meginatriðum undir þær ábendingar sem þar koma fram.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA


Guðjón Bragason
sviðsstjóri lögfræðisviðs



Alþingi
Erindi nr. P 135/2226
komudagur 15.4.2008

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi umhverfisnefnd
b.t. Selmu Hafliðadóttur
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 14. apríl

0802091SA JF
Tilv.: 132

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um brunavarnir, 376. mál

Frumvarpið barst Sambandi íslenskra sveitarfélaga til umsagnar með bréfi umhverfisnefndar Alþingis dags. 29. febrúar sl. Um er að ræða breytingu á lögum um brunavarnir nr. 75/2000 með síðari breytingum. Megintilgangur frumvarpsins er að færa brunamál undir nýja ríkisstofnun, Byggingarstofnun, sem komið verður á fót ef frumvarp til laga um mannvirki verður lögfest. Sambandið vísar almennt til umsagnar sinnar um það frumvarp en tekur fram að það leggst á engan hátt gegn því að brunamál verði hluti af verkefnum Byggingarstofnunar verði sú stofnun að veruleika. Einnig eru í frumvarpinu lagðar til ýmsar breytingar á gildandi lögum. Gerir sambandið athugasemdir við nokkur þeirra ákvæða en í umsögn þessari eru jafnframt lagðar til fleiri breytingar á ákvæðum laganna, sbr. athugasemdir við 15. og 29. gr. laganna..

1. Athugasemdir við einstakar greinar

Um 2., 8. og 11.gr.

Í frumvarpinu er kveðið á um að björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum með sérhæfðum björgunarbúnaði falli undir lögin. Slökkviliðin hafa sinnt þessu verkefni um árabil þrátt fyrir að þeim hafi ekki borið lagaskylda til þess. Hefur það verið gert af brýnni nauðsyn. Einnig hafa margar björgunarsveitir komið sér upp búnaði til rústabjörgunar, t.d. vegna jarðskjálfta, og lítur sambandið svo á að frumvarpið hafi engin áhrif á verkaskiptingu slökkviliða og björgunarsveita.

Sambandið fagnar því að skýrt sé kveðið á um að björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum skuli vera í verkahring slökkviliða enda er mikil þekking, kunnátta og tækjabúnaður þegar til staðar innan margra slökkviliða, einkum þó hinna fjölmennari. Eðlilegt er að í lögum sé kveðið á um hver beri ábyrgð á slíkri björgun. Sambandið leggur þó áherslu á að gerðar verði ráðstafanir til þess að tryggja sveitarfélögunum fjármagn til að standa straum af kostnaði við þetta verkefni enda um nýja lagaskyldu að ræða fyrir sveitarfélögin.



Um 7. gr.

Í 7. gr. eru lagðar til breytingar á ákvæðum laganna um Brunamálaskólann vegna frumvarps til laga um mannvirki. Jafnframt er lögð til sú breyting að Byggingarstofnun verði heimilt að fela menntastofnun rekstur hans. Kennsla við Brunamálaskólann er mjög sérhæfð og þarfnast sérhæfðs tækjabúnaðar sem ekki er til nema hjá slökkviliðunum. Reynsla og þekking á þörfum og starfsemi slökkviliðanna vegur einnig þungt við skipulagningu og uppbyggingu námsins. Sambandið bendir einnig á að samkvæmt 16. gr. laga um brunavarnir er það hlutverk slökkviliðsstjóra að sjá um fræðslu og þjálfun slökkviliðsmanna í brunavörnum og að haldnar séu reglubundnar æfingar. Af þessum sökum er eðlilegt að heimilt sé að fela slökkviliði starfrækslu Brunamálaskólans. Af sömu ástæðu þykir einnig rétt að fulltrúi Félags slökkviliðsstjóra eigi sæti í fagráði brunamála. Fagráðinu er ætlað að vera Byggingarstofnun til ráðgjafar og því rétt að Félag slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna líkt og Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna eigi fulltrúa í ráðinu. Sambandið leggur því til eftirfarandi breytingar á greininni.

3. másl. 1. mgr. verði svohljóðandi: „ Byggingarstofnun er heimilt með samningi að fela menntastofnun *eða slökkviliði starfrækslu Brunamálaskólans*”

Að 2. másl. 2. mgr. 7. gr. frumvarpsins verði svohljóðandi: „Samband íslenskra sveitarfélaga, *Félag slökkviliðsstjóra* og Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna tilnefni hvert sinn fulltrúa í fagráðið...”

Í stað „þriggja manna” í 1. másl. 2. mgr. komi „ *fjögurra manna*”.

Um a.lið 9. gr.

Í a. lið 9. gr. frumvarpsins felst að slökkviliði ber að framkvæma öryggisúttektir og eftir atvikum lokaúttektir í samvinnu við byggingarfulltrúa. Fyrirséð er að verði frumvarp til laga um mannvirki að lögum muni öryggisúttektum slökkviliðs fjölga umtalsvert. Slíkum úttektum fylgir umtalsverð vinna og kostnaður. Því er nauðsynlegt að slökkviliðsstjóra sé heimilt að innheimta gjald af eiganda fasteignar vegna slíkrar úttektar líkt og byggingarfulltrúi gerir, sbr. 50. gr. og 52. gr. frumvarps til laga um mannvirki.

Sambandið leggur því til að við a.-lið 9. gr. frumvarpsins bætist ný málsgrein, svohljóðandi: *Sveitarstjórn er heimilt að setja gjaldskrá og innheimta gjald fyrir útgáfu starfsleyfa, vottorða, vegna aðkomu slökkviliðs við gerð öryggis- og lokaúttekta, umsagna um brunavarnir og eftirlits við nýbyggingar. Upphæð gjalds skal taka mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna og skal byggð á*



rekstraráætlun þar sem þau atriði eru rökstudd sem ákvörðun gjalds byggist á. Gjaldið má ekki vera hærra en sá kostnaður. Gjöldum þessum fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi. Gjaldskrá skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Um 13. gr.

Í 13. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um breytingu á slysatryggingu slökkviliðsmanna. Kveðið er á um að slökkviliðsmenn skuli slysatryggðir við störf og æfingar og að bætur skuli ákvarðaðar á grundvelli reglna I. kafla skaðabótalaga nr. 50/1993.

Samband íslenskra sveitarfélaga leggst alfarið gegn frumvarpsgreininni eins og hún er orðuð og leggur ríka áherslu á að um tryggingar slökkviliðsmanna líkt og önnur starfskjör skuli samið í kjarasamningum en ekki kveðið á um þær í lögum. Í athugasemdum við ákvæðið er vísað til þess að slökkviliðsmenn skuli njóta sambærilegra trygginga og lögreglumenn og sjómenn. Ekki verður séð að ákvæði lögreglulaga nr. 90/1996 hafi að geyma sambærilegt ákvæði við það sem hér er lagt til. Í 30. gr. laganna er fjallað um tryggingar lögreglumanna. Þar segir: „*Ríkissjóður skal bæta lögreglumönnum líkamstjón og munatjón sem þeir verða fyrir vegna starfs síns. Greiða skal bætur fyrir missi framfæranda ef því er að skipta.*“ Í 2. mgr. 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985 er kveðið á um skyldu útgerðarmanns til að kaupa tryggingu fyrir dánarbótum og slysabótum sem á hann kunna að falla. Um er að ræða eðlisólíka starfsemi og ber að hafa í huga að slökkviliðsmenn eru starfsmenn sveitarfélaga og því eðlilegt að sveitarfélagi sé heimilt að greiða bætur úr sveitarsjóði líkt og ríkið gerir vegna lögreglumanna. Allt önnur sjónarmið eiga við um slysatryggingar sjómanna enda eru þeir hvorki starfsmenn ríkis né sveitarfélaga.

Sambandið getur fallist á að greininni verði breytt og hún verði samhljóða 30. gr. lögreglulaga, enda eru störf slökkviliðs og lögreglu eðlislík. Greinin myndi þá hljóða svo: „*Sveitarsjóður skal bæta slökkviliðsmönnum líkamstjón og munatjón sem þeir verða fyrir vegna starfs síns. Greiða skal bætur fyrir missi framfæranda ef því er að skipta. Um nánari útfærslu trygginga slökkviliðsmanna skal samið í kjarasamningi*“

Um 17. gr.

Í greininni er kveðið á um að Byggingarstofnun geti krafist sveitarfélög um *hvers konar upplýsingar* um stöðu brunavarna, búnað og starfsemi slökkviliða í sveitarfélaginu. Nauðsynlegt er að Byggingastofnun gæti hófs í því að krefjast upplýsinga enda kann það að vera kostnaðarsamt fyrir slökkvilið að vinna þær upplýsingar sem krafist er og því eðlilegt að einungis sé krafist nauðsynlegra upplýsinga. Orðalag greinarinnar er



of víðtækt og leggur sambandið til að því verði breytt og í stað orðanna „hvers konar upplýsinga“ komi „*nauðsynlegra upplýsinga*“

2. Athugasemdir við 15. og 29. gr. gildandi laga

Um 15. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000

Lagt er til að 15. gr. gildandi laga verði breytt til einföldunar þannig að um ráðningu varaslökkviliðsstjóra gildi sömu reglur hvort sem slökkvilið er rekið af einu sveitarfélagi, sbr. 1. mgr., eða fleiri sveitarfélög reki sameiginlegt slökkvilið, sbr. 3. mgr. 15. gr.

Sambandið telur eðlilegt að sveitarstjórnir ráði slökkviliðsstjóra í báðum tilvikum, líkt og verið hefur, en slökkviliðsstjóri ráði varaslökkviliðsstjóra. Eru þessar breytingar nauðsynlegar til þess að skýra húsbóndaábyrgð, bæta stjórnarsýslu og skerpa á ábyrgð innan slökkviliða.

Með hliðsjón af ofangreindu er lagt til að orðin „*og varaslökkviliðsstjóra*“ í 1. mgr. 15. gr. laganna falli brott.

Um 29. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000

Mikilvægt er að slökkvilið hafi úrræði til að knýja fram úrbætur þegar eigandi eða umráðamaður húsnæðis sinnir ekki eigin eftirlitsskyldu með eldvörnum skv. VI. kafla laganna. Með hliðsjón af þessu leggur sambandið til að gerðar verði eftirtaldar breytingar á 29. gr. laganna:

Við 2. mgr. 29. gr. bætist eftirfarandi:

„...eða vegna brota á ákvæðum laga þessara eða reglugerða settra samkvæmt þeim“

2. tl. 2. mgr. 29. gr. hljóði svo: „*fyrirskipað öryggisvakt eða úrbætur á kostnað eiganda...*“

Að lokum er lagt til að 4. mgr. 29. gr. laganna falli brott. Með áður nefndri breytingu á 2. mgr. 29. gr. er slökkviliðsstjóra veitt heimild til að láta framkvæma nauðsynlegar úrbætur á kostnað eiganda eða forráðamanns mannvirkis.

3. Kostnaðaráhrif fyrir sveitarfélögin

Sambandið vekur athygli á því að í frumvarpinu felst nokkuð af nýjum verkefnum og breytingum sem munu leiða til aukins kostnaðar fyrir sveitarfélögin. Ekkert kemur fram um það í frumvarpinu hvernig sveitarfélögunum er ætlað að mæta þeim kostnaðarauka.

Samkvæmt kostnaðarmati umhverfissráðuneytisins er áætlaður stofnkostnaður við búnað, þjálfun o.fl. vegna klippuvinnu, sbr. 8. gr. frumvarpsins, u.þ.b. 441 millj. kr. á landinu öllu. Árlegur kostnaður




vegna útkalla, endurmenntun o.fl. er áætlaður u.þ.b. 87 millj. kr. á landinu öllu.

Sambandið bendir á að kostnaður vegna slysatryggingar slökkviliðsmanna er mun hærrí en gert var ráð fyrir í kostnaðarmati umhverfísráðuneytisins vegna frumvarps til laga um brunavarnir sem lagt var fram á 133. löggjafarþingi. Samkvæmt nýju kostnaðarmati umhverfísráðuneytisins frá 24. mars sl. mun hækkun tjónakostnaðar nema 265% verði einungis vinnutímatjón bætt samkvæmt skaðabótalögum en önnur tjón bætt með óbreyttum hætti. Ekki liggur fyrir hver hækkun iðgjalda slysatrygginga slökkviliðsmanna verði en miðað við 265% hækkun tjónakostnaðar má ætla að sambærileg hækkun verði á iðgjöldum. Varlega áætlað mun kostnaður sveitarfélaga vegna breytingarinnar nema um 22 milljónum kr. á ári. Að auki ber sveitarfélagi að bæta tjón sem ekki fæst bætt úr váttryggingu en ekki liggur fyrir kostnaðarmat hvað það varðar.

Kostnaðaráhrif nýmælis í 9. gr. um öryggisúttektir hafa ekki verið metin. Ætla verður að hér sé um mjög umfangsmikið verkefni að ræða sem útheimtir mikla vinnu af hálfu slökkviliða. Sambandið leggst alfarið gegn því að að þetta verkefni verði lagaskylda fyrir sveitarfélögin án þess að fyrir liggja kostnaðarmat eða gengið verði tryggilega frá því að slökkvilið geti mætt þessum aukna kostnaði með sérstakri gjaldtökuheimild, sbr. breytingartillögu við 9. gr. frumvarpsins.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA


Guðjón Bragason
sviðsstjóri lögfræðisviðs

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/2201
komudagur 14.3.2008



Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. apríl 2008

Efni: Umsögn um stjórnarfrumvörp til skipulagslaga, heildarlög, 374. mál, um mannvirki, heildarlög, 375. mál, um breytingu á lögum um brunavarnir, nr. 75/2000, með síðari breytingum, flutningur verkefna Brunamálastofnunar o.fl., 376.mál.

Samtök atvinnulífsins, SART - Samtök atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði, Samtök iðnaðarins og SVP – Samtök verslunar og þjónustu telja að sú stefnumörkun sem í frumvörpunum felst sé til mikilla bóta. Mikilvægt er að skilja að hina pólitísku stefnumörkun sem felst í frumvarpi til skipulagslaga og faglega og tæknilega útfærslu sem er að finna í hinum frumvörpunum tveimur. Samtökin styðja því efni frumvarpanna í meginatriðum en gera athugasemdir við nokkur atriði sem mikilvægt er að breyta áður en frumvörpin verða að lögum.

Samtökin hafa tvisvar áður skilað umsögn um þessi frumvörp, fyrst til umhverfisráðuneytisins þann 7. september 2006 og svo til Alþingis þann 12. apríl 2007. Sérstakri ánægju er lýst með að tekið hefur verið tillit til verulegs hluta þeirra athugasemda sem í umsögnum samtakanna fólst.

Samorka – Samtök orku- og veitufyrirtækja munu skila sérstakri umsögn um frumvörpin og ofangreind samtök vilja taka undir þann hluta gagnrýni Samorku sem snýr að byggingarleyfisskyldu fráveitna, hitaveitna, vatnsveitna og fjarskiptalagna. Þetta ákvæði frumvarps um mannvirki (8. gr) mun augljóslega hafa í för með sér verulegan kostnað sem leggst á atvinnulíf og heimili landsins og leiða til þess að gjald fyrir heimtaugar getur hækkað um tugi prósentu. Ávinningurinn af þessum ráðahag er í besta falli óljós.

Einn megin kostur hinnar nýju Byggingarstofnunar er að þar verður að finna á einum stað þekkingu og faglega umfjöllun um öll svið byggingarmála. Mál tengd rafmagnsöryggi falla undir verksvið hinnar nýju stofnunar og er það mikilvægt.

Gerð er alvarleg athugasemd við að markaðseftirlit með rafþöngum verði klofið í tvennt. Í frumvarpi um mannvirki er gert ráð fyrir að eftirlit með rafþöngum sem tilheyra byggingum verði hjá Byggingarstofnun en eftirlit með neyslutækjum hjá Neytendastofu. Þannig yrðu, svo dæmi sé tekið, fasttengdar eldavélar háðar eftirliti Byggingarstofnunar en eldavélar með kló háðar eftirliti Neytendastofu. Þannig verða innflytjendur og framleiðendur undir tvöföldu eftirliti sem leiðir til óvissu og óryggis auk þess sem kostnaður verður meiri en ella og samræmist vart lögum og reglum um opinberar eftirlitsreglur.


innflytjendur og framleiðendur undir tvöföldu eftirliti sem leiðir til óvissu og óöryggis auk þess sem kostnaður verður meiri en ella og samræmist vart lögum og reglum um opinberar eftirlitsreglur.

Bent er á að Byggingarstofnun er falið að halda námskeið, prófa þekkingu, veita leyfi og hefur jafnframt vald til að svipta aðila leyfi. Lagt er til að hlutverk Byggingarstofnunar varðandi námskeið verði að sjá til þess að námskeið verði haldin og að skilgreina námskeiðsefni en að aðrir aðilar geti eftir atvikum haldið þessi námskeið og prófað þekkingu manna þótt veiting og svipting leyfa verði áfram í höndum stofnunarinnar. (20. gr. frv. um brunavarnir, 9.tl. 5. gr. frv um mannvirki).

Að lokum er hvatt til þess að gætt verði hófs við útgjöld stofnunarinnar og að gjöld sem heimilt verður að leggja á atvinnulíf verði ekki hærrí en kostnaður við þá þjónustu sem ætlunin er að veita. Mikilvægt er að lækkun gjalds fyrir rafmagnseftirlit gangi eftir eins og gert er ráð fyrir og kemur fram í umsögn fjármálaráðuneytis um frumvarp um mannvirki.

Virðingarfyllst,


Samtök atvinnulífsins




SART - Samtök atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði



Samtök iðnaðarins



SVP - Samtök verslunar og þjónustu





Alþingi
Erindi nr. Þ 135/2082
komudagur 9.4.2008 Selfossi, 7. apríl 2008
0710005SA ÞH

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Efni: Umsagnir SASS um þingmál nr. 374, 375 og 376

Á fundi stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, sem haldinn var 2. apríl sl., var tekið fyrir erindi frá Umhverfisstofnun Alþingis, dags. 26. febrúar 2008, þar sem óskað var umsagnar um frumvarp til skipulagslaga, 374. mál, heildarlög, frumvarp til laga um mannvirki, 375, mál, heildarlög og frumvarp til laga um brunavarnir, 376. mál, flutningur verkefna Brunamálastofnunar o.fl.

Eftirfarandi umsagnir voru samþykktar:

Frumvarp til skipulagslaga, 374. mál, heildarlög

Stjórn SASS er í meginatriðum samþykk efni frumvarpsins en gerir þó eftirfarandi athugasemdir:

Í 10. gr. er fjallað um Landsskipulagsáætlun sem umhverfisstofnun skal leggja fram í formi þingsályktunartillögu að afloknum hverjum alþingiskosningum og skal áætlunin vera til 12 ára. Skv. frumvarpinu skulu sveitarfélög endurskoða staðfest skipulag sitt í samræmi við landskipulagsáætlun. Með þessu virðist freklega vegið að sjálfsákvörðunarrétti sveitarfélaga. Stjórn SASS tekur undir sjónarmið sem komið hafa fram um að frekar skuli tala um Landsskipulagsstefnu en Landsskipulagsáætlun. Einnig sýnist brýnt að nánar sé skilgreint hvaða þátta Landsskipulagsstefnan skal taka til og hverra ekki.

Í 37. grein kemur fram að þegar um er að ræða breytingar á mannvirkjum sem varða útlit og form skuli leita beint til sveitarstjórnar en ekki til byggingarfulltrúa. Það er því lagt í hendur umsækjanda að átta sig á hvort senda beri umsókn til byggingarfulltrúa eða sveitarstjórnar eftir því hvort breytingin hefur áhrif á burðarþol eða ekki. Þetta sýnist bjóða upp á misskilning og spurning hvort ekki sé heppilegra að allar breytingar á mannvirkjum séu háðar byggingarleyfi en byggingarfulltrúa falið að meta hvort afla þurfi umsagnar sveitarstjórnar.

Frumvarp til laga um mannvirki, 375, mál, heildarlög.

Stjórn SASS gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

Að mati stjórnar SASS virðast sum ákvæði frumvarpsins ganga á svig við sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga og þannig í ósamræmi við ákvæði stjórnarskrár og Evrópusáttmála um sjálfsstjórn sveitarfélaga. Það á við um niðurlagningu byggingarnefnda sem gengur á svig þá meginreglu að hið formlega sjórnsýsluvald liggi ávallt hjá sveitarstjórn. Þá fær ný ríkisstofnun, Byggingarstofnun, heimildir til að hafa bein afskipti af stjórnarsýslu sveitarfélaga, sem einnig brýtur í bága við skýra verkaskiptinu ríkis og sveitarfélaga, sem ríki og sveitarfélög hafa verið sammála um að stefna beri að.

Í 8. gr. er kveðið á um að annað hvort byggingarfulltrúi eða Byggingarstofnun gefi út byggingarleyfi eftir eðli framkvæmda. Stjórn SASS telur óeðlilegt að Byggingarstofnun eigi að gefa út byggingarleyfi þar sem stofnunin skal hafa eftirlit með framkvæmd laganna. Þá er óskiljanlegt hvers vegna flutningskerfi raforku virðist eiga að vera undanþegið byggingarleyfi meðan önnur veitukerfi eru háð leyfi.


**Frumvarp til laga um brunavarnir, 376. mál, flutningur verkefna X
Brunamálastofnunar o.fl.**

Stjórn SASS er í meginatriðum samþykkt efni frumvarpsins sem er að mestu til komið vegna nýrra mannvirkjalaga en telur þó nokkur atriði þarfnast nánari skoðunar.

Í 8. gr. er lögð til sú breyting á 11. gr. núv. laga um brunavarnir að björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum með sérhæfðum búnaði skuli vera eitt af verkefnum slökkviliðs. Stjórn SASS fagnar því að skilgreint sé hver skuli sjá um björgun á fastklemmdu fólki en minnir á að nauðsynlegt er að fjármagn fylgi þessum málaflokki sem er ærið kostnaðarsamur bæði hvað varðar búnað og rekstur. Þá hafa björgunarsveitir víða komið sér upp búnaði og þekkingu við að bjarga fólki úr mannvirkjum og ekki sjálfgefið að þeim verkefnum sé betur komið hjá slökkviliðum.

Umsögnunum er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,
f.h. SASS


Þorvarður Hjaltason
framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 135/2250
komudagur 16.4.2008

Skipulags
stofnun 

2008020132
9140

Alþingi
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. apríl 2008

/--

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunavarnir, nr. 75/2000, með síðari breytingum, 376. mál.

Vísað er til erindis, dags. 26. febrúar sl., þar sem þess er óskað að Skipulagsstofnun veiti umsögn sína um framkomið frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunavarnir, nr. 75/2000, með síðari breytingum. Skipulagsstofnun gerir engar athugasemdir.


Þorvaldur Heiðar Þorsteinsson

Umhverfisnefnd Alþingis
150 Reykjavík

Grund, 16. maí 2008

Skorradalshreppur óskar að koma á framfæri eftirfarandi viðbót við lög um
brunavarnir vegna

frumvarps til laga um breytingar á lögum um brunavarnir nr. 75/2000 á þskj.
618, mál nr. 376:

1) Við 5. gr. laga nr. 75/2000 um verkefni *Brunamálastofnunar*, á eftir d. lið komi nýr
liður svohljóðandi:

„x. vera skipulagsyfirvöldum til ráðgjafar um eldvarnir í skóglendi“

2) Við 12. gr. laga nr. 75/2000 um *eldvarnaeftirlit sveitarfélaga*, á eftir a. lið komi nýr
liður svohljóðandi:


„x. hafa í samvinnu við skipulagsfulltrúa eftirlit með því að skipulags- og
skógræktaráætlanir fullnægi kröfum um eldvarnir í skóglendi“

Greinargerð:

Viða er skógur og/eða skógrækt hluti af skipulagðri landnotkun, sbr. það markmið
að í „hverju landshlutaverkefni skal stefnt að ræktun skóga á að minnsta kosti 5% af
flatarmáli láglandis neðan 400 m yfir sjávarmáli“ (lög 95/2006). Þá eru þjóðskógar á
vegum Skógræktar ríkisins víða að vaxa upp.

Jafnvel þótt talið sé að hætta á skógareldum sé lítil hér á landi er nauðsynlegt að að
tryggja að áætlanir um skógrækt taki til forvarna í þessu sambandi. Rétt er að benda á
að Almannavarnir líta á skógarelda sem „náttúruvá“. Eðlilegt er að það sé meðal
verkefna Brunamálastofnunar að vera skipulagsyfirvöldum til ráðgjafar um eldvarnir í
skóglendi og að það sé hluti af eldvarnaeftirliti sveitarfélaga að fylgja því eftir að
skógræktaráætlanir innan sveitarfélagsins fullnægi kröfum um eldvarnir.

Virðingarfyllst,


Davíð Pétursson, oddviti
Skorradalshrepps

SKORRADALSHREPPUR

Grund, Skorradal

311 Borgarnesi

Sími: 4370005, fax: 4370155

Netfang: grund@simnet.is

Alþingi
Erindi nr. P 135/1918
komudagur 28.3.2008



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Egilsstöðum, 26. 03. 2008

Varðar: Umsagnir Skógræktar ríkisins um nokkur þingmál.

Skógrækt ríkisins gerir ekki athugasemdir við eftirfarandi þingmál sem hún hefur fengið til umsagnar:

Frumvarp til skipulagslaga

Frumvarp til laga um mannvirki

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunavarnir, nr. 75/2000, með síðari breytingum

Frumvarp til laga um efni og efnablöndur

Tillaga til þingsályktunar um óháð áhættumat vegna Urriðafossvirkjunar, Holtavirkjunar og Hvammsvirkjunar í Þjórsá.

Virðingarfyllst

f.h. Skógræktar ríkisins

Þröstur Eysteinnsson

Sviðsstjóri Þjóðskóganna

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/2001
komudagur 3.4.2008



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

3. apr. 08

Slysavarnafélagið Landsbjörg gerir eftirfarandi athugasemdir til umhverfisnefndar við frumvarp til laga um brunavarnir.

Slysavarnafélagið Landsbjörg hefur verið leiðandi í rústabjörgun á Íslandi og hefur tekið virkan þátt í framþróun bæði hér á landi og erlendis. SL hefur frá upphafi verið aðili að INSARAG sem eru regnhlífasamtök alþjóða rústabjörgunarsveita sem starfa innan Sameinuðu þjóðanna.

Slysavarnafélagið Landsbjörg rekur í dag mjög öfluga alþjóðabjörgunarsveit sem var stofnuð 1999 með samkomulagi Slysavarnafélagsins Landsbjargar, Utanríkisráðuneytisins og Dómsmálaráðuneytisins. Alþjóðasveitin er á viðbragðslista Íslensku friðargæslunnar. Sveitin fór í sitt fyrsta útkall árið 1999 þegar að hún fór til Tyrklands í kjölfar jarðskjálftanna sem urðu þar en þá létust meira en 18 þúsund manns. Árið 2003 fór sveitin til Alsír í kjölfar jarðskjálfta þar og í byrjun árs 2004 var farið til Marokkó. Auk þess fóru fjórir félagar úr ÍA í sjúkraflog til Tælands í byrjun árs 2005 eftir flóðin í Indónesíu. Eftir hryðjuverkaárásirnar í Bandaríkjunum og fellibylinn Katrínu var sveitin sett í viðbragðstöðu.

Sveitin er aðallega byggð upp sem rústabjörgunarsveit og starfar samkvæmt þeim stöðlum sem samþykktir eru af INSARAG. Hún hefur aðsetur í húsnæði á Keflavíkurflugvelli og er grunnbúnaður hennar geymdur þar. Í sveitinni eru björgunarmenn sem hafa sérhæft sig í rústabjörgun, læknir, bráðataeknar, sérfræðingar í eiturefnum, fyrstuhjálpar- og fjarskiptamenn. Búnaður sveitarinnar vegur allt að 5 tonnum en það fer eftir þeim verkefnum sem sveitin er að fara í hverju sinni. Gert er ráð fyrir að sveitin geti starfað án utankomandi aðstoðar í 10-14 daga.

Björgunarsveitir um allt land hafa lagt mikið kapp í að vera sem best undir það búnað til bregðast við allskyns vá og er rústabjörgun stór þáttur í því. Fyrir nokkrum árum þá lét Slysavarnafélagið Landsbjörg framleiða sérstakar rústabjörgunarkerrur með þeim grunnbúnaði sem til þarf og dreifði þeim um landið til björgunarsveita.

Björgunarsveitin Ársæll og Hjálparsveit skáta í Kópavogi hafa undanfarin ár starfrækt rústabjörgunarhópa sem hafa verið máttastólpar íslensku alþjóðasveitarinnar. Þar hafa menn verið mjög framanlega í tæknilegri leit í rústum með myndavélum og hlustunartækjum sem eru þau einu sinnar tegundar hér á landi.



Á Austurlandi er rekin sameiginleg rústabjörgunarsveit björgunarsveita undir nafninu Rústabjörgunarsveit Austurlands. Markmið rústabjörgunarsveitarinnar á Austurlandi er að geta brugðist við ef til rústabjargana kæmi og fram hefur farið þjálfun og menntun á mannskap samkvæmt þeim staðli sem getið er um hér að ofan.

Á Dalvík er rekinn öflugur rústabjörgunarhópur af björgunarsveitinni á Dalvík og hefur hún undanfarin ár menntað og þjálfað sitt fólk og komið sér upp búnaði. Einnig hefur sveitin, ásamt rústabjörgunarsveit Austurlands, verið í samstarfi við rústasveitir í Eistlandi þar sem hún hefur sótt sér þekkingu og þjálfun.

Grunnþjálfun björgunarmanna

Grunnþjálfun björgunarsveitafólks í rústabjörgun er 20 klst. námskeið sem fjallar um alla helstu þætti rústabjörgunar. Námskeiðið er bæði bóklegt og verklegt og m.a. er fjallað um hvar og hvenær er líklegt að þurfa á rústabjörgun að halda, hættur og öryggisreglur í rústum, almenna leit, útbúnað, styrkingar og stífingar og fyrstu hjálp í rústum.

Fagnám

Fyrir þá sem vilja mennta sig frekar í rústabjörgun er boðið upp á 40 klst. fagnámskeið í rústabjörgun þar sem kafað er enn dýpra í efnið og þátttakendur búnir undir að geta tekið að sér stjórnunarhlutverk í rústabjörgun. Í þjálfunarbúðum Slysavarnafélagsins Landsbjargar á Gufuskálum hefur skólinn æfingaaðstöðu á heimsmælikvarða til að æfa björgun úr rústum og þröngum rýmum þar sem hundraðir björgunarsveitafólks hefur fengið þjálfun í leit og björgun við erfiðar aðstæður. Einnig stendur Björgunarskólinn reglulega fyrir sérnámskeiðum í ákveðnum greinum rústabjörgunar og leitar með erlendum leiðbeinendum auk námsferða erlendis. Leiðbeinendur skólans í rústabjörgun koma flestir úr Íslensku alþjóðasveitinni og hafa mikla þekkingu og reynslu í sínu fagi. Skólinn hefur gefið út bækur á sviði rústabjörgunar og stöðugt er unnið í frekari uppbyggingu námsins. Um 500 björgunarsveitarmenn hafa hlotið grunnþjálfun í rústabjörgun og um 40 hlotið frekari þjálfun í þessum efnum og geta talist til sérfræðinga í þessum efnum

Eins og komið hefur fram hér að ofan þá hafa björgunarsveitirnar sinnt þessu verkefni og teljum við þær fullfærar til að gera það áfram. Ef rústabjörgun verður sett í hendur slökkviliða er hætt á að sveitirnar hætti að sinna því verkefni en Slysavarnafélagið Landsbjörg telur að mikilvægt sé að viðhalda þeirri kunnáttu og reynslu sem er þegar til staðar í björgunarsveitunum. Ef snjóflóð fellur í byggð, stór jarðskjálfti verður á landinu eða aðrir þeir atburðir af slíkri stærðargráðu þarf mikinn mannskap með þekkingu og kunnáttu. Þann mannskap er að finna hjá björgunarsveitum. Félagið leggur því til að hið opinbera styrki frekar það starf sem fyrir er hjá björgunarsveitunum en þar er þekkingin og mannskapur til að takast við þau stóru áföll sem dunið geta á Íslandi.



Lagt er til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:


11. grein- Starfsemi slökkviliða

Við teljum að það eigi ekki að vera hlutverk slökkviliða að bjarga fastklemmdu fólki úr mannvirkjum, það teljum við vera hlutverk björgunarsveitanna og hafa þær sinnt því starfi og verið leiðandi um árabíl. Í ljósi reynslu björgunarsveitanna á þessum verkefnum og bolmagni þeirra til að sinna erfiðum aðgerðum hvar sem er á landinu leggur Slysavarnafélagið Landsbjörg því til að orðið mannvirki verði tekið út úr 11. grein frumvarpsins.

16. grein- Skyldur slökkviliðsstjóra.

Mikilvægt er að vettvangsstjórnun sé markviss og skýr. 16. grein frumvarpsins gerir ráð fyrir að slökkviliðsstjóri sé stjórnandi aðgerða í rústabjörgun og umferðaslysum þar sem klippur þarf til að bjarga fólki. Á vettvangi verða þá komnir tveir stjórnendur, vettvangsstjóri lögreglu og slökkviliðsstjóri. Það er tillaga félagsins að björgun fastklemmds fólks úr bílum verði hlutverk slökkviliða en stjórnun þeirrar vinnu lúti stjórnun vettvangsstjóra, þ.e. að þar fari heildarstjórnun fram.

Gunnar Stefánsson
Sviðstjóri Björgunarsviðs
Slysavarnafélagsins Landsbjargar



Alþingi
Erindi nr. P 135/3085
komudagur 8. 8. 2008

8. ágúst 2008

Alþingi umhverfisnefnd
Hildur Eva Sigurðardóttir nefndarritari
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um drög að breytingartillögum við frumvarp til laga um brunavarnir, 376. mál.

Vísað er til bréfs umhverfisnefndar Alþingis, dags. 4. júlí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins um drög að nefndaráliti og breytingartillögum við frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunavarnir, nr. 75/2000, með síðari breytingum sem var lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008, þskj. 618 – 376. mál.

Undirritaður hefur f.h. Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins gert eftirfarandi umsögn um drög að nefndaráliti og breytingartillögum við ofangreint frumvarp. Að áliti undirritaðs eru breytingartillögur nefndarinnar almennt mjög til bóta, þótt að mati undirritaðs sé ástæðulaust að gera þær breytingar á ákvæðum frumvarpsins um klippuvinnu sem nefndin leggur til. Mikilvægt er að skilgreina þessa ábyrgð í lög án þess að breyta núverandi verkaskiptingu.

Undirritaður tekur undir umfjöllun í nefndaráliti um 21. gr. brunavarnalaga í tengslum við svonefndan Hringrásarbruna. Staðreynd er, að Hæstiréttur hefur kveðið upp dóm sinn í málinu og það því endanlega til lykta leitt. Eftir stendur að leggja mat á það hvaða skilaboð felast í forsendum og niðurstöðu dómsins. Að mati undirritaðs er dómurinn fyrst og síðast skýr skilaboð um að þörf sé á að gera breytingar á lögum nr. 75/2000, um brunavarnir, í þá veru að tryggt sé að slökkviliði/sveitarstjórn sé haldið skaðlausri af brunatjónum sem og tjónum sem rekja megi til mengunaróhappa í skilningi laganna, en skylda þar um var lögfest með gildistöku laganna 1. janúar 2001. Því er lagt til að í lög nr. 75/2000, um brunavarnir, verði lögfest regla í anda þeirrar reglu sem fram kemur í 16. gr. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda, en samkvæmt henni þarf ekki að liggja fyrir saknæmt atferli heldur dugar að tjón hafi orðið þótt hvorki liggi að baki ásetningur né gáleysi, svokölluð hlutlæg ábyrgð.

Þessi breyting á lögum nr. 33/2004 er að hluta til gerð vegna strands flutningaskipsins Víkartinds 5. mars 1997. Í greinargerð með frumvarpinu, þskj. 164 – 162. mál á 130. löggjafarþingi, kemur skýrt fram að hver sá sem uppvís verður að því að valda mengun sjávar í mengunarlögsögu Íslands beri fulla ábyrgð á því tjóni sem mengunin veldur. Þetta ákvæði á einnig við um hafnarsvæði, en hafnarsvæði er umráðasvæði á sjó og landi sem hafnaryfirvöld á hverjum stað annast og skilgreint er í hafnalögum og hafnareglugerðum. Skilgreindur atvinnurekstur á hafnarsvæði fellur því undir svokallaða mengunarbótareglu (PPP-reglan), þ.e. ábyrgð án sakar að hámarki sem nemur 1 milljón SDR. Ef viðkomandi atvinnurekstur er staðsettur innan hafnarsvæðis er skylt að tryggja hann en ekki ef hann er staðsettur utan hafnarsvæðis.

Með lögfestingu hlutlægrar bótareglu er vissulega verið að setja viðtækar ábyrgðarskyldur á rekstraraðila. Slíkt er hins vegar óhjákvæmilegt til að tryggja það að sveitarstjórnir/slökkvilið þurfti ekki sjálft að bera kostnað, óháð því hvort atvinnureksturinn sé á hafnarsvæði eða utan þess, sem það verður fyrir vegna bruna og/eða mengunaróhappa og ekki fæst bætt úr tryggingum líkt og núgildandi löggjöf um brunavarnir gerir ráð fyrir. Svo ekki sé minnst á það að slökkviliðsstjórinn, sem hefur þá skyldu fyrst og síðast að tryggja velferð og öryggi almennings, má aldrei verða settur í þá stöðu að ákvarðanir um björgunaraðgerðir byggist á öðru en framangreindum sjónarmiðum.

Í þessu samhengi er vert að skoða 3. mgr. 21. gr. í lögum nr. 75/2000, um brunavarnir, en þar kemur eftirfarandi fram:

Fjártjón sem hlýst af ráðstöfunum skv. 2. mgr. telst brunatjón og skal bætt af viðkomandi vátryggingafélagi sé eign brunatryggð.

Mögulegt er að setja sömu umgjörð fyrir viðbúnað við mengunaróhöppum og er til staðar fyrir viðbúnað við eldsvoðum, með eftirfarandi breytingum á 3. mgr. 21. gr.:

Fjártjón sem hlýst af ráðstöfunum skv. 2. mgr. telst brunatjón eða mengunartjón og skal bætt af viðkomandi vátryggingafélagi sé eign brunatryggð eða atvinnustarfsemin tryggð fyrir bráðamengunartjóni.

Einnig yrði að skoða sérstaklega 2. mgr. 21. gr. sömu laga en þar segir m.a. orðrætt:

Þegar eldsvoða ber að höndum er hverjum manni skylt að leyfa aðgang að húsi sínu og lóð og una því að brotið verði niður og rutt burt því sem til fyrirstöðu er við slökkvistarf. Heimilt er að rífa niður byggingar ef slökkviliðsstjóri álitur það nauðsynlegt til að stöðva útbreiðslu elds. Slökkvilið hefur rétt til að nota öll tæki og áhöld sem til næst og að gagni mega koma við slökkvistarf þegar eldsvoða ber að höndum.

Hér væri mögulegt að gera eftirfarandi breytingar svo eitthvað sé nefnt:

Þegar eldsvoða eða mengunaróhapp ber að höndum er hverjum manni skylt að leyfa aðgang að húsi sínu og lóð og una því að brotið verði niður og rutt burt því sem til fyrirstöðu er við slökkvistarf. Heimilt er að rífa niður byggingar ef slökkviliðsstjóri álitur það nauðsynlegt til að stöðva útbreiðslu elds eða mengunar. Slökkvilið hefur rétt til að nota öll tæki og áhöld sem til næst og að gagni mega koma við slökkvistarf þegar eldsvoða eða mengunaróhapp ber að höndum.

Undirritaður ítrekar einnig hér með að eftirfarandi breytingar verði gerðar á frumvarpinu og leggur þunga áherslu á nauðsyn þess að slökkvilið fái m.a. lagaheimild til gjaldtöku vegna þátttöku í öryggisúttektum, sbr. frumvarp til laga um mannvirki, 375. mál með því að skýra og skerpa ábyrgð, úrræði og viðurlög slökkviliðsstjóra.

Um 2. gr. frumvarpsins

Í frumvarpinu er lagt til að á eftir 1. másl. 2. gr. laganna komi nýr málsliður, svohljóðandi: „*Lögin gilda enn fremur um björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum með sérhæfðum björgunarbúnaði.*“

Í drögum að breytingartillögum umhverfisnefndar er lagt til að orðin „*mannvirkjum og*“ falli brott. Forsendur fyrir tillögunni eru að nefndin álitur að björgun sem þessi sé í raun tvíþætt. „*Annars vegar* þegar tilfallandi aðstæður skapast, svo sem við umferðarslys þegar þarf að beita klippum til að komast að fólki en þessu hlutverki hafa slökkvilið sinnt. *Hins vegar* þegar um rústabjörgun er að ræða, til að mynda í kjölfar náttúruhamfara, svo sem snjóflóða, jarðskjálfta, skriðufalla o.fl. þar sem slysavarnafélög hafa gegnt veigamiklu hlutverki. Nefndin telur mikilvægt að greina hér á milli og að slökkvilið fái lagastoð fyrir þeim verkefnum sem þau hafa sinnt en slysavarnafélög sjái áfram um rústabjörgun.“

Þessi skipting nefndarinnar er varhugaverð og í raun hættuleg því ekki er um að ræða hrein skil á milli þessara verkþátta og ein af meginástæðum fyrir því að nágrannabjóðir okkar eru ekki með þennan aðskilnað. Það er langur vegur á milli umferðarslyss og náttúruhamfara, svo sem snjóflóða, jarðskjálfta og skriðufalla, a svo eitthvað sé nefnt, sem þarf að brúa og ekki ásættanlegt að skilja eftir slíka eyðu í lagasetningunni. Einnig vaknar upp sú spurning hvort ekki þurfi þá sérstaka lagastoð fyrir slysavarnafélögin með þeirri víðtæku ábyrgðarskyldu og kvöðum sem henni fylgja, s.s. hættu á málaferlum og skaðabótum. Slíkt fyrirkomulag væri í ósamræmi við núverandi fyrirkomulag laga.

Það er því óráðlegt að gera breytingar á ákvæðum frumvarpsins og ef þær verða gerðar er frekar lagt til að hætt verði við að fela slökkviliðum að beita klippum við umferðarslys og málaflokkurinn falinn einhverjum öðrum í heild sinni.

Mikilvægt er að skilgreina þessa ábyrgð í lög án þess að breyta núverandi verkaskiptingu, sem er alls ekki tilgangurinn með lagabreytingunni, þar sem slysavarnafélög hafa gegnt veigamiklu hlutverki og eiga að gegna því í framtíðinni en með skýra lagastoð hjá slökkviliðum sem hinum opinbera ábyrgðaraðila. Mjög gott fordæmi fyrir slíku er núverandi fyrirkomulag á milli slysavarnafélaga, slökkviliða og lögreglu, s.s. aðstoð við slökkvistarf og einnig við leit og björgun samkvæmt reglugerð nr. 289/300. Snýr jafnframt að 8. gr. og 11. gr.

Um 7. gr. frumvarpsins

Áður hefur verið bent á vankanta þess að eingöngu eigi að vera hægt að fela menntastofnun starfrækslu Brunamálaskólans. Tvennt mælir eindregið með því að heimilt verði að fela slökkviliðum þetta að hluta eða öllu leyti. Annarsvegar snýr þetta að kostnaði en þar er mörgu ósvarað. Hver verður kostnaður sveitarfélaga af menntun slökkviliðsmanna, beinn eða óbeinn? Staðsetning kennslu fjarri starfsstöðvum mun óhjákvæmilega kosta meira en í því felst einnig kostnaður vegna

vinnutaps hlutastarfandi slökkviliðsmanna. Slökkviliðum er skylt að lána tæki til kennslu í skólanum en hver ber kostnað af mönnun slíkra tækja sem oftar en ekki kalla á kunnáttu og reynslu í notkun þeirra? Almennt er einnig spurning um skólagjöld. Hinsvegar er kennsla í Brunamálaskólanum mjög sérhæfð og krefst jafnframt tækjabúnaðar sem er ekki til nema hjá slökkviliðunum. Reynolds og þekking á þörfum og starfsemi slökkviliðanna vegur einnig þungt er horft er til skipulags og uppbyggingar á náminu þótt faglegt eftirlit þurfi þó ávallt að vera til staðar hjá Byggingarstofnun. Vert er að minna á að samkvæmt 16. grein nágildandi laga er það slökkviliðsstjóra að sjá um fræðslu slökkviliðsmanna og þjálfun þeirra í brunavörnum og viðbrögðum við mengunaróhöppum og að haldnar séu reglubundnar æfingar slökkviliðs.

Verði heimilt að fela slökkviliðum starfrækslu skólans mun það bjóða upp á sveigjanleika í rekstri hans sem á að skila sparnaði og meiri gæðum í þeirri kennslu sem í boði verður. Í ljósi þessa er lagt til að orðin „eða slökkviliði“ komi á eftir orðinu „menntastofnun“ í 3. másl. 1. mgr. 9. gr. laganna.

Málsliðurinn verður þá í heild sinni á eftirfarandi máta.

„Byggingarstofnun er heimilt með samningi að fela menntastofnun eða slökkviliði starfrækslu Brunamálaskólans.“

Um 9. gr. frumvarpsins

Varðandi a-lið 1. mgr. 12. gr. laganna er nauðsynlegt að áskilja gjaldtöku slökkviliðs fyrir aðkomu að öryggis- og lokaúttektum. Byggingarfulltrúi tekur gjald fyrir sínar úttektir og er sérstaklega gert ráð fyrir því í frumvarpi til laga um mannvirki, þingskjal 617 – 375. mál, sem lá fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi. Einnig er gert ráð fyrir gjaldtöku byggingarstofnunar vegna útgáfu starfsleyfa og námskeiðahalds. Það verður að teljast óeðlilegt að stofnanir sem heyra undir sama ráðuneyti skuli ekki hafa sambærilegar heimildir til gjaldtöku vegna aðkomu að sömu hlutum í sínu eftirliti. Þetta er að nokkru spurning um hugmyndafræði; hvort sá gjaldi er valdi eða ekki. Eðlilegt er að samræmis gæti á milli aðila og að slökkviliðsstjóra sé einnig heimilt að taka gjald fyrir sínar úttektir.

Einnig virðist það vera skýr vilji löggjafans að fyrirkomulag lokaúttekta á nýbyggingum komist í betra horf og er það m.a. gert með nýjung sem er öryggisúttektir, sjá 34. gr. í frumvarpi til laga um mannvirki. Þar segir m.a. orðrétt:

„byggingarstjóri, fyrir hönd eiganda mannvirkis, skal óska eftir öryggisúttekt áður en það er tekið í notkun. Viðstaddir slíka úttekt skulu vera auk eftirlitsaðila og byggingarstjóra, fulltrúi slökkviliðs og þeir iðnmeistarar og hönnuðir sem þess óska eða eru til þess boðaðir af byggingarstjóra.“

Gangi það eftir mun þessum úttektum fjölga umtalsvert og því mjög brýnt að slökkviliðsstjóra verði tryggðar tekjur til að mæta þeim kostnaði sem þetta mun hafa í för með sér. Einnig hefur verið talið að slökkvilið geti innheimt gjald fyrir ítrekaðar heimsóknir vegna vanbúnaðar brunavarna, vegna umsagna við útgáfu leyfa og annars þess háttar. Hins vegar hefur þessi heimild ekki verið alls kostar skýr. Er því ekki vanþörf á að skýrt sé að slökkvilið hafi heimild til gjaldtöku fyrir úttektir þannig að það sé yfir allan vafa hafið, líkt og er með löggjöf á sviði heilbrigðiseftirlits og um útgáfu leyfa hjá lögreglu.

Lagt er til að við 12. gr. bætist ný málsgrein, sem verður þá 3. mgr., sem tekur á gjalddöku vegna útgáfu starfsleyfa, vottorða og fyrir aðkomu að öryggis- og lokaúttektum. Slíkt ákvæði gæti hljóðað á eftirfarandi hátt:

„Heimilt er sveitarfélögum að setja gjaldskrá og innheimta gjald fyrir útgáfu starfsleyfa, vottorða og fyrir aðkomu að öryggis- og lokaúttektum. Fjárhæð gjaldsins skal ekki vera hærri en nemur kostnaði við framkvæmdina. Gjöldum þessum fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi.“

Um 20. gr. nógildandi laga

Í frumvarpinu er ekki gerð tillaga um breytingar á þessari grein. Á síðustu misserum hefur í tengslum við þá vinnu slökkviliðs að hafa eftirlit með búsetu manna í atvinnuhúsnæði, sbr. c-lið 12. gr. laganna, orðið vart við skort á skýrum ákvæðum um heimildir slökkviliðs til myndatöku á vettvangi. Hefur slökkviliði verið meinað að taka myndir af flóttaleiðum og öðrum vanköntum á eldvörnum á þeim grundvelli að um búsetustað manna væri að ræða. Er þetta mjög bagalegt þar sem myndataka á vettvangi er afar mikilvægur þáttur í gagnaöflun slökkviliðs og góðrar stjórnsýslu, sbr. ákvæði stjórnsýslulaga um rannsóknarreglu. Sérstaklega er þetta veigamikilið í ljósi þess að slökkviliðsstjóra er skylt að kæra slík mál til lögreglu. Þar sem heimildir heilbrigðiseftirlits í þessum efnunum eru ótvíræðar sbr. 28. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, hefur í nokkrum tilvikum verið leitað aðstoðar heilbrigðiseftirlits við að taka myndir á vettvangi. Lagt er til að heimild slökkviliðs til myndatöku verði lögfest og þar með hafin yfir allan vafa, en hér er einnig vert að huga að nauðsyn þess að heimildir stofnana sem starfa á sviði sama ráðuneytis séu samræmdar. Er því lagt til að við ákvæði 1. mgr. 20. gr. bætist við eftirfarandi: *„til skoðunar og eftirlits, þar á meðal til myndatöku á öllum þeim stöðum“*. Til samræmis verði eftirfarandi orð tekin út: *„að atvinnuhúsnæði og öðrum vinnustöðum.“*

Mun 1. mgr. 20. gr. þannig hljóða í heild sinni með eftirfarandi hætti:

„Slökkviliðsstjóra og eftirlitsmönnum hans skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þar á meðal til myndatöku, á öllum þeim stöðum þar sem eftirlits er þörf samkvæmt lögum þessum.“

Um 29. gr. nógildandi laga

Í frumvarpinu er ekki gerð tillaga um breytingar á 29. gr. laganna. Í 2. mgr. 29. gr. laganna er eftirfarandi upptalning á því hvenær slökkviliðsstjóri getur beitt aðgerðum til að knýja fram úrbætur:

„Slökkviliðsstjóri getur beitt eftirfarandi aðgerðum til að knýja fram úrbætur vegna mannvirkis í notkun, starfsemi í því eða á lóðum og öðrum svæðum utan dyra þar sem eldhætta getur skapast, t.d. vegna starfsemi á svæðinu, söfnunar sorps og annars úrgangs eða geymslu eldfimra efna.“

Þessi upptalning gefur mjög skýrar leiðbeiningar en er einnig að vissu leyti hamlandi. Á þetta sérstaklega við varðandi framkvæmd slökkviliðs í tengslum við 61. gr. byggingareglugerðar nr. 441/1998 með síðari breytingum og lög um brunavarnir nr. 75/200 með síðari breytingum. Má þar m.a. nefna yfirgefin hús og önnur atvik þar sem ekki er hægt að sanna að mannvirkið sé í notkun. Sönnunarbyrði slökkviliðsstjóra er mikil samkvæmt stjórnsýslulögum sem opinbers stjórnvalds. Þetta lagaákvæði verður að ná utan um það hlutverk sem slökkviliðsstjóra er ætlað og

má ekki vera hamlandi í því tilliti. Því eru lagðar fram eftirfarandi breytingar á 2. mgr. 29. gr.

Lagt er til að orðin „í notkun“ í 1. málsl. 2. mgr. 29. gr. falli brott og að í lok 1. málsl. 2. mgr. 29. gr. komi orðin „*eða ef brotin eru ákvæði samkvæmt lögum og reglugerðum um brunavarnir*“ til samræmis við 9. gr. fumvarpsins sem fjallar um breytingar á 12. gr. laganna og einnig að upptalningin setji ekki skorður á framkvæmd laganna. Einnig er lagt til að orðin „*útbætur eða*“ komi á eftir orðinu „fyrirskipa“ í 2. tl. 2. mgr. 29. gr. Því slökkviliðsstjóra ber ávallt í samræmi við góða stjórnarsýsluhætti að gæta meðalhófs við ákvörðunartöku. Í því felst, nánar tiltekið, að ekki skal nota harkalegri úrræði en efni standa til og því mikilvægt að hægt sé að velja á milli öryggisvakta og úrbóta í hverju tilviki fyrir sig.


Málgreinin yrði þá í heild sinni á eftirfarandi máta.

„Slökkviliðsstjóri getur beitt eftirfarandi aðgerðum til að knýja fram úrbætur vegna mannvirkis, starfsemi í því eða á lóðum og öðrum svæðum utan dyra þar sem eldhætta getur skapast, t.d. vegna starfsemi á svæðinu, söfnunar sorps og annars úrgangs eða geymslu eldfimra efna *eða ef brotin eru ákvæði samkvæmt lögum og reglugerðum um brunavarnir*.

1. veitt skriflega áminningu og tilhlýðilegan frest til úrbóta,
2. fyrirskipað *útbætur eða* öryggisvakt á kostnað eiganda eða forráðamanns og veitt skriflega áminningu og tilhlýðilegan frest til úrbóta,
3. bannað notkun mannvirkis að hluta eða að öllu leyti þar til úr hefur verið bætt og krafist lokunar.“

Samhliða ofangreindum breytingum er lagt til að 4. mgr. 29. gr. verði felld út með tilliti til ofangreindra breytinga á 2. mgr. 29. greinar. Æskilegt að færa þessa valdheimild frá sveitarfélögum til slökkviliðsstjóra þar sem sveitarfélög geta lent í þeirri stöðu að verða að fjalla um eigin fasteignir í þessu sambandi. Slíkt er óeðlilegt og eflaust óþægilegt fyrir þá er að þyrftu að koma og ekki góðir stjórnarsýsluhættir.

Virðingarfyllst,



Jón Viðar Matthíasson,
slökkviliðsstjóri.

Afrit: Kristbjörg Stephensen, borgarlögmaður.

UMSÖGN UM FRUMVARP TIL LAGA UM BREYTINGU Á LÖGUM UM BRUNAVARNIR

Mál nr. 376. Lagt fyrir Alþingi á 135.löggjafarþingi.

Sveitarfélagið Ölfuss hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunavarnir nr. 75/2000. Umsagnarfrestur er til 11. apríl n.k. Hér fara á eftir athugasemdir skipulags- og byggingarfulltrúa. Sveitarfélagið Ölfus áskilur sér rétt til að koma með ábendingar/athugasemdir á seinni stigum.

3. gr.

Liður b. Fagna því að komin er skilgreining hugtaksins mannvirki. Til er úrskurður um að hús sem ekki er varanlega skeytt við jörð þurfi ekki byggingarleyfi, s.s. garðhús og minni svefnskálar. Í lið b er rætt um jarðfastar framkvæmdir. Fram kemur í lið b, að til mannvirkja teljast einnig tímabundnar lausar byggingar sem ætlaðar eru til svefns eða daglegrar dvalar manna í fjóra mánuði eða lengur á sama stað..... Skoða þarf þá úrskurði sem til eru um mannvirki sem ekki eru varanlega skeytt við jörðu, þurfa ekki byggingarleyfi og eru þá ekki skráð.

7. gr.

Byggingarstofnun starfrækir Brunamálaskóla sem ætlaður er slökkviliðsmönnum, þ.m.t. slökkviliðsstjórum og eldvarnareftirlitsmönnum.

Gerð er athugasemd við þessa grein. Eftir að Brunamálstofnun er kominn inn í Byggingarstofnun sem einnig fer m.a. með máli byggingarfuiitrua, er gerð sú krafa að byggingarfulltrúar hafi einnig aðgengi að þessum skóla.

9. gr.

Í lögum um brunavarnir, nr. 75/2000 er a-liður orðaður svo (12. grein):

Hlutverk eldvarnaeftirlits sveitarfélaga er að:

a. hafa í samvinnu við byggingarfulltrúa eftirlit með því að nýbyggingar fullnægi kröfum samkvæmt lögum og reglugerðum um brunavarnir áður en notkun þeirra er heimiluð.

Frumvarpið gerir ráð fyrir breytingu:

a. framkvæma í samvinnu við byggingarfulltrúa öryggisúttekt og eftir atvikum lokaúttekt, sbr. lög um mannvirki, gefa umsagnir um brunavarnir við meðferð byggingarleyfisumsókna óski byggingarfulltrúi þess og hafa þannig eftirlit með því að nýbyggingar fullnægi kröfum samkvæmt lögum og reglugerðum um brunavarnir áður en notkun þeirra er heimiluð.

Umsögn:

Þetta er til bóta og ætti að einfalda og væntanlega flýta meðferð mála.

Byggingarfulltrúi óskar eftir álit eldvarnareftirlits í stað þess að ganga eftir að umsækjandi leiti sjálfur eftir henni.

Í lögum um brunavarnir, nr. 75/2000 er c-liður orðaður svo (12. grein):

Hlutverk eldvarnaeftirlits sveitarfélaga er að:

c. hafa, í samvinnu við byggingarfulltrúa, eftirlit með því hvort fólk tekur sér búsetu í atvinnuhúsnæði án þess að leyfi sveitarfélagsins samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hafi verið veitt fyrir breyttri notkun þess og grípa til viðeigandi þvingunarúrræða skv. VIII. kafla laga þessara og VI. kafla skipulags- og byggingarlaga ef þörf krefur. Ef ljóst þykir að hætta skapist af slíkri búsetu skal enn fremur kæra málið til lögreglu.

Frumvarpið gerir ráð fyrir breytingu:

c. hafa, í samvinnu við byggingarfulltrúa, eftirlit með því hvort fólk tekur sér búsetu í atvinnuhúsnæði án þess að byggingarleyfi samkvæmt lögum um mannvirki hafi verið veitt fyrir breyttri notkun þess og grípa til viðeigandi þvingunarúrræða skv. VIII. kafla laga þessara og X. kafla laga um mannvirki ef þörf krefur.

Umsögn:

Hér er breytt tilvísunum í lög, mannvirkjalög í stað skipulags- og byggingarlaga, sem væntanlega falla úr gildi verði löggin samþykkt samtímis. Einnig fellur brott kæra til lögreglu, þar sem viðurlög í brunavarnalögum og mannvirkjalögum (dagsektir m.fl.) þykja nægja.

F.h. skipulags-, byggingar- og umhverfisnefndar Ölfuss

Sigurður Jónsson, skipulags- og byggingarfulltrúi

Alþingi
Erindi nr. P 135/2251
komudagur 16.4. 2008



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24
IS-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 16. apríl 2008

Tilvisun: UST20080200204/tb


Alþingi - Umhverfisnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

**Efni: Frumvarp til laga um brunavarnir, 376. mál, flutningur verkefna
Brunamálastofnunar o.fl.**


Við er í bréf frá Umhverfisnefnd Alþingis, dags. 26. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um brunavarnir, 376. mál, flutningur verkefna Brunamálastofnunar o.fl.


Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við framangreint frumvarp.

Virðingarfyllt


Kristín Linda Árnadóttir
Förstjóri


Trausti Baldursson





Alþingi
Erindi nr. P 135/2081
komudagur 9.4.2008

Umhverfisnefnd Alþingis
Unnur Kristín Sveinbjarnardóttir,
nefndarritari
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 08. apríl 2008
Tilvísun: 2008020077/90.12
SE/BH
26.02.2008

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um brunavarnir nr. 75/2000, með síðari breytingum, 376. mál.

Með bréfi dags. 26.02.2008 er Vegagerðinni gefinn kostur á að gera athugasemdir við frumvarp til laga um breyting á lögum um brunavarnir nr. 75/2000 með síðari breytingum. Svo sem fram kemur í almennum athugasemdum með frumvarpinu er það samið í umhverfisráðuneytinu. Breytingar sem þar eru lagðar til lúta einkum að þeim skipulagsbreytingum sem lagðar eru til í samhliða breytingum á löggjöf um byggingarmálefni í frumvarpi til laga um mannvirki. Komið verður á fót sérstakri stofnun, Byggingastofnun, sem fara á með verkefni Brunamálastofnunar auk annarra byggingamálefna. Ennfremur eru með frumvarpinu lagðar til nokkrar breytingar til viðbótar sem æskilegt er talið að gerðar verði á lögum um brunavarnir í ljósi reynslunnar af framkvæmd þeirra.

Meðal þeirra breytinga sem lagðar eru til með frumvarpinu er breyting á skilgreiningu hugtaksins „mannvirki“ í lögum um brunavarnir. Með frumvarpinu er lagt til að hugtakið mannvirki verði skilgreint með sama hætti og gert er í frumvarpi til laga um mannvirki. Í athugasemd við þessa breytingu í frumvarpinu kemur fram að sá munur sé þó á að samgöngumannvirki teljast til mannvirkja samkvæmt lögum um brunavarnir en þau falla hins vegar utan gildissviðs laga um mannvirki. Í gildi sé reglugerð um brunavarnir í samgöngumannvirkjum sem sett var með stoð í lögum nr. 75/2000 um brunavarnir og gert sé ráð fyrir að hún haldi gildi sínu.

Í framkvæmd hafa samgöngumannvirki lotið sérstökum reglum samkvæmt ofangreindri reglugerð um brunavarnir í samgöngumannvirkjum. Nánar tiltekið hafa ákvæði reglugerðarinnar gilt um brunavarnir í jarðgöngum, vegskálum og yfirbyggingum þessháttar mannvirkja á þjóðvegakerfinu. Ákvæði reglugerðarinnar hafa ekki gilt um önnur samgöngumannvirki. Óumdeilt hefur t.d. verið að ekki er krafist brunahönnunar eða gerðar aðrar kröfur samkvæmt lögum um brunavarnir nema á grundvelli ofangreindrar reglugerðar, sem eingöngu gildir um tiltekin samgöngumannvirki. Ekki verður séð af texta frumvarpsins eða greinargerðar með því að ætlunin sé að stefna að neinum breytingum á beitingu laganna gagnvart samgöngumannvirkjum. Þvert á móti má ráða af ofangreindum ummælum í greinargerð að gert sé ráð fyrir því að sérstakar reglur um svokölluð samgöngumannvirki haldi áfram gildi sínu.

Rétt er að huga að því með hvaða hætti hugtakið mannvirki hefur verið skilið í eldri löggjöf. Í eldri skipulags- og byggingalöggjöf var lengi greint á milli bygginga annars vegar og annarra mannvirkja hins vegar. Þannig var í áðurgildandi byggingalögum nr. 54/1978 gerður greinarmunur á byggingum annars vegar og öðrum mannvirkjum hins vegar.

Samgöngumannvirki og ýmis veitumannvirki, önnur en varanlegar húsbyggingar, töldust til annarra mannvirkja en bygginga. Sérstök reglugerð, byggingareglugerð, gildi um byggingar en ekki önnur mannvirki. Svipuð aðgreining liggur til grundvallar núgildandi ákvæðum skipulags- og byggingalaga um skyldu til að sækja um byggingaleyfi. Slík skylda hefur ekki náð til samgöngumannvirkja að því frátöldu að göngubrýr í þéttbýli hafa lotið sérreglum hvað þetta varðar.


Í lögum um brunavarnir nr. 75/2000 með síðari breytingum er hugtakið mannvirki skilgreint með þessum hætti: „*Mannvirki*: Hvers konar byggingar, ofan jarðar eða neðan.“ Í ljósi framangreinds verður að telja þessa skilgreiningu mun þrengri en þá sem lögð er til í fyrirleggjandi frumvarpi til laga um breyting á lögum um brunavarnir. Undir hana falli fyrst og fremst húsbyggingar og slík mannvirki en ekki t.d. göngubrýr í þéttbýli. Ekki hefur verið litið svo á t.d. að brunahönnun þurfi vegna göngubrúa í þéttbýli. Lögum um brunavarnir hefur því aðeins verið beitt um hönnun og byggingu samgöngumannvirkja sem falla undir ofangreinda reglugerð um brunavarnir í samgöngumannvirkjum, þ.e. hönnun og byggingu jarðganga, vegskála og yfirbygginga á þjóðvegakerfinu.

Vegagerðin telur í ljósi framangreinds æskilegt að eftirfarandi breytingar verði gerðar á frumvarpinu til að stuðla að því að samræming milli laga um brunavarnir og fyrirhugaðra laga um mannvirki náist eins og að er stefnt en án þess að raskað sé núverandi framkvæmd laganna enda verður ekki séð að stefnt hafi verið að breytingum á framkvæmd laganna hvað varðar samgöngumannvirki.

Tillaga 1: Skilgreining á hugtakinu samgöngumannvirki.

Ekki er hægt að mæla gegn því að æskilegt er að samræmi sé milli skilgreiningar á hugtakinu mannvirki í lögum um mannvirki og lögum um brunavarnir. Hins vegar er eðlilegt að fullt samræmi sé ef á annað borð er ætlunin að samræma hugtakanotkun milli laganna og einnig að tryggja áframhaldandi samfellu í framkvæmdinni eins og hún er í dag. Ennfremur er ekki skýrt í frumvarpinu hvað átt er við með hugtakinu samgöngumannvirki. Það hugtak er hins vegar skilgreint í reglugerð um brunavarnir í samgöngumannvirkjum. Eðlilegra væri í stað þess að fella hugtakið óskilgreint undir mannvirkjahugtak laganna, að skilgreina það sjálfstætt í lögnum og með svipuðum hætti og gert er í reglugerð um brunavarnir í samgöngumannvirkjum. Þannig helst ótvírætt samfella í framkvæmdinni eftir gildistöku breytingarinnar með þeirri útvíkkun sem gerð er á hugtakinu mannvirki.

Í ljósi framangreinds eru lagðar til eftirfarandi breytingar á 3. gr. frumvarpsins:



Lögð er til eftirfarandi breyting á b.-lið: Orðin „samgöngumannvirki“ falli út.

Lagt er til að bætt verði við 3. gr. frumvarpsins nýjum lið, c. - lið, sem hljóði svo:

Hugtakið *samgöngumannvirki* verði skilgreint svo: Jarðgöng, vegskálar, yfirbyggingar og önnur sambærileg mannvirki á þjóðvegakerfinu.

Tillaga 2: Gildissvið laganna skilgreint til samræmis við gildissvið laga um mannvirki.


Í ljósi þess að stefnt er að samræmingu mannvirkjahugtaksins í lögum um brunavarnir og fyrirhuguðum lögum um mannvirki er rétt að huga að því að tryggja samfellu í framkvæmd með tilliti til gildissviðs laganna. Eins og áður er rakið hefur verið litið svo á að hönnun og bygging mannvirkja, sem falla utan frumvarps til laga um mannvirki, þ.e. vega, brúa, flugvalla o.fl., hafi ekki verið háð lögum um brunavarnir. Bygging göngubrúa í þéttbýli hefur einnig verið undanþegin þessum kröfum. Hins vegar hafa sérákvæði reglugerðar um brunavarnir í samgöngumannvirkjum, sem sett er á grundvelli laga um brunavarnir, gilt um jarðgöng, vegskála og yfirbyggingar á þjóðvegakerfinu. Er það vegna sérstaks eðlis þeirra og sérstakrar hættu sem skapast getur við eldsvoða í þeim. Það á hins vegar ekki við þegar um veg eða brú er að ræða, enda ekki verið gerð krafa um slíkt í framkvæmd.

Vegagerðin leggur til að gildissvið laga um mannvirki og laga um brunavarnir verði samræmt að því frátöldu að ákvæði laga um brunavarnir taki eftir sem áður til hönnunar og byggingar þeirra mannvirkja, sem sérstök ástæða er til, þ.e. byggingar jarðganga, vegskála, yfirbygginga og þessháttar mannvirkja á þjóðvegakerfinu. Undanþegin verði önnur vegamannvirki, brýr, þ.m.t. göngubrýr í þéttbýli, sem og önnur mannvirki sem undanþegin eru gildissviði laga um mannvirki eins og nánar greinir hér að neðan.

Með vísan til framangreinds er lagt til að við 2. gr. frumvarpsins bætist ný málsgrein svohljóðandi:


„Á eftir 1. mgr. 2. gr. laganna kemur ný málsgrein svohljóðandi:

Lög þessi gilda ekki um hafnir, varnargarða eða fyrirhleðslur, vegi, brýr, þ.m.t. göngubrýr í þéttbýli og flugvelli.“



Þess er farið á leit að tekið verði mið af framangreindum tillögum og sjónarmiðum við áframhaldandi meðferð frumvarps þessa. Að öðru leyti eru ekki gerðar athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,


Jón Rögnvaldsson, vegamálastjóri.

Alþingi
Nefndasvið
150 REYKJAVÍK
b.t. umhverfisnefnar


Reykjavík 11. apríl 2008

Tilvísun: 200802-01290.03.01

Umsögn um frumvarp um breytingar á lögum um brunavarnir nr. 75/2000

Óskað var eftir umsögn Vinnueftirlitsins með bréfi dags. 26. febrúar 2008. Vinnueftirlitið gerir engar athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst
f.h. Vinnueftirlitsins


Björn P. Rögnvaldsson
lögfræðingur

Alþingi
Erindi nr. P 135/2285
komudagur 18.4.2008



Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. apríl 2008.

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunavarnir.
Málsnúmer 376.**

Örkyjabandalagi Íslands (ÖBÍ) hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunavarnir, nr. 75/2000 með síðari breytingum.

Hér er fyrst og fremst verið að samræma brunavarnalög nýjum lögum um mannvirki, sem eru í frumvarpsformi fyrir yfirstandandi þingi.

Örkyjabandalag Íslands hefur ekki neinar athugasemdir fram að færa um frumvarpið aðrar en þær sem gerðar eru í umsögnum um frumvörp til laga um mannvirki og til skipulagslaga, þar sem minnt er á nauðsyn þess að flóttaleiðir séu aðgengilegar öllum. Þar krefst ÖBÍ verulegra breytinga á mörgum núverandi byggingum. Lyftur eru ónothæfar sem flóttaleið, eins og þær hafa verið byggðar. Erlendis eru til lyftur sem hægt er að nota sem flóttaleiðir en þá sérstaklega til þess byggðar og með réttu umhverfi, t.d. með eldhólfum framan við lyftudyr og viftu til að mynda undirþrýsting í lyftuhúsinu. Víða eru gluggar eða önnur op hátt yfir gólfleti talin sem flóttaleið. Mest áberandi galli í brunavörnum almennt er að brunavarnarkerfi eru nær undantekningarlaust hljóðmerki og gagnast því ekki heyraralausum né fólki með verulega heyrnarskerðingu.

Í drögunum sem kynnt voru á netinu sumarið 2007 var talað um „frágengi“, sem er nýyrði í þessu sambandi fyrir orðið flóttaleið og er afar mikilvægt.

Hingað til hefur ekki verið tekið tillit til allra í flóttaleiðum og má þar benda á að ef eldur kemur upp er stranglega bannað að nota lyftur. Lyftustokkar, eins og þeir eru útbúnir í dag draga til sín eld og magna upp, líkt og skorsteinn við arin. Oft er flóttaleiðin gegnum glugga eða önnur „göt“, en þau eru ekki alltaf aðgengileg öllum. Í flestum stórum opinberum byggingum hafa verið gerðar áætlanir til leysa þessi mál í neyðartilvikum, en þá ávallt með utanaðkomandi aðstoð, en ekki



möguleikum þeirra sem eru hreyfihamlaðir, blindir eða sjónskerti, að ekki sé talað um þá sem eru ehrynaskerti og heyra ekki í brunabjöllu.

Þetta er mikilvægt að leysa og þó flestir skilji „aðgengi“ á þann vega að það þýði komast að þarf jafnframt að vera hægt að fara frá, það er því miður ekki alltaf tryggt, sbr. það sem sagt er um lyftur og flóttaleiðir hér að framan.

Virðingarfyllt

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Guðmundur Magnússon', written over a horizontal line.

Guðmundur Magnússon,
formaður ferlinefndar ÖBÍ